

Barnaheimilið

Kostaboð

Mallory Harris skildi við mann sinn í kjölfar átakanlegs harmleiks, en er staðráðin í því að eignast fjölskyldu, jafnvel þó það þýði að hún verði einstæð móðir glasabarns.

Þegar Braden, fyrrverandi eiginmaður hennar, kemst á snoðir um fyrirætlan hennar býðst hann til þess að gefa sæði. Mallory er snortin, en treg. Hún þarf að reyna að slíta tengslin við Braden.

En hvernig getur hún hafnað boði eina mannsins sem hún hefur á ævinni elskað?

ISSN 1029-8169



9 771029 816002


♥ Rauða serían
Ástarsögur

raudaserian.is
facebook.com/raudaserian

2020
MAÍ

Kostaboð

Tara Taylor Quinn



Barnaheimilið

Kostaboð

Tara Taylor Quinn

MAÍ 2020 – ÁSTARSÖGUR

Kostabod

Tara Taylor Quinn


Ásútgáfan

Rauða ♥ *serían*

ISBN 978-9935-27-060-3

Bókin heitir á frummáli

The Baby Arrangement

Harlequin Special Edition

© 2019 TTQ Books LLC

ISBN-13: 978-1-335-57372-8

Öll réttindi áskilin þar með talinn réttur til endurútgáfu í heilu lagi eða að hluta til. Þetta rit er gefið út samkvæmt samningi við Harlequin Books SA.

Allar persónur þessa rits eru skáldsagnapersónur. Samlíking við raunverulegar persónur, lifandi eða látnar, er einskær tilviljun.

Rauða ♥ *serían*

Þýðandi: Viktoría Einarsdóttir

35: 2020

Útgefandi:

♥
Ásútgáfan

Sveighús 2, 112 Reykjavík

Rósa V. Guðmundsdóttir

Sími 660 6717

Prentað í Ásprent

ISBN 978-9935-27-108-2

1. kafli

Hún vildi ekki kvöldmat. Hún vildi fá stuðning hans við áform sín um að kaupa sér svolítið sæði.

Mallory Harris var spenntari en hún hafði verið lengi. Hún reyndi að róa sig meðan hún beið eftir Braden á fína veitingastaðnum sem hann hafði valið fyrir fund þeirra. Fundurinn var haldinn að hans ósk.

Hún horfði út um gluggann yfir höfnina og allt fólkið sem vappaði um á þilförum skemmtiferðaskips sem var nýlagst að bryggju. Svo virti hún fyrir sér bleikan himininn, sem sólin skreytti fagurlega áður en hún hyrfi og héldi sig til hlés til morguns.

Hún ákvað að panta sér glas af góðu víni. Braden myndi gera ráð fyrir að hún gerði það og ekki vildi hún að hann lyfti brúnum fyrr en hún hafði borið upp erindi sitt.

Það sakaði heldur ekki að fá ofurlítinn, fljótandi skammt af hugrekki þó að hún væri ekki vön að leita að styrk annars staðar en hjá sjálfri sér. Og stundum hjá Braden. Þó að þau fyrrverandi hjónin væru ekki náin lengur treysti hún enn dómgreind hans að flestu leyti varðandi það sem ekki tengdist tilfinningum.

Hann hafði haft ástæðu til að bjóða henni út að borða. Þó að þau snæddu saman nokkuð reglulega var það aldrei bara til þess að gæða sér á ljúffengum mat. Þau þurftu oft að ræða saman um ýmsa hluti og hittust þá yfir kvöldverði.

Hún afréð að velta því ekki fyrir sér hvers vegna Braden hefði kallað hana til fundar við sig í þetta sinn. Það þýddi ekki neitt. Það vissi hún af reynslunni. Eftir að þau skildu fyrir þremur árum og tóku upp vináttu í stað hjónalífs höfðu þau bæði fundið takt sem báðum fannst nokkuð þægilegur. Það áleit Mallory að minnsta kosti.

Enginn vissi í rauninni hvernig Braden leið hverju sinni og allra síst hann sjálfur. Braden var ekki í neinum tengslum við tilfinningar sínar.

Þetta var allt saman liðin tíð og ekki hennar vandamál lengur.

Líklega hugðist hann segja henni að hann væri að slá sér upp með einhverri. Ekki skildi hún af hverju honum fannst nauðsynlegt að tilkynna henni um hvert einasta skipti sem hann fór út með konu oftár en einu sinni. Þau voru skilin. Hún hafði engan rétt til þess að forvitnast um hans hagi.

Hana langaði heldur ekkert til þess.

Vínið kom og hún fékk sér sopa. Gott og vel, kannski þótti henni gott innst inni að hann skyldi segja sér frá samböndum sínum. Það var eins og hún væri einu stigi fyrir ofan konurnar sem hann sagði henni frá.

Hún hristi höfuðið og bægði þessum hugsunum frá sér.

Það var ekki heilsusamlegt að vilja fylgjast með einkamálum Bradens. Hún hafði tekið þann kost eftir vandlega íhugun og ráðgjöf að halda sig í hæfilegri fjarlægð frá honum. Ekki vildi hún eyða lífi sínu í tómarúmi og ófullnægðri þörf eða fara í felur í hvert sinn sem hún táraðist. Hún hafði lagt mjög hart að sér til að hætta að skammast sín fyrir að syrgja.

Braden hafði aldrei ætlast til þess að hún skammaðist sín. Það vissi hún vel. En hann hafði stífnaði upp og þagnað og jafnvel farið út í hvert sinn sem hún grét. Slíkt kallaði fram viðbrögð sem voru ekki endilega rétt. Skömm. Sektarkennd. Smán. Og fjöldinn allur af áþekktum orðum sem hún hafði heyrt á fundunum í sorgarsamtökunum.

Vínið gerði henni gott. Hún færir ekki að gráta þótt Braden teldi að hún hefði tapað glórunni. Hún myndi ekki einu sinni fara hjá sér. Hún varð að muna að þau voru skilin og hún hafði fullan rétt á því að gerast einstæð móðir. Fyrir sumar konur var það ekki einungis besta lausnin, heldur jafnvel eina lausnin sem í boði var.

Þegar gengilbeinan kom næst pantaði hún bjór handa Braden. Hún hafði komið of snemma af ásettu ráði til þess að enginn sæi þau ganga saman inn og héldi að þau væru hljón. Þegar þau hittu annað fólk var henni sama þótt þau ferðuðust saman, en þegar þau voru tvö ein hafði hún tilteknað reglur og mörk.

Þau töluðu aldrei um mörkin, en hann virti þau engu að síður. Hún kom alltaf á staðinn stundarfjórðungi of snemma og hann tíu mínútum síðar.

Nema annað þeirra sendi hinu skilaboð um að það kæmi of seint.

Vinátta þeirra var hávísindaleg að þessu leyti.

Hún óskaði þess að hann tæki þeirri ákvörðun hennar vel að vilja feta nýja slóð í lífinu og að hann sýndi henni vinsemd. Hún átti ekki annað eftir en að láta hann vita af fyrirætlun sinni. Rannsóknir höfðu þegar verið gerðar og hún farið í allar nauðsynlegar læknisskoðanir. Öll eyðublöð höfðu verið fyllt út og hún greitt alla reikningana.

Hún gat þetta án hans og myndi gera það.

Það var samt betra að hafa Braden með sér í liði.

Hún hafði skipt um föt eftir vinnu. Það var ekkert stórmál. Húsið hennar var bara fáeinum kílómetrum frá dagheimilinu og veitingastaðnum sem hann hafði valið. Braden tók bara eftir því þegar hann gekk yfir salinn til hennar hvað hún var glæsileg í svörtum, aðskornum buxum og þröngri, rjómagulri skyrtu. Hann hafði búist við gallabuxum og Boltabol. Hún vissi nefnilega ekki að þetta yrði fundur mikilla tíðinda, en ekki bara spjalls um daginn og veginn.

Hún mátti ekki vita að hann var enn hrifinn af henni.

Þau gátu rabbað saman hvenær sem vera skyldi. Þau unnu í sömu byggingunni, hann við fasteignasölu og eignastýringu á efstu hæðinni og hún á dagheimilinu sínu á jarðhæðinni. En þau

virtust hafa gert með sér einhvers konar þegjandi samkomulag um að gera það ekki.

Það var ástæðulaust að láta fólkið sem þau unnu með blaðra meira en nauðsyn krafði um hjónin sem höfðu skilið eftir að fimm ára gamalt barn þeirra lést.

Vorkunnsemin var erfið, jafnvel eftir öll þessi ár. Hann hafði engan hug á að ala á henni.

En nú var hann svangur og reiðubúinn og settist því í básinn, andspænis fyrrverandi konu sinni og pantaði sér stóra og safaríka steik. Hún fengi sér áreiðanlega salat.

Hann hafði aldrei verið mikill salatmaður.

Hann fékk sér gúlsopa af bjórnum sem hún hafði pantað handa honum, brosti til hennar og gladdist við að fá hlýlegt bros til baka. Ef til vill var hann að gera axarskaft með því að fikra sig enn fjær henni í lífinu, en eitthvað varð hann að gera. Annars myndu þau bara staðna og deyja.

Gengilbeinan kom með blokk í hendi til að taka við pöntunum þeirra. Án þess að líta á matseðilinn sögðu þau henni hvað þau vildu fá. Stúlkan þakkaði þeim fyrir, tók matseðlana og fór sína leið.

Hann varð að ljúka þessu af sem fyrst. Flutningurinn til Los Angeles var yfirvofandi. Mallory varð að fá að vita af honum.

Hann þurfti líka að gera henni skiljanlegt að hann hygðist hvorki selja bygginguna í San Díégó né breyta samkomulagi þeirra. Þau höfðu gert með sér samninginn áður en þau urðu hjón og hann yrði í gildi eins lengi og hún vildi. Boltinn, dagheimilið hennar vinsæla, yrði til húsa á sama stað þar til hún ákvæði annað.

Þau dreyptu á drykkjunum. Hann átti erfitt með að koma orðum að því sem hann vildi segja, enda þótt hann hefði margoft farið yfir það í huganum.

En hann varð að segja það sem honum lá á hjarta. Að hann væri að kaupa land norður af Los Angeles, hygðist reisa þar

skrifstofubyggingu, ekki ósvipaða þeirri sem þau störfuðu í núna, og myndi flytjast þangað til frambúðar.

–Ég fer að eignast barn.

Það var eins gott að hann hafði lagt björglasið frá sér. Annars hefði hann misst það á gólfíð.

Hann sat bara og gapti. Hann var svo hissa að hann kom ekki upp nokkru hljóði.

–Ég vildi bara að þú vissir það.

Hann góndi á hana.

–Ég vonaðist til þess að þú sýndir mér stuðning, en ef þú vilt sem minnst um þetta heyra eða vita skil ég það alveg.

Hann sat grafkyrr.

Þá stóð hún upp og lagði höndina á arminn á honum. –Fyrirgefðu, Bray. Mér datt ekki í hug að fréttirnar kæmu þér í svona mikið uppnám. Ég hefði átt að vera nærgætnari. En ég hef haldið aftur af okkur báðum og verið ófær um að lifa lífinu til fulls eftir að við misstum Tucker. Og ég er mjög spennt fyrir þessu. Ég varð að láta þig vita strax.

Það var notalegt að finna snertingu hennar.

–Sestu, sagði hann í bænarrómi.

Þegar hún fékk sér sæti að nýju dró hann andann djúpt.

–Fyrirgefðu, bætti hann við.

Hann hafði brotið óskráða reglu. Þau máttu ekki valda hvort öðru ónauðsynlegum óþægindum og ekki hlaða samræður sínar tilfinningum að ástæðulausu.

Hann gat svo sem kennt henni um þetta allt saman, en þau máttu segja hvort öðru allt sem þau vildu. Um það höfðu þau rætt á sínum tíma og orðið sammála. Fyrstu mánuðina eftir skilnaðinn höfði þau meira að segja bæði ítrekað það.

Þau gátu talað hvort við annað um allt sem þeim sýndist. Það hafði verið megininntak samtals þeirra í kringum skilnaðinn, sem farið hafði fram í mesta bróðerni.

Hann hristi höfuðið og fékk sér bjórsopa.

–Þú ert ófrísk, sagði hann og það var ekki eins ónotalegt að segja orðin upphátt og hann hafði óttast. En hver í veröldinni hafði barnað fyrrverandi konuna hans?

Orðin ómuðu í huga hans eins og óþægilegur taktur.

–Ekki enn.

Hún hallaði sér fram á borðið og hann vissi að hún var að reyna að róa hann. En hvernig mátti það vera að hún væri ekki ófrísk?

Hann varð alls hugar feginn.

–En hefurðu kynnst einhverjum sem þig langar til að eignast barn með?

Sannleikurinn var enn jafn óþægilegur. Hún ætlaði að eignast barn annars manns. Hún hugðist stofna fjölskyldu án hans.

Þá rann upp fyrir honum ljós.

Hún var að skipta um kúrs í lífinu.

Það voru góðar fréttir.

Mjög góðar.

Einmitt þær fréttir sem hann hafði langað til að heyra.

Samt brosti hann ekki.

Mallory hafði fundið einhvern annan til að gæta sín. Hún var loksins búin að jafna sig eftir atburði fortíðarinnar og tilbúin að byrja upp á nýtt.

Hann var frjálfs.

2. kafli

Braden fengi hálsríg ef hann héldi áfram að kinka kolla.

Hann hafði sopið nokkrum sinnum á bjórnum og sýnt ýmis svipbrigði. Mallory ætlaði ekki að kvelja sig með því að reyna að túlka þau eða gera of mikið úr örvæntingunni sem hún sá bregða fyrir þar.

Braden leyfði sér ekki að örvænta og honum leið ekki vel innan um fólk sem gerði það. Ef til vill skildi hann ekki tilfinninguna, að minnsta kosti ekki á sama hátt og hún.

Ástinni hafði hann þó kynnst. Hann hafði dáð drenginn þeirra. Enginn sem hafði séð hann halda á syni sínum velktist í vafa um það.

Hún fékk kökk í hálsinn og tár í augun. Til að reyna að slaka á saup hún á víninu. Hún ætlaði ekki að fá það á tilfinninguna fyrir framan manninn sinn fyrirverandi að hún væri ekki fær í flestan sjó. Það þýddi að hún mátti ekki gráta að honum ásjáandi.

Það hafði verið óskráð regla allt frá því að þau ákváðu að vera vinir eftir skilnaðinn.

Besta leiðin til að verjast tárum fólst í því að hugsa um eitt-hvað skemmtilegt.

Hann var í fötum og litum sem fóru honum einkar vel. Dökkgráum jakkafötum, gráröndótttri skyrtu og með dumbrautt bindi. Þessi hávaxni, bláeygi maður með dökka, þykka hárið var einn sá kynþokkafyllsti sem hún hafði séð.

–Nei, ég hef engum kynnst, svaraði hún eftir þögn sem orðin var fulllöng. –Ég hefði sagt þér það. Það veistu.

Sumt treystu þau á varðandi hvort annað. Eitt af því var að segja frá því ef nýr maður eða kona var í spilinu.

Braden gerði það alltaf. Samböndin höfðu samt aldrei orðið langvarandi eða alvarleg. Hann fór á stefnumót og síðan rann allt smám saman út í sandinn.

Hann hleypti brúnum. –Þá skil ég ekki hvað þú ert að fara.

–Ég ætla að fara í tæknifrjóvgun, sagði hún.

Áður en hann fengi tækifæri til að segja sína skoðun hóf hún að flytja ræðuna sem hún hafði æft í rúminu kvöldið áður og einnig í bílnum á leiðinni á veitingastaðinn.

–Með framförum í rannsóknum og tækni og breytingum á lífsstíl eru æ fleiri konur farnar að nota sæðisbanka til að eignast

börn. Það er meira að segja til skammstöfun fyrir okkur, EMFV, Einstæðar mæður af frjálsum vilja. Ég er búin að fara í allar rannsóknirnar og prófanirnar. Ég nota þjónustu læknastofu í Marie Cove. Þangað er fjörutíu og fimm mínútna akstur í suður-átt frá Los Angeles. Læknarnir eru sérfræðingar í frjósemi, en reka ekki sæðisbanka. Ég hitti eigandann, sem er kona, og kann mjög vel við hana. Hún hefur góða nærveru. Það getur þurft allt að sex tilraunir og ég er búin undir það, tilfinningalega og fjárhagslega.

Braden var gefinn fyrir staðreyndir og áþreifanleika, en ekki tilfinningar. Hún höfðaði til þess í ræðu sinni.

Hún álasaði honum ekki fyrir að vera tregur til að blanda tilfinningum í tilveru sína. Hún hafði hitt móður hans og systur margoft. Hún hafði ótal sinnum setið við hlið hans meðan þær töluðu við hann í síma og reyndu að fá hann til að taka afstöðu með þeim gegn einhverjum sem hafði komið illa fram við þær, hvort sem um var að ræða yfirlæti eða niðurlægjandi framkomu. Þar eð hann hafði á sínum tíma verið eini karlmaðurinn á heimilinu var hann fyrir löngu búinn að læra hvernig hann gat sneitt hjá allri dramatík til að komast að sannleikanum hverju sinni.

–Á níunda áratugnum fæddust rúmlega 30 þúsund börn með hjálp sæðisgjafa, hélt hún áfram. –Síðan hefur upplýsingum ekki verið safnað og ekki er til neinn gagnagrunnur. En með tilliti til þeirra mörgu læknastofa sem sinna svona aðgerðum og fjölda sjúklinga má gera ráð fyrir að börnin sem fæðst hafa á þennan hátt skipti hundruðum þúsunda.

Hún hafði farið fram úr rúminu um nóttina til að kanna þetta atriði fyrir ræðuna sína. Hún vildi nefnilega að hann yrði sáttur við val hennar. Jákvætt viðhorf hans skipti hana miklu.

Enn saup hann á bjórnum sínum og virti hana fyrir sér.

–Ég ætla að gera þetta hvort sem þú ert sáttur við það eða ekki, bætti hún við. –En stuðningur þinn væri mér mjög mikils virði.

Hún þagnaði andartak, fékk sér vinsopa og vonaði að maturinn yrði ekki borinn fram alveg strax. Maginn á henni var nefnilega í hnút.

–Hann skiptir mig miklu máli, en ég er búin að taka ákvörðun, sagði hún loks.

Hún var viss um að ákvörðunin væri rétt, en hafði ekki sagt neinum frá henni fyrr en nú, ekki einu sinni Tamöru. En hún var sannfærð um að vinkona hennar úr sorgarsamtökunum yrði ánægð fyrir hennar hönd. Þó að Braden þekkti hana lítið sem ekkert voru þær á margan hátt sálufélagar. Tamara hafði fjórum sinnum misst fóstur, þrisvar snemma á meðgöngunni en einu sinni þegar barnið var næstum fullburða.

Af svip hans varð ekkert ráðið. Hann horfði bara á hana.

Var hann að reyna að átta sig á þessu öllu saman? Reyna að botna í henni?

Hún horfði á hann á móti.

Braden hafði alltaf komið fram við hana af virðingu og skilningi, ekki síst þegar um var að ræða ákvarðanir sem snertu framtíð hennar. Oft hafði hann leitað ráða hjá henni varðandi eigin ákvarðanir og gerði enn.

Gengilbeinan kom við og spurði hvort bjóða mætti Braden annan bjór meðan verið væri að ljúka við að útbúa matinn. Braden kinkaði kalli. Vínglas Mallory var enn hálffullt.

–Segðu eitthvað, sagði hún þegar stúlkan var farin.

–Það er blik í augunum á þér sem ég hef ekki séð mjög lengi.

Þá brosti hún. –Ég hef fundið framtíð mína, sagði hún blíðlega.

En þá hristi hann höfuðið. Hún bjóst við því versta. Hún vildi fá stuðning hans og varð því að hlusta á áhyggjur hans. Hún hafði áhyggjur líka.

Hún undirbjó svörin meðan stúlkan færði honum ölið.

–Það er enginn hæðarleikur að vera einstæð móðir og þurfa

að vinna úti og ala upp barn um leið, Mallory. Við vorum oft örþreytt þegar við vorum tvö.

Þau horfðust í augu. Hún var með svárið á reiðum höndum.

–Ég ólst upp hjá einstæðri móður sem vann ekki bara úti og sinni mér, heldur opnaði hús sitt fyrir öðrum börnum. Börnum sem áttu erfitt.

Hann þekkti sögu hennar. Móðir hennar hafði verið lúxusgleðikona sem reyndi að halda barninu en skildi að lokum hvað lífernir hennar gerði því og gaf það því til ættleiðingar. Þá var Mallory þriggja ára. Hún mundi ekkert eftir konunni, sem hafði síðar dáið úr alnæmi. Hún mundi hins vegar eftir því að hafa þurft að fara í blóðprufu til að ganga úr skugga um að hún væri ekki HIV-jákvæð líka.

Þegar Mallory var skráð í kerfið var hún of gömul til að falla í flokk nýbura. Hins vegar höfðu hjón nokkur sóst eftir að ættleiða hana. Eftir að Mallory hafði búið hjá hjónunum í hartnær ár sem fósturdóttir þeirra meðan þau börðust fyrir ættleiðingunni fyrir dómstólum hafði frúin orðið þunguð og þau skipt um skoðun varðandi ættleiðinguna.

Hún mundi vel eftir þeim.

Svo hafði Sally komið til sögunnar. Sally var félagsráðgjafi og búsett í annarri sýslu. Hún hafði mál margra barna á sínum snærum, en var líka löggilt fósturmóðir í sýslunni þar sem Mallory bjó. Hún hafði tekið Mallory að sér og haft hana á heimilinu þar til hún fór í háskóla. Fjöldi barna kom og fór, en Mallory hafði verið eina varanlega fósturbarnið sem Sally tók að sér. Þær höfðu annast hin börnin saman og reynt að veita þeim ást og umhyggju meðan á dvöl þeirra stóð.

Mallory hafði alltaf notið þess að annast börn. Umhyggjan var henni í blóð borin. Hún var fædd til þess að vera móðir.

–Hefurðu talað um þetta við Sally? spurði Braden. Hann hafði hitt hana nokkrum sinnum, en nú var Sally sest í helgan stein,

flutt til Flórída og hafði loksins náð sér í eiginmann. Hann átti stóra fjölskyldu sem Sally tók að sér með jafn lítilli fyrirhöfn og börnin á sínum tíma.

–Ekki enn, en ég læt hana vita. Þú veist að hún mun hvetja mig til að ættleiða barn, frekar en að ganga með það, og þó að ætla mætti að ég vildi gjarnan taka þann kost eftir að hafa alist upp á góðu fósturheimili langar mig til þess að eignast barn sem er mitt eigið.

–Finndu þá mann til að eignast það með.

Hún hristi höfuðið.

–Þú ferð varla nokkurn tíma á stefnumót, Mal. Ég vonaði að náunginn sem þú hittir á þakkargjörðinni væri maður sem hent-
aði þér. Einstæði faðirinn.

–Víst hef ég farið á stefnumót, sagði hún. Síðan taldi hún upp þá fjóra menn sem hún hafði farið út með á undanförnum þremur árum. –Það var enginn neisti, Bray. Þú veist jafn vel og ég að töfrarnir eru miklir í fyrstu en endast ekki alltaf. Sjáðu okkur bara. Við lentum í harmleik. Þú breyttist og ég líka. Við fundum nýjar hliðar á okkur. Ég treysti ekki töfrunum í sambandi við ástina. Auk þess hefurðu sjálfur sagt að ég hafi breyst áður en við urðum fyrir harminum. Mér fannst skemmtilegra að vera mamma en eiginkona.

Það voru hans orð, ekki hennar, en hún var ekki viss um að þau væru úr lausu lofti gripin. Hún hafði notið þess að vera konan hans. En þegar hún varð móðir var eins og tómur hellir innra með henni hefði allt í einu fyllst.

–Þú vinnur á Boltanum í tólf tíma á dag.

Hún var stolt af dagheimilinu sínu. Fjöldi barna var á biðlista eftir að Mallory komst í fréttirnar sumarið áður. Þá hafði þar leit-
að til hennar og beðið hana um að hjálpa sér að finna barnið sitt, sem hafði verið rænt. Mallory hafði meira að segja hækkað dag-
vistunargjöldin, að tillögu Bradens, en það gildi einungis um nýja

skjólstæðinga. Hún hafði harðneitað að hækka gjöld þeirra sem fyrir voru.

—Ég ver tíma mínum í að sinna börnum, Bray. Og ég er með vel menntað og löggilt starfsfólk sem sérhæfir sig í þroska ungra barna.

Vissulega varði hún tólf tímum á dag á dagheimilinu og gekk börnunum í móðurstað á virkum dögum, ef svo mátti segja. Nú langaði hana til að gera það fyrir sitt eigið barn líka. Og hina tólf tímuna í sólarhringnum myndi hún sinna því eingöngu.

—Það verða engar eyður lengur, sagði hún.

Braden virtist vera að íhuga næstu orð sín. Í fyrsta sinn í langan tíma þótti henni miður hvernig komið var fyrir þeim. Hún þoldi ekki vináttuna sem hafði reist ósýnilegan og fullkomlega öruggan múr milli þeirra.

—Segðu mér nú hvað þú ert að hugsa, Braden.

Og vitaskuld færði gengilbeinan þeim matinn einmitt á því andartaki.

Hún hafði varla lyst á mat. En Braden tók vel til matar síns og hún gerði því sitt besta til að narta í salatið.

—Þú vildir að ég héldi áfram að lifa, sagði hún og lagði frá sér gaffalinn. Hana langaði ekki í meira. —Ég finn spennuna í þér sífellt betur, Bray. Þú þarft á því að halda að ég finni mér tilgang í lífinu.

—Það hef ég aldrei sagt.

—Þú þurftir þess ekki.

Hann þagði.

—Ég hef á réttu að standa, ekki satt? Þér finnst þú bera ábyrgð á óhamingju minni, sem þýðir að þú getur ekki haldið áfram að lifa fyrir en ég geri það.

Hann stakk upp í sig kjötbita. Hún reiddist því að hann skyldi ekki svara. En þó varð hún ekki eins reið og fyrir hálfu ári eða

svo. Þó að Braden svaraði ekki þýddi það ekki að hann hefði ekkert að segja.

–Vöggudauga er ekki hægt að sjá fyrir, sagði hún. –Og Tucker hefði dáið þótt við hefðum verið heima.

Það höfðu læknarnir sagt og ráðgjafarnir líka. Hún trúði því ekki að öllu leyti. Ef hún hefði verið heima og Braden ekki talið hana á að skilja son þeirra eftir í umsjá barnfóstru svo að þau gætu notið lífsins bara tvö eina kvöldstund hefði hún ef til vill heyrnt breytingu á öndun hans í gegnum barnatalstöðina. Kannski hefði hún komist til hans í tæka tíð.

Ekki vissi hún hvað hún hefði tekið til bragðs. En hún hefði að minnsta kosti fengið tækifæri til að blása honum lífsanda í brjóst og halda á honum.

Hún saup á víninu. Eftir fjögurra ára ráðgjöf og bataferli var enn ótrúlega auðvelt að hrökkva í gamla farið.

–Ef þú tryðir því í raun að við hefðum ekki gert neitt rangt með því að fara að heiman þetta kvöld hefðirðu verið fær um að stunda kynlíf með mér næstu mánuðina á eftir, sagði hann.

Hann sagði þetta blíðlega og hún vissi að hann hafði ekki haft í hyggju að stuða hana. Hún hallaði sér aftur í stólnum og reyndi að hafa hemil á tilfinningum sem vildu ekki fara.

Hendur hennar skulfu.

Hún hafði verið ófær um að stunda kynlíf með honum eftir þetta, meira að segja þegar mesti harmurinn var liðinn hjá. Það hafði verið síðasti naglinn í líkkistu hjónabandsins þeirra.

Ástarleikur þeirra nóttina sem Tucker dó hafði verið stórkostlegur. Hún hafði meira að segja viðurkennt síðar að það hefði verið góð hugmynd hjá Braden að krefjast þess að þau tækju sér frí frá umönnun barnsins eina kvöldstund. Hún hafði saknað hans ákaflega. Hún hafði næstum verið búin að gleyma því hvað hann gat látið henni líða undursamlega þegar þau nutu ásta.

–Ég er með sektarkennd yfir því að hafa verið svo upptekin af þér að ég gleymdi honum meira og minna þennan tíma sem við vorum saman. Ég fékk bestu fullnægingu ævinnar meðan hann gaf upp öndina.

Hún táraðist og vissi að hún hafði gengið of langt.

–Fólk á ekki að hugsa um börnin sín í miðjum samförum, Mal. Eða vera kynæst og hugsa um þau á sama tíma. Þetta er ábyggilega skipulagt af himnaföðurnum. Eins konar ventill sem er innbyggður í okkur og sér til þess að samband foreldra og barns verður heilagt, sama hvað á gengur.

Hún starði á hann og trúði varla sínum eigin eyrum. Voru þau í alvöru að skiptast á þessum orðum?

Núna? Eftir allan þennan tíma?

–Áhyggjur mínar núna tengjast mér ekki að neinu leyti, bætti hann við og kom þeim aftur á réttan kjöl í samræðunum.

Hún hallaði sér aftur og var orðin rólegri. –Ég vil gjarnan heyra þær, sagði hún hreinskilnislega.

Hann skar bita af steikinni og stakk honum upp í sig. Hún lét sér að smábrauðinu sínu á meðan.

–Ég hef áhyggjur af því að þú verðir ein og þurfir að kljást við allt það sem gæti mögulega farið úr skorðum.

–Heldurðu að ég sé ekki nógu sterk til að kljást við lífið og tilveruna ein míns liðs?

Þetta var nýtt fyrir henni. Hún hafði alist upp á fósturheimili og annast fósturbörn. Hún vissi heilmikið um allt sem gat farið úrskaiðis.

–Jú, það ertu. En þú ert móðir af lífi og sál, Mal, og það mun-aði litlu að þú færir yfir um þegar Tucker dó. Ég skil að þér finnist þú þurfa að eignast annað barn, en ertu viss um að þú sért tilbúin? Og tilbúin að ala það upp ein?

Hún hristi höfuðið. –Ekkert svona, Braden. Ekki nema þú viljir að ég eigi mér aldrei neitt líf framar. Það eru alltaf óvissu-

þættir. Ég ætla að fást við vandamálin um leið og þau koma upp. Þannig er lífið.

Hann lagði frá sér gaffalinn og horfði beint í augun á henni. –Þú hefur aldeilis lagt þetta niður fyrir þér.

–Í marga mánuði. Manstu í nóvember, þegar Tamara vísaði manni til mín sem hafði allt í einu eignast litla systur? Mamma hans dó af barnsförum í fangelsi og allt í einu var hann forráðamaður ungbarns. Hann vissi ekki einu sinni að mamma sín hefði verið ófrísk.

Svona hafði hún æft sig í að segja honum frá því hvers vegna hún hafði ákveðið að eignast glasabarn.

Þetta gat Braden nefnilega skilið.

Hann kinkaði kalli. –Ég bjóst hálf í hvoru við því að þið færuð saman út.

–Tamara reyndi að koma okkur saman, en ég vissi allan tímann að hún var skotin í honum.

Vinkona hennar hafði á hinn bóginn ekki getað haldið á ungbarni, hvað þá meira, sem hafði reynst þarinn erfitt og var það stundum enn. En þau unnu að því í sameiningu að leysa vandann. Og Mallory var ekki í minnsta vafa um að Tamara unni litlu telpunni. Mallory sá það þegar Tamara kom að sækja litlu Diamond Rose á dagheimilið eftir vinnu, stundum ásamt Flint sínum.

–Ég hef lært heilmikið af því að verða vitni að hugrekki hennar og hvernig hún barðist við erfiðleikana til að sigrast á þeim og verða hamingjusöm. Um leið gerði hún fólkið í kringum sig hamingjusamt. Ég verð að gera þetta, Braden. Ég get ekki látið fortíðina koma í veg fyrir að ég eigi framtíð.

Þess vegna hafði hún fallist á að verja síðustu jólum á skútu með nokkrum gömlum vinkonum úr háskólanum en ekki Braden eins og venulega. Hann hafði farið heim til Norður-Karólínu til að vera hjá móður sinni og systur, en reynt að fá hana með sér

allt fram á síðustu stund. Hann hafði haft áhyggjur af því að hún verði jólunum ein.

Þetta höfðu ekki verið bestu jólin hennar, en ágæt samt.

–Allt í lagi, sagði hann, lagði hendurnar á borðið, leit á hana og losaði um bindið. Svo gaf hann stúlkunni merki um að koma með reikninginn.

–Allt í lagi hvað?

–Þú gerir þetta.

Hún brosti. –Og hef ég stuðning þinn?

–Auðvitað. Ég sagði þér daginn sem við skildum að hann myndirðu alltaf hafa. Hann var ekki bundinn neinum skilyrðum, Mal.

Augu hennar fylltust af tárur. –Þakka þér fyrir.

Svo stóð hún upp og skildi hann eftir með greiðslukortið í hendinni.

Hún vissi nefnilega að þannig vildi hann hafa það.

3. kafli

Ja, hver röndóttur, Mallory ætlaði að eignast barn.

Braden gat ekki um annað hugsað þar sem hann vappaði um nakinn í eldhúsinu heima hjá sér klukkan eitt um nóttina. Hann bjó í íbúð í glæsilegu háhýsi við ströndina, skammt frá höfninni.

Hann hafði farið beint á skrifstofuna eftir kvöldverðinn til að skoða tölur sem höfðu verið að berast síðustu daga varðandi fasteignina sem hann hafði augastað á fyrir norðan Los Angeles. Hann hafði boðið í hana sem verktaki og fór yfir hvern lið tilboðsins lið fyrir lið. Hann ætlaði líka að hringja í arkitektinn sinn, þann sama og hafði teiknað bygginguna þar sem Braden-fasteignafélagið hafði verið til húsa frá byrjun. Ýmsu þurfti að breyta til að það hæfði fasteigninni í Los Angeles, en í aðalatriðum voru teikningarnar þær sömu.

Heiti fyrirtækisins yrði líka óbreytt. Sú var tíðin að hann hafði séð fyrir sér skilti þar sem á stóð: Braden og sonur, fasteignafélag.

Sú var tíðin.

Hann hafði ekki sagt Mallory frá flutningunum og ekki einu sinni gert sér grein fyrir því að hann hefði látið það ógert fyrir en hann hafði greitt reikninginn og var kominn út á bílaplanið.

Ja, hver röndóttur. Mallory ætlar að eignast barn. Alein.

Hann hafði verið viðbúinn nýjum kærasta. Alvarlegu sambandi sem að lokum yrði að hjónabandi. Þá hefði framtíð hennar breyst mjög. Þá hefði hann búið sig undir það að hún eignaðist nýja fjölskyldu og að dæmið gengi upp hjá henni í það skiptið.

Hún var orðin þrjátíu og þriggja ára og stutt í að hún færi af besta barneignaraldri. Hún hafði ekki minnst á það við kvöldverðarborðið, en Braden var viss um að hún hafði haft það í huga. Hún var sprenglærð í þroskaferli barna og trúði því stöðugt að hún hefði bestu möguleikana til þess að eignast heilbriggt og hraust barn ef hún gerði það fyrir þrjátíu og fimm ára aldur. Áður fyrr hafði hún vonast til þess að hafa eignast að minnsta kosti tvö börn áður en hún yrði hálfertug.

Draumur hennar hafði verið sá að verða fjögurra barna móðir. Ekki þriggja. Henni var illa við oddatölur og vildi ekki fjölskyldu þar sem hætta var á að einhver yrði útundan.

Þegar hann var ungur, hrokafullur og sjálfumglaður hafði hann bent henni á að nú á dögum biðu margar konur með barneignir þangað til þær væru komnar yfir fertugt. Þetta hafði hann sagt í hvert sinn sem hún minntist á „lífsklukkuna“ og reyndi með því að draga úr spennunni sem hún hafði fært inn í hjónabandið eftir að hafa verið á pillunni í þrjú ár. Þau höfðu verið upptekin við að stofna fyrirtækin sín og reka þau. Bæði vildu bíða með barneignir þangað til fjárhagslegu öryggi hefði verið náð.

Kannski hefði það verið karlmannlegra að kljást við spenn-

una. Viðurkenna að tilfinningar hennar væru eðlilegar, setjast hjá henni og sýna henni skilning.

Sittu hjá henni.

Mallory hafði ekki verið sú eina sem leitaði sér ráðgjafar og aðstoðar eftir lát Tuckers.

Sittu hjá henni. Það hafði ráðgjafinn hans sagt að hann ætti að gera þegar sorg Mallorys varð svo yfirþyrmandi að hann varð að flýja.

Hann hafði ekki getað kippt þessu í liðinn. Ekki vitað hvernig hann gæti hjálpað henni. Hann hafði verið ráðalaus.

Hún hafði víst þurft á því að halda að hann sæti hjá henni. Væri til staðar meðan hún syrgði. *Vertu tilbúinn að taka þátt í sorg hennar.* Hvað sem það nú þýddi. Hann skildi orðin, en hafði aldrei áttað sig á hvernig fara ætti að.

Hann hafði heldur ekki áttað sig á næsta heilræði. *Leyfðu henni að taka þátt í þinni sorg.*

Fljótlega eftir það hafði hann sagt bless við ráðgjafann.

Í stað þess að fara aftur í rúmið ráfaði hann að skrifborðinu sínu, saup á mjólkinni sem hann hafði sótt sér og stóð fyrir framan tölvuna, sem var tengd vinnutölvunni hans.

En vinnan kallaði ekki á hann.

Það gerði sæðingin.

Fyrr um kvöldið hafði hann í nokkrar mínútur verið í félagskap hinnar gömlu Mal. Konunnar sem tók ekki harminn með sér hvert sem hún fór. Augun höfðu ljómað og honum fundist sem hann sæti hjá konunni sem hafði á sínum tíma heillað hann með fegurð sinni og góðri nærveru. Í eina sekúndu hafði hann verið ástfanginn af henni í annað sinn.

Eitt augnablik hafði hann gleymt því að hafa neitað henni um að kyssa barnið sitt góða nótt í síðasta sinn, skipta á því í síðasta sinn, baða það, gefa því að drekka, halda á því, vagga því í svefn. Allt þetta hafði barnfóstran gert.

Þegar þau komu heim morguninn eftir hafði dánardómstjórinn þegar verið á staðnum. Og næringin hans Tuckers lak úr brjóstunum á Mallory um allt hús.

Engu skipti hve oft hann hugsaði um þetta. Myndin var ævinlega sú sama.

Hann saup á mjólkinni.

Eitt andartak fyrr um kvöldið hafði Mallory virst vera að rísa úr öskustónni.

Hann gat ekki rænt hana því. Engu skipti þótt hann væri ofurlítið tortrygginn og efins. Það skipti heldur engu þótt hann teldi efasemdir sínar vera á rökum reistar.

Enn starði hann á tölvuna.

Ef hann ætlaði að styðja Mallory í þessu verkefni yrði hann að vita allar staðreyndir málsins.

Hann sótti sér nærbuxur og settist síðan við skrifborðið.

Klukkustund síðar var hann búinn að hringja í hana.

–Braden? Klukkan er tvö! Hvað er að?

–Þú nefndir aldrei hvenær þú færir í fyrstu meðferð. Mér datt í hug að kannski væri hún í fyrramálið. Mig langaði til að tala við þig áður en þú færir.

–Það er reyndar laugardagur á morgun. Ég á að koma eftir vinnu á mánudaginn, nema ég hafi ekki egglos.

Ekki svo langt undan, sem sagt.

–Það var ég, sem óskaði eftir fundinum okkar í kvöld. Hvenær ætlaðirðu að segja mér frá þessu?

Heyrðu, góði. Nú hljómarðu alls ekki eins og vingjarnlegur og stuðningsríkur fyrrverandi eiginmaður.

–Ég ætlaði að vera búin að því. En þegar þú hringdir á miðvikudaginn og baðst um að fá að hitta mig hugsaði ég með mér að föstudagskvöldið hentaði þá bara vel.

–Miðað við aðstæður, frjósemi þína, aldur og skínandi heilsu geri ég ráð fyrir að þú sért að hugsa um þá aðferð sem gefist

hefur best. Það er auðveldast og ódýrast að dæla sæði upp í leggöngin með sprautu, en glasafrjógvun skilar betri árangri. Ég tel að þú eigir að velja þann kost. Hann er áhyggjuminnstur.

–Ég er viðbúin því að meðferðin geti tekið marga mánuði, Braden, sagði hún.

Svo geispaði hún. Hann heyrði ekki betur en að hún hefði svolítið gaman af þessum samræðum þeirra.

Kannski vegna þess að klukkan var tvö að nóttu.

Hann fann fyrir löngun og þrá eitt andartak, en minnti sig síðan á við hverja hann var að tala. Mallory hafði ekki haft neinn áhuga á hlutverki eiginkonunnar eftir að hún varð móðir.

Hún hafði ekki fundið fyrir minnstu girnd í hans garð eftir að sonur þeirra dó.

Einn góðan veðurdag kæmi að því að hann sætti sig við það.

Nóttina örlagaríku hafði hann upplifað bestu kynmök ævinnar. Hann hafði ekki samviskubit yfir þeim.

–Hvað segirðu um að hittast um helgina? spurði hann.

–Allt í lagi, svaraði hún og geispaði aftur.

–Ég ætla út á bátnum á sunnudaginn. Viltu koma og renna fyrir fisk?

–Ég vil heldur liggja á þilfarinu og láta vorsólina gæla við mig.

Einmitt. Auðvitað. Þau höfðu margoft farið saman á sjó. Hún hafði aldrei veitt fisk og aðeins reynt það einu sinni eða tvisvar eftir að hafa látið undan þrýstingi frá honum.

Ef hún eignaðist strák, hver átti þá að kenna honum að veiða?

Ef hann þekkti Mallory rétt var hún áreiðanlega búin að finna hóp sem kenndi börnum stangveiði.

–Klukkan sjö? Er það of snemmt fyrir þig?

–Nei.

Þá gæfist þeim nægur tími til að ræða saman og hann gæti sagt henni frá fyrirætlun sinni um að flytjast til Los Angeles.

–Eigum við að hittast á bryggjunni? spurði hann.

–Já. En nú ætla ég að reyna að sofna aftur, Braden, Góða nótt.
Rétt áður en hún rauf sambandið heyrði hann að hún hló.

Í gammosíum, svörtum stuttermabol og íþróttaskóm og með dökka hárið bundið í tagl gekk Mallory um borð í fiskibátinn sem Braden hafði verið búinn að kaupa þegar þau kynntust fyrir átta árum. Hún hélt á plastskál með niðurskornum ávöxtum.

Hann hafði komið með kleinuhringi.

Þau hlógu þegar þau sáu matföngin. –Sumt breytist aldrei, sagði hún og hafði minni áhyggjur en ætla mætti af því að þurfa að verja dálitlu af frítíma sínum með eiginmanninum fyrrverandi.

Þau höfðu verið vinir í þrjú ár. Þau hlutu að þola nokkra klukkutíma saman úti á sjó. Það var ekki einu sinni víst að hann færi út fyrir hafnargarðinn.

Hann hafði komið fyrir sólstól handa henni á dekkinu, líklega þeim sama og hún hafði legið í áður fyrr.

Hún lagði handklæðið á stólinn meðan hann útbjó beituna. Því næst opnaði hún matardallana og lagði á eina þóftuna ásamt einnota diskunum, þurrkunum og göfflum sem hún hafði haft meðferðis.

Braden ræsti vélina, fékk sér mat á disk og sigldi aftur á bak frá bryggju. Í bátnum var lítil káeta og þegar hún tók eftir litla ferðamálinu sem lá við hliðina á honum við stýrið fór hún með það niður, fann þar nýlagað kaffi og hellti í málið.

Með kleinuhringi og ávexti á diskum fór hún í hettupeysu og kom sér fyrir á sólstólnum. Þegar sólin væri komin almennilega á loft yrði henni vel heitt. Þá færi hún úr peysunni og reyndi að verða svolítið brún.

Fyrr eða síðar myndi Braden vilja að þau spjölluðu saman. Líklega vildi hann ganga úr skugga um að hún vissi að hún væri

að gera rétt. Kannski ætlaði hann líka að segja henni að hann væri farinn að hitta einhverja konu.

Það var bara fint.

Hún myndi hlusta eins og ævinlega og styðja hann í hvívetna.

Þangað til ætlaði hún að slaka á og njóta lífsins.

–Geturðu komið hingað upp?

Mallory heyrði það sem Braden sagði þótt hún væri alveg að sofna undir hlýjum geislum morgunsólarinnar. Hún var ekki í skapi til að heyra um nýju kærustuna hans svo að hún tók sér stuttan frest til að ákveða hvort hún ætti að þykjast vera sofandi eða ekki.

Vél bátsins var ekki í gangi. Mallory hafði heyrt Braden vappa um, sækja stöngina sína og láta öngulinn síga. Hann sat áreiðanlega í stafni og fylgdist með skipaferðum í fjarska. Hún hafði alltaf haldið því fram að hann færi frekar á sjó til að slaka á en veiða fisk. Það taldi hún síður en svo slæmt.

Braden slakaði að jafnaði ekki nægilega vel á. Honum fannst hann stundum bera allar heimsins byrðar.

Svo hætti hún að hugsa um hann. Henni hitnaði við að sjá hann fyrir sér þar sem hann stóð í stafni og golan lék sér að hárinu á honum. Svona tilfinningar áttu að vera gufaðar upp fyrir löngu.

–Mal?

–Já, ég er að koma.

Hún hagræddi sólglerauginum um leið og hún opnaði augun. Þau höfðu bara verið á sjó í hálf tíma. Hún hefði fegin viljað hvílast lengur.

En ef til vill yrði hún brátt barnshafandi. Braden gæti kvænst aftur og ekkert gæti spillt góða skapinu hennar.

Hún gekk fram í stafninn, tyllti sér á handriðið og virti hann fyrir sér. Gallabuxurnar og íþróttaskórnir voru nýleg. Mosagræna

stuttermabolinn hafði hún oft þvegið áður fyrr. Vindur feykti hárinu á honum til en hann virtist ekki taka eftir því.

Það var eitthvað frjálstlegt við hann. Og kannski vottur af villi-mennsku.

Og herðabreiður var hann sem forðum.

–Þú sagðist vilja fá stuðning minn við þetta ævintýri þitt.

Ekki myndi hún kalla barnið „ævintýri“ en skildi vel af hverju hann gerði það. Það átti heldur ekki að skipta hana máli lengur hvaða orð hann notaði. Hún lét sér nægja að kinka kalli.

–Það eru nokkur atriði sem ég hef áhyggjur af og vil gjarnan nefna, bætti hann við.

Hann fengi ekki að spilla góða skapinu hennar og hún vissi vel að það ætlaði hann sér ekki að gera. Hann var að reyna að hjálpa henni. Hún gerði sér fulla grein fyrir því.

–Hver eru þau?

Hann leit á línuna sem lafði ofan af borðstokknum. –Eitt er nokkuð stórt, en ég er með ráðagerð sem getur leyst þann vanda.

Skalf röddin í Braden lítið eitt? Hjartað í henni herti á slættinum er hún virti sinn fyrrverandi fyrir sér. Þetta skipti hann máli.

Miklu máli.

Henni hlýnaði um hjartarætur.

–Hver er ráðagerðin?

Hann hleypti brúnum. –Ég vil gjarnan viðra áhyggjur mínar áður en ég kem að lausninni.

Ef þau hefðu enn verið gift hefði henni fundist hann vera að skamma hana. En hún gat ekki varist brosi. Hann var svo skemmtilega fyrirsjáanlegur. Allt þurfti að vera í röð og reglu. Allt varð að vera undir styrkri stjórn.

–Að sjálfsögðu.

–Ég hef áhyggjur af Y-litningnum, mælti hann og kom henni algerlega í opna skjöldu. Hún hafði búist við því að hann væri órólegur vegna þess að hún hugðist verða einstæð móðir. Að

hann myndi gera sér rellu út af því að ef hún eignaðist son ætti hann enga föðurmynd.

Og enginn færi með hann á sjó.

–Þú munt ekki vita ættarsögu föðursins, hélt hann áfram. –Samkvæmt gögnum frá Erfðarannsóknarstofnun eru til fjörutíu og átta þekktir erfðasjúkdómar sem barnið þitt gæti fengið. Þá eru ekki taldir með þeir sem geta orðið til þegar tiltekin gen eiga ekki saman. Ef það gerist eykst hættan á fósturláti.

Skap hennar var ekki alveg jafn gott og áður. Hún ætlaði samt ekki að leyfa honum að draga úr sér kjarkinn.

Hún ætlaði að gera þetta.

–Konur hafa eignast börn með hjálp sæðisgjafa í marga áratugi, sagði hún.

–Og sum börnin hafa verið fötluð.

–Það gerist líka hjá hjónum.

–En þegar vitað er hver Y-litningurinn er verða möguleikarnir meiri á að koma í veg fyrir það eða finna eitthvað athugasvert mjög snemma á meðgöngunni.

Hún hafði ekkert svar við þessu svo að hún leyfði honum bara að halda áfram.

–Þú hefur mátt þola svo margt, Mal. Ég er stórhreifinn af því sem þú ætlar að gera. Ég er himinlifandi yfir því að þú skulir vera að taka í taumana, stjórna lífi þínu á ný og skapa þér framtíð þar sem þú verður hamingjusöm.

„Himinlifandi“ var ekki orð sem hún tengdi alla jafna við Braden, að minnsta kosti ekki síðan Tucker dó. Áður fyrr hafði hún oft séð hann verða himinlifandi. En sjaldnar eftir að hún komst að því að hún var þunguð.

Hafði þungunin breytt honum? Að minnsta kosti að einhverju leyti? Hafði skilnaðurinn snúist um fleira en mismunandi aðferðir við að kljást við harmleiki lífsins sem að lokum hafði eytt tilfinningalega traustinu sem þau báru hvort til annars?

–Ég hef áhyggjur, Mal, sagði hann eftir langa þögn. –Mjög áhyggjufullur. Og því meira sem ég hugsa um þetta, því kvíðafyllri verð ég. Stundum er ég ekki viss um að ég geti veitt þér stuðning minn. Ekki þegar óvissuþættirnir eru svona stórir.

Þá myndi hún bara gera þetta ein. Hún hafði hvort eð er þegar ákveðið það. Og allt frá byrjun hafði hún vitað að hún ætti stuðning hans ekki vísan.

Samt fann hún hryggðina hellast yfir sig.

–Ég hef áhyggjur af því sem kann að gerast ef þú missir barn í annað sinn.

Í rödd hans var meiri samúð en hún hafði heyrt lengi.

–Það er aldrei nein trygging fyrir neinu, Braden. Barnið gæti orðið fyrir eldingu eða bíl. Málið er að ég ætla ekki að láta fortíðina ræna mig framtíðinni.

–En af hverju að storka örlögunum þegar þú átt val?

Ekki vissi hún hverju svara skyldi, en íhugaði orð hans þess í stað. Hún hafði beðið hann um álit. Stuðningur hans fólst ekki bara í því að jánka öllu sem hún sagði og gerði. Hún mat skoðanir hans mikils og vildi að hann segði þær hreinskilnislega.

–Þú þarft að hafa alla ættarsöguna, sagði hann. –Að minnsta kosti eins mikið af henni og mögulegt er. Þú þarft að fá að vita miklu meira en það sem sæðisbankinn segir þér. Þær upplýsingar verða bara almennar. Þú þarft að fá að vita hvort afi gjafans var kvíðasjúklingur eða hvort leti og aumingjaskapur eru einkenni á ættinni.

–Það var og. Hvað leggurðu þá til að ég geri, Bray? Á ég að auglýsa í dagblaðinu eftir sæði sem hefur ættarsögu?

–Auðvitað ekki.

–Hvað þá?

Í þeim svifum mundi hún að hann hafði sagst vera með lausn á vandamálinu hennar. Lausn sem eyddi kvíða hans.

–Leyfðu mér að gefa sæðið.

Kjölrák frá nálægu skemmtiferðaskipi skall á bátnum og Mallory hélt sér dauðahaldi í handriðið, svo fast að hnúarnir hvítuðu.

4. kafli

Hún hélt um handriðið og starði á hann með opinn munninn eins og hún héldi að hann hefði misst vitið.

Það hafði hann ekki gert.

Þvert á móti.

Hann varð að gera þetta. Hann langaði ekkert sérstaklega til þess. Þetta var allt of mikið vafstur.

En hann varð að gera það.

Mallory átti það inni hjá honum.

–Þú munt berjast við óttann við annan missi, sagði hann.

Eina leiðin fyrir hann til að komast í gegnum þetta var hlutlægni. Hún reyndist best við allar erfiðar aðstæður.

–Þú þarft að fá alla þá hughreystingu sem völ er á. Þegar þú gekkst með Tucker hafðirðu áhyggjur af því að vita ekki þína eigin ættarsögu. Mín saga hjálpaði þér að slá á þær áhyggjur.

Hún lokaði munninum en mændi enn á hann.

–Það er ekki sannað að vöggudauði tengist erfðum, en við vitum að það eru engin dæmi um hann í minni ætt.

Axlirnar á henni sigu og af henni var farinn allur gleðisvipur. Það hafði ekki verið markmið hans að gera hana raunamædda, en því miður varð útkoman oft sú þegar þau töluðu hreinskilnislega saman.

–Við vitum bæði að ekkert er öruggt, Mal, en genin mín eru heilbrigð og eins örugg og hægt er að ímynda sér.

Eftir lát Tuckers hafði hann látið gera á sér umfangsmikla erfðarannsókn, sem einnig náði til nánustu ættingja hans. Samkvæmt niðurstöðunum var enginn í ættinni með erfðasjúkdóm. Þau tíðindi hafði hann fært Mallory.

Það hafði verið afskaplega vanhugsað. Hún hafði túlkað upplýsingarnar hans þannig að hún ætti sök á dauða sonar þeirra.

–Við vitum líka að við hentum hvort öðru vel að því er frjóssemi snertir, bætti hann við.

Þau höfðu ekki reynt að eignast barn nema í nokkrar vikur þegar Tucker kom undir.

–Því fyrr sem barnið er getið, þeim mun afslappaðri verður sá hluti ferlisins, hélt hann áfram.

Hún drap tittlinga og var því áreiðanlega að hlusta á hann.

–Ef barnið sýkist eða slasast síðast meir og þarf á blóðgjöf að halda eða líffæragjöf verða báðir foreldrarnir hentugir gjafar.

Hún sleppti handriðinu og horfði út á hafið. Ætlaði hún að hafna boði hans.

–Við getum gengið frá þessu með hjálp lögfræðings, ef þú vilt. Þú verður eini forráðamaðurinn, eins og alltaf hefur staðið til af þinni hálfu. Ég hefði ekkert að segja um nokkurn skapaðan hlut og engin lagaleg réttindi fremur en nafnlaus sæðisgjafi. Þú myndir líka spara peninga, þar eð þú þyrftir ekki að borga fyrir sæðið.

Hún snerist á hæli og leit á hann. Af einhverjum ástæðum varð hjartslátturinn örari. Ekki vissi hann hvers vegna.

–Þú ert þó ekki að leggja til að við höfum samfarir? spurði hún. Hann áttaði sig ekki á því hvort hún var móðguð eða hneyksluð.

En hún hafði að minnsta kosti sagt eitthvað.

–Auðvitað ekki, svaraði hann að bragði.

Á honum virtist hvíla sú ævilanga bölvun að girnast fyrrverandi konu sína, en henni bauð við tilhugsuninni um að hafa við hann mök og þar með var sá möguleiki ekki fyrir hendi.

–Ég myndi skilja sæðið eftir á læknastofunni, en ekki taka neitt fyrir viðvikið af greiðasemi við þig.

Hún yrði að borga fyrir meðferðina, en ekki sæðið.

–Líkurnar á frjóvgun á rannsóknarstofu eru jafnvel meiri en með samræði, bætti hann við.

Mallory hristi höfuðið.

–Hvað?

–Gerirðu þér grein fyrir flækjunni sem verður til ef við gerum þetta?

Þessi kona gerði hann trylltan og fyllti hann ró á sama tíma þar sem hún sat í stafni í fáránlega litlum skóm.

Það var rétt af honum að hjálpa Mallory. Tucker hefði verið sama sinnis.

Að taka hana í fangið og bera hana niður í rúm var ekki valkostur.

Því var hann hálf í hvoru feginn. Kynlífi með Mallory fylgdu margs konar flækjur.

–Það er nú einmitt það besta við þetta allt saman, Mallory, sagði hann og horfði yfir borðstokkinn. Hér myndi hann ekki veiða eina einustu bröndu. Hann hafði nefnilega ekki beitt neinu.

Hann gat ekki hugsað sér að vera truflaður í miðri ræðu af sleipum, illa lyktandi en bragðgóðum fiski.

–Við erum að öllu leyti við stjórnvölinn, Mal, og hæfum hvort öðru fullkomlega. Við vörðum þremur árum í að skapa vináttusamband sem færði þér næga andlega ró til að geta tekist á við þetta verkefni. Það er næstum eins og við höfum ætlað okkur þetta alla tíð.

–Við lifum á yfirborðinu, sagði hún. –Það breytist með barninu. Tilfinningarnar líka. Ég er undir það búin. En þú?

Hún skildi auðheyrilega ekki hvað hann var að fara.

–Nei, það er nú einmitt málið, Mallory. Ég verð ekki tilfinningalega tengdur barninu. Ég held áfram að lifa mínu lífi og geri þér um leið kleift að lifa þínu í eins miklu öryggi og hugsast getur.

Hún hnyklaði brýnnar. –Heldurðu virkilega að þú getir orðið faðir án þess að bera nokkrar einustu tilfinningar til barnsins?

Vissulega yrðu tilfinningar til staðar, að minnsta kosti í fyrstu. Síðan myndi hann smám saman laga sig að aðstæðum.

–Já, ég lít bara á mig sem sæðisgjafa.

–Gjafarnir vita aldrei hvort sæðið þeirra er notað og þekkjja ekki konurnar sem þiggja það.

–Sumir, jú, svaraði hann. Hann hafði kannað málið á netinu. –Karlar gefa gjarnan lesbískum vinkonum sínum sæði. Konur ganga með börn fyrir hommapör. Ég las um mann sem gaf besta vini sínum sæði svo að hann og konan hans gætu eignast barn. Ég las líka um móður sem gekk með barn fyrir dóttur sína, sem var óbyrja.

–Við vorum hjón, Bray. Við áttum saman son. Við misstum barnið okkar. Heldurðu virkilega að þú getir eignast annað barn með mér og sagt svo bless?

–Já, svaraði hann hreinskilnislega. –Þegar ég verð tilbúinn að stofna fjölskyldu veit ég að mér er frjálst að gera það. Ég hitti konu, ástin blómstrar og við eignumst börn. En ég er ekki kominn á þann stað enn. Þú ert hins vegar reiðubúin að eignast fjölskyldu og ég get hjálpað þér að tryggja að möguleikar þínir á hamingju verði sem bestir.

Hann horfði óhræddur í augun á henni. Áætlun hans var góð.

–Ég þarf meira á stuðningi þínum að halda á meðgöngunni en sæðinu úr þér, sagði hún. –Sæði get ég keypt. En það er rétt hjá þér að það verður erfitt. Ég er búin að lesa mér til líka og veit að það er erfitt að eignast barn eftir að hafa glímt við vöggudauða. Höfuðið á manni hringsnýst og gerir mann hræddan um að það sem einu sinni hefur gerst muni eiga sér stað aftur. Ég kenni sjálfri mér um. Mér finnst líkami minn vera gallaður af því að hann framleiddi barn með ófullnægjandi öndun. Ég vonaðist eftir

Því að þú gæfir mér nokkur góð ráð og deildir með mér heilbrigðri skynsemi þinni.

–Góð ráð skaltu fá.

–Það væri miklu auðveldara fyrir þig að gefa þau ef þú tengdist málinu ekki neitt, sagði hún yfirveguð. Braden hlustaði með athygli. –Ef málið snertir þig ekki kemstu í gegnum þetta án teljandi óþæginda. Ef þú átt ekki barnið, sem sagt.

–Ég mun ekki eiga neitt í barninu, hvorki í lagalegum skilningi né tilfinningalegum, sagði hann.

Hann skildi samt hvað hún var að fara. Myndi Braden ekki líka þurfa á öðru tækifæri að halda þegar barnið væri fætt?

Hann hristi höfuðið. –Ég er bara að gefa sæði, Mal. Ég er ekki að verða pabbi. Þetta fer allt eftir því hvernig á málið er litið.

En ef hún kærði sig ekki um að hann yrði faðir barnsins hennar og teldi að gen hans ættu að einhverju leyti sök á því hvernig fór, þrátt fyrir allar rannsóknirnar sem hann hafði farið í, gæti hann ekki þvingað hana til þess að þekkjast boðið. Hann myndi ekki einu sinni reyna það. Hann vildi bara að þetta dæmi gengi upp hjá henni. Meðferðin kom honum ekki við að neinu leyti, ef frá var talið þetta eina smáatriði þar sem hann gæti ef til vill aukið möguleika Mallory á því að verða þunguð og eignast heilbriggt barn.

–Má ég hugsa málið?

Spurningin kom þegar hann var í þann veginn að gefast upp.

–Auðvitað.

–Á þilfarinu? Í sólskininu?

Hún var þegar lögð af stað og Braden fékk ljómandi góða sýn á bakhlutann á henni.

Alltof góða.

Hann fann að honum var að rísa hold svo að hann sneri sér í skyndi að línunni og festi beituna á öngulinn. Það var kominn tími til að fiska fyrir alvöru og hætta að reyna að fiska það sem hann gat ekki eignast eða var ekki lengur til.

Mallory var veikburða í hjáliðunum þegar hún fór aftur að sólstólnum, en komst þó klakklaut þangað. Hún lét sig falla á tágastólinn og ákvað að taka sólgleraugin ekki af sér, ef vera kynni að Braden fylgdist með henni. Af sömu ástæðu þerraði hún ekki tárin af vöngunum.

Hún hafði fengið annað tækifæri. Allt frá því að hún hitti Braden fyrst vissi hún að hana langaði til þess að hann yrði faðir barnanna hennar. Líffræði var mikilvæg, ekki síst fyrir stúlku sem hafði alist upp á fósturheimili.

Mjög mikilvæg.

Braden Harris var henni líka afar mikilvægur.

Hún gat ekki leyft honum að gera þetta. Hún mátti ekki nota hann á þennan máta. Það var bara sektarkenndin, sem rak hann áfram. Það vissi hún vel.

Hún vissi líka að eitt mikilvægasta atriðið til að koma í veg fyrir vöggudauða var að láta barnið sofa í sama herbergi og foreldrarir. Hún hafði skoðað allar hugsanlegar heimasíður og blogg og allt bar að sama brunni.

Barnið átti að liggja á bakinu, en hvorki hliðinni né maganum.

Rúmfötin máttu ekki vera of mjúk.

Vaggan skyldi vera eins fábreytt og unnt var.

Reykingar á meðgöngu voru óráðlegar.

Góð umönnum á meðgöngu skipti miklu.

Þegar barnið var orðið fjögurra vikna gamalt mátti það nota snuð.

Brjóstgjöf var æskileg.

Barnið skyldi sofa í herbergi foreldranna til sex mánaða aldurs að minnsta kosti, en helst tólf.

Ekki í sama rúmi, en í sama herbergi. Það stuðlaði að því að barnið ætti auðveldara með að vakna.

Ef hún hefði verið heima þá um nóttina hefði Tucker sofið í

vöggunni sinni í herbergi þeirra Bradens, eins og jafnan áður. Hún hefði verið til staðar líka. Þá hefði mátt koma í veg fyrir vöggudauðann.

Braden hafði lesið sér til líka og vissi þetta áreiðanlega allt saman. Nú bauð hann henni það sem hún þarfnaðist í því skyni að lina samviskubit sitt og sektarkennd.

Kannski væri gustuk að leyfa honum að bæta fyrir misgjörð sína og halda svo áfram.

Hvernig gat hún látið hann verða faðir barns sem hann kærði sig ekkert um? Hvernig gæti hún beðið hann um að taka þátt í meðgöngunni. Það yrði honum hreint kvalræði. Hann hafði þegar verið særður djúpu sári. Hvernig átti hún að geta gert illt verra?

Nema friðþægingin gerði hann frjálsan?

Hún reyndi að dotta og láta sólina fara með sig á friðsælan og sársaukalausan stað, en fór þess í stað að hugsa um Tucker. Hún rifjaði upp hláturinn hans. Þegar hann hló í fyrsta sinn hafði Braden verið í vinnunni. Hún hafði verið ein með barnið, geiflað sig framan í það og framleitt alls kyns furðuhljóð. Tucker hafði fylgst með hverri hreyfingu og hlustað á hvert hljóð. Hún hafði verið að því komin að hætta að reyna að fá hann til að hlæja þegar hann skellti upp úr.

Braden hafði misst af því. Þegar hann kom heim um kvöldið var Tucker sofnaður og enda þótt Braden vildi ólmur vekja hann hafði Mallory beðið hann um að gera það ekki. Þá yrði erfitt að fá hann til að sofna aftur. Hún hafði verið orðin afar syfjuð og þreytt, en hefði það sakað að leyfa Braden að vekja son sinn og heyra hann hlæja? Hún þurfti ekki að fara til vinnu um morguninn, þar eð hún var enn í barnsburðarleyfi.

Braden kallaði minningarnar sennilega ekki jafn auðveldlega fram og hún. Og þegar það gerðist og hann komst í uppnám leit hann ugglaust á þær sem hindrun og óþægindi.

Ef til vill yrði Braden fullkominn sæðisgjafi handa henni.

Honum þótti þægilegra að loka á tilfinningar en bjóða þær velkomnar.

Var það ef til vill bara ímyndun hans? Var hugsanlegt að hann kæmist að því að hann langaði til að endurtaka leikinn þegar hjartslátturinn færi að heyrast? Þegar barnið færi að sparka? Þegar hún væri komin með ofurlitla bumbu?

Hún reyndi að láta sem hugmyndin væri ógeðfelld, en það tókst ekki.

Ef Braden var sá maður sem hún hélt að hann væri var nefnilega ekki til betri hugmynd en að eignast með honum barn.

Það var nú verkurinn, hugsaði hún með sér þar sem hún lá á dekkinu með lokuð augun og lét geisla sólarinnar og blíðar öldurnar leika við sig.

Hún var vandamálið.

Hvað ef hún yrði þunguð, heyrði hjartsláttinn, fengi bumbu, fyndi barnið sparka og vildi að Braden yrði jafn æstur yfir því og hún af því að hann átti barnið líka? Hvað ef hún yrði ástfangin af honum í annað sinn?

Hvað ef hún breyttist smám saman í konuna sem hún hafði eitt sinn verið? Konu sem var hrædd við að gráta vegna þess að maðurinn hennar var ekki hrifinn af tilfinningasemi. Konu sem reyndi að hemja sig á skemmtilegustu augnablikum lífsins þegar hann var nálægur?

Konu sem hafði farið að njóta þess að vera ein með barninu sínu svo að hún gæti látið allar tilfinningar sínar í ljós, dáðst að litla kraftaverkinu og fundist hún vera hamingjusamasta manneskja í heimi?

Nei. Hún gat ekki eignast barn með Braden.

Þegar hún hafði komist að þessari niðurstöðu einbeitti hún sér að léttum veltingnum á bátnum og reyndi að sofna við hann.

En þá kom henni nokkuð í hug sem gerði það að verkum að hún gat ómögulega fest blund.

Hagsmunir barnsins urðu að ganga fyrir öllu öðru.

Alltaf.

Þegar öllu var á botninn hvolft skipti Mallory engu máli, heldur heilsa barnsins hennar. Möguleikar þess á að eiga langt og hamingjuríkt líf.

Braden hafði lög að mæla. Óþekktur sæðisgjafi þýddi að óvissuþættirnir voru mýmargir.

Sjálf var hún að vissu leyti óþekkt líka. Reyndar hafði hún farið í erfðarannsókn og bar ekki með sér neina sjúkdóma, en hugsanlega leyndust þeir í ættinni. Hún vissi ekki hvort einhverjir ættingjar hennar hefðu fengið krabbamein ellegar sjúkdóma í lifur eða nýrum, hvað þá öndunarfærasjúkdóma.

Hvað ef nýrnabilun var ættgeng í fjölskyldu hennar, til dæmis? Eða bílslys?

Mallory settist upp, opnaði augun og horfði út yfir hafið. Fersk sjávargolan og sólskinið gerðu henni gott.

Bílslys voru ekki ættgeng.

Þau hrifsuðu fólk hins vegar burt fyrirvaralaust og skildu ástvinina eftir í greipum hyldjúprar sorgar.

Í hennar tilviki yrði litla barnið munaðarlaust og án efa sent á fósturheimili.

Hún stóð upp og gekk fram í stafn. Þar sat Braden í makindum og horfði á hana. Ekki var bröndu að sjá í körfunni fyrir framan hann.

Hann lyfti brúnum og spurði hvort hún væri búin að taka ákvörðun.

–Ég er með eina spurningu.

–Gott og vel. Ef ég get ekki svarað henni skal ég reyna mitt besta til að finna svarið.

Svarið var svo líkt Braden að við lá að hún táraðist á ný. Og hún gat ekki varist brosi. Maðurinn gerði sitt besta. Það varð ekki frá honum tekið.

–Værir þú til í að ala barnið upp ef eitthvað kæmi fyrir mig?

–Að sjálfsögðu.

Svarið kom henni í raun ekki á óvart. En hitt kom henni í opna skjöldu hvað hann svaraði fljótt og án þess að hika.

Það var eins og viðbrögð hans róuðu skelkaða hjartað hennar.

–Þá tek ég boðinu.

–Gott.

Þau horfðust í augu.

Þau höfðu rétt í þessu ákveðið að hún skyldi ganga með barn hans.

Samt leið henni eins og þau hefðu aldrei verið fjær hvort öðru.

5. kafli

Braden var langt frá því að vera afslappaður og gafst brátt upp á því að þykjast njóta sunnudagssjóferðarinnar. Mallory virtist jafn áfjád í það og hann að komast í land. Hún var að minnsta kosti fljót að samþykkja uppástungu hans um að þau héldu til hafnar.

Engu var líkara en að þau þyldu ekki að vera nálægt hvort öðru eftir að hafa ákveðið að eignast barn saman.

Það var fáránlegt, en engu að síður sannleikur að nokkru leyti. Þau gátu að minnsta kosti ekki látið sem ekkert væri. Ef þau Mallory gátu ekki verið vinir og hann fengi ekki að hjálpa henni þegar hún þurfti á honum að halda var þátttaka hans í þessu öllu saman út í hött.

Til allrar lukku vissi hann hvernig leysa skyldi þann vanda.

–Ég sagði þér aldrei af hverju ég bauð þér út að borða á föstudaginn, sagði hann og hugðist loks segja henni frá fyrirhuguðum flutningum sínum. Hann hægði ferðina í átt að smábátahöfninni þar sem bryggjan hans var. Mallory sat við hliðina á honum og fylgdist með siglingunni.

Nú leit hún á hann og beið þess að hann héldi áfram. Hann langaði mjög til að vita hvað hún var að hugsa.

Hann drap á vélinni og lét þau reka.

–Hvað heitir hún? spurði Mallory.

Áður en hann fengi tóm til að svara hélt hún áfram.

–Ertu viss um að hún samþykki þetta? Ef þú vilt endurskoða málið skal ég sýna því skilning.

Hann starði á hana og vissi ekki hvort hann ætti að hlæja eða fyrtaf. Þarna sat Mallory og hugsaði um hans þarfir, enda þótt hún væri í þann veginn að hefja mikla og dálítið uggvænlega vegferð. Hún var tilbúin að leyfa honum að skipta um skoðun.

Svona hafði hún alltaf verið.

Ekki vissi hann af hverju hann fann fyrir reiði.

Kannski var hann alls ekki reiður við hana, heldur sjálfan sig.

–Það er engin kona í spilinu, sagði hann, en þótti miður hvað það hljómaði eins og hann væri laus og liðugur öllum stundum. –Að minnsta kosti ekki sem stendur. Og þegar að því kemur mun hún ekki koma til greina nema vera sátt við að fyrrverandi konan mín eigi barn með mér og að við séum vinir.

Já. Þetta var málið í hnotskurn. Snyrtilegt, innpakkað og vel framkvæmanlegt.

–Hún þarf greinilega að vera einstök kona, sagði hún og brosti.

Einmitt.

Mallory var einstök kona líka.

Hann myndi aldrei hefja samband við konu nema hún væri alveg sérstök í hans augum.

–Ég get frestað tímanum hjá læknum, sagði hún.

Þá áttaði hann sig á því að hann hafði ekki svarað því sem hún sagði skömmu áður.

Úthafið blasti við hinum. Samt sat hann þarna, í höfninni. Þannig var saga hans. Hann var á sjó en fiskaði ekkert.

Hvaða rugl var þetta? Líf hans var aldeilis þrýðilegt og sagan góð. Hann fór á fætur á hverjum morgni og hlakkaði til að fara í vinnuna. Hann vann sér ekki bara inn dágóðan slatta af peningum, heldur veitti starfið honum orku og þrek.

–Ég held að þú þurfir tíma til að endurskoða ákvörðun þína, sagði Mallory og horfði blíðlega á hann.

Hann mundi vel eftir þessum svip.

–Þetta verður bara of flókið, bætti hún við.

Ha? Var hún að skipta um skoðun?

–Bara ef við gerum það flókið, sagði hann í hvelli áður en samkomulagið færi út um þúfur. Svo horfði hann fast á hana. –Þetta verður jafn flókið eða einfalt og við viljum hafa það. Við erum vinir. Barnið þitt verður barnið þitt, alveg eins og ef þú hefur fengið gjafasæði úr óþekktum manni. Ég verð til staðar fyrir ykkur bæði sem fjölskylduvinur, á sama hátt og ef þú hefur keypt sæðið. Eini munurinn verður líffræðilegs eðlis, vísindalegur þáttur sem enginn þarf að vita um og gerir ykkur barnið öruggari en ef sæðið væri aðkeypt.

Hún virtist þurfa á frekari hughreystingu að halda.

–Við erum nú ekki nýskilin, Mal. Það eru þrjú ár síðan. Við getum þetta.

Hún kinkaði kalli.

–Ef við getum það ekki getur það enginn, bætti hann við.

Hún horfði bara þegjandi á hann.

–Þetta er eiginlega fullkomin lausn fyrir okkur. Þú hefur margoft sagt að ég sé fáskiptinn. Nú getur það virkað okkur í hag.

Hann hafði ekki verið fáskiptinn þegar þau giftust. En það hafði breyst. Einhvern veginn hafði hann orðið það sem hún sagði hann vera.

–Ég held að ég ætti að fresta tímanum til að gefa þér meiri tíma.

–Ég þarf ekki meiri tíma. En ef þú vilt fá meiri tíma til að hugsa málið skaltu fyrir alla muni gefa þér hann. Það er hins vegar óþarfi mín vegna.

Hún var skjót til svars. –Ég hef engar áhyggjur af sjálfri mér. Ég er búin að taka ákvörðun.

–Ég átti við það að nota mig sem sæðisgjafa, ef það verður vandamál fyrir þig.

–Ég held að það geti kallað á erfiðar aðstæður sem við sjáum ekki fyrir á þessari stundu, en ég er tilbúin að kljást við þær vegna þess að það færir mér hugarró að vita að ef eitthvað kemur fyrir mig mun blóðfaðir barnsins með ánægju taka það að sér.

–Það fengi þó bara vitneskju um faðerni sitt ef slíkt kæmi upp á.

Það þurfti að vera á hreinu. Þau myndu láta sem um væri að ræða óþekktan gjafa, aðallega hennar vegna. Hún þurfti á því að halda.

–Einmitt, sagði hún og horfði til sjávar.

–Kannski þarftu að gefa þér smátíma, sagði hann. Ekki vildi hann reka á eftir henni. Mallory hafði aldrei flanað að neinu og vandaði sig jafnan við það sem hún tók sér fyrir hendur.

Hún leit á hann. –Ég er ákveðin. Ég er búin að segja þér það.

Hann trúði henni og kinkaði kolli.

–Þarftu þá á mér að halda á morgun? spurði hann svo.

Hann hafði aldrei komið á frjósemisstofu, en hafði heyrt alls kyns brandara um sjálfsfróun og sáðlát í dósir og dalla og séð slík atriði í gamanþáttum í sjónvarpinu. Það höfðaði ekki beint til hans, en hann var tilbúinn að leggja það á sig.

–Ég ætla að hringja í fyrramálið og athuga hvað þau leggja til. Fyrst áætlunin hefur breyst er hugsanlegt að þau vilji gefa mér annan tíma.

Hann horfði í augun á henni. –Ég er klár í bátana. En þú?

Bros hennar yljaði honum um hjartarætur. –Já, ég er klár í bátana líka.

Vonandi var hvorugt þeirra að skrökva.

Mallory hafði ekki aftur samband við Braden fyrr en hún hafði talað við starfsfólkið á læknastofunni á mánudagsmorguninn.

Ef hún tæki boði Bradens þurfti hún að fá nýjan tíma, vegna þess að ferlið hafði tekið breytingum. Þó að þau hefðu að jafnaði lítið hvort af öðru að segja á vinnutíma tók hún sér stutt hlé frá störfum sínum á Boltanum og tók lyftuna upp á efstu hæð.

Móttökuritarinn William, sem sá um að daglegur rekstur Braden-fasteignafélagsins gengi snurðulaust fyrir sig, varð undrandi að sjá hana en tók henni fagnandi.

–Frú Harris!

Hann stóð upp og kom fram fyrir afgreiðsluborðið til að heilsa henni með handabandi. Hún hafði haldið ættarnafni Bradens. Fyrirtækið hennar hafði verið stofnað undir því nafni og það hafði verið of flókið að breyta því, ekki síst þar sem henni þótti ekkert sérstaklega vænt um fæðingarnafnið sitt. Flestir kölluðu hana þó Mallory.

–En gaman að sjá þig, sagði William. Bros hans var einlægt og gleði hans fölskvalaus.

Hún hefði ekki átt að brjóta óskráða reglu í samskiptum þeirra Bradens með því að birtast á kontórnum hans. En á læknastofunni voru bara tveir eða þrír lausir tímar. Hún varð að hringja þangað sem allra fyrst til að láta fólkið vita hvort hún hygðist halda tímanum sínum síðdegis.

Hún þurfti líka að hitta Braden einu sinni enn til að ganga úr skugga um að hann vissi út í hvað hann væri að fara áður en þau gerðu eitthvað sem ekki væri hægt að taka til baka.

–Sömuleiðis, William, sagði hún og brosti. Maðurinn hafði starfað hjá Braden síðan hann var í háskóla og var miklu fremur

skrifstofustjóri en móttökuritari. Honum þótti bara gaman að vera frammi og fylgjast með öllu sem fram fór. Þá vissi hann hvaða fasteignasalar voru viðláttnir, hvaða lánafulltrúar höfðu komið á réttum tíma og hvaða viðskiptavinir virtust vera taugaóstyrkir.

En ekki gat hann vitað af hverju Mallory var allt í einu komin í heimsókn til fyrrverandi eiginmanns síns.

–Er hann við? spurði hún og kinkaði kolli í átt að ganginum sem lá að gríðarstöru og íburðarmiklu skrifstofunni hans Bradens.

–Hann kom fyrir klukkutíma, svaraði William.

Hann bað hana ekki um að bíða, en Mallory vissi að hann myndi hringja og láta Braden vita að hún væri á leiðinni til hans.

–Fyrirgefðu, sagði hún þegar hann opnaði dyrnar. –Ég ætti ekki að vera hérna.

–Auðvitað ættirðu að vera hérna, sagði hann og lokaði dyrunum á eftir henni.

Hún hafði hjálpað honum að innrétta svítuna. Þau höfðu síðan vígt hvert herbergi um sig með því að njóta ásta í því. Minningin um það virtist einhvern veginn vera óviðeigandi þessa stundina.

Hann benti á sófann í miðju herberginu, en þar gat einnig að líta stórt skrifborð úr tekki, heimabíó og bar.

–Ég þarf bara nokkrar sekúndur, sagði hún og afþakkaði boð hans um að setjast. –Ég þarf að drífa mig niður aftur.

Hann stakk höndunum í vasann og dró um leið athygli hennar að því sem var milli fótanna á honum. Tólunum sem hann myndi beita fyrir hennar hönd ef þau létu verða af þessu.

Hamingjan góða.

Voru þau virkilega að íhuga svona asnalega lausn?

Hún leit upp og fann að hún roðnaði. Hann hafði tekið eftir því hvert augu hennar hvörfluðu.

Vitanlega. Fátt fór framhjá Braden.

Nema þegar um tilfinningar var að ræða. Þá fór flest framhjá honum.

Hann vildi að minnsta kosti láta líta þannig út.

Maðurinn sem hún giftist og hafði verið bestu árum ævinnar með hafði sýnt henni nýja hlið á sér. Hann hafði verið spar á orðin og ekki sagt frá tilfinningum sínum, en svo sannarlega gert sér grein fyrir þeim og sýnt þær. Hann hafði líka tekið eftir minnstu breytingum á henni.

Það minnti hana að minnsta kosti. En síðan voru liðin nokkur ár.

–Ég hringdi á læknastofuna, sagði hún og reyndi að sýnast full sjálfstrausts.

Hún hafði reyndar yfrið nóg sjálfsöryggi að því er meðferðina varðaði. Öðru máli gegndi um þátttöku hans í henni.

En það skipti hana svo miklu máli að vita að barnið ætti ástvinini sem tækju við því ef eitthvað kæmi fyrir hana að hún gat ekki með neinu móti afþakkað boð hans.

–Og? spurði hann.

–Ég yrði að fá nýjan tíma. Ferlið er aðeins öðruvísi. Það er laus tími á miðvikudagsmorguninn og annar seinni partinn á fimmtudaginn. Ég þarf að láta vita strax ef ég ætla ekki að nota tímann sem ég á í dag.

–Ertu aftur farin að endurskoða afstöðu þína? Ég hélt við værum búin að ræða þetta.

Hann ætlaði greinilega ekki að gefa sér tíma til að hugsa málið eða skipta um skoðun.

–Já, við erum búin að því. Ég held bara að þú gerir þér ekki grein fyrir því út í hvað þú ert að fara og hugsanlegar afleiðingar þess. Þú myndir eiga barn sem þú gætir aldrei gengist við, Bray. Hugsaðu málið. Ég meina, ef við ættum heima hvort í sínum landshlutanum væri það ekki sérlega stórt atriði, en ég er hérna á

jarðhæðinni alla virka daga. Og þar verður barnið mitt með mér þegar þar að kemur.

Þau hittust ekki daglega, en það gæti orðið freistandi fyrir hann að gæta að barni sínu á hverjum degi þegar það væri komið í heiminn.

–Vel á minnst. Ég átti eftir að segja þér af hverju ég bauð þér út að borða á föstudaginn, sagði hann.

Hvað kom það þessu máli við?

–Nú skil ég ekki, sagði hún.

–Ég er að flytja, Mallory. Ég verð sem sagt ekki í sama húsi og barnið á hverjum degi.

Allt í einu varð henni kalt frá hvirfli til ilja. Hún góndi á hann og reyndi að skilja það sem hann hafði verið að segja.

Hún settist á sófann.

–Ertu að flytja?

Braden tyllti sér hjá henni, mun nær en nokkru sinni áður frá því að þau skildu. Þá vissi hún að fréttirnar voru stórar.

Alvarlegar.

Og hún fengi þær hvort sem hún vildi eða ekki.

Í sama bili rann það upp fyrir henni að hún vildi ekki að hann færi.

6. kafli

–Þú átt fasteignir í mörgum borgum. Af hverju ertu að kaupa eina í viðbót? spurði hún þegar hann hafði sagt henni frá fyrirhugaðri fjárfestingu sinni í Los Angeles.

Hún hafði orðið náhvít. Við því hafði Braden ekki búist.

Hann hafði haldið að hún kæmist í uppnám í fyrstu. Mallory var illa við breytingar. En hún hlustaði alltaf á rök, studdi allar ákvarðanir hans og hvatti hann jafnvel til dáða.

Ef til vill hefði hann átt að fara varlegar þegar hann sagði henni tíðindin.

–Ég þarf ekki að flytja til að kaupa eignina í Los Angeles. Mig langar til þess að flytjast þangað.

Kannski var það málið. Kannski hafði hann farið rangt að því að kynna fyrirætlun sína. Hann hafði gert það að hætti kaup-sýslumannsins.

–Hinar byggingarnar voru allar gamlar og í þeim bjuggu leigjendur, hélt hann áfram. –Byggingin í Los Angeles verður eins og þessi, Mal. Ég ætla að reisa nýja Braden-byggingu frá grunni og nota sömu teikningarnar, en endurbættar. Sá sem ekur hjá mun ekki sjá muninn. Ég mun þurfa að vera á staðnum meira og minna meðan á byggingartímanum stendur, alveg eins og hérna. Svo langar mig líka til þess.

–Þessi bygging er eins og barnið þitt, sagði hún lágt og horfði blíðlega á hann. –En ég styð þig auðvitað heils hugar.

–Ég myndi nú kannski ekki orða það þannig.

–Ég meina að í nýja verkefninu ertu að byggja upp þitt eigið líf, sjálfstæður og fjarri mér. Braden-fasteignafélagið í San Díego með Boltann á jarðhæðinni er okkar líf, Bray. Þér þykir vænt um þennan stað, en þú þarft að skapa þér þitt eigið líf. Þannig á það að vera.

Hann hristi höfuðið. Hún var að gera miklu meira úr þessum flutningum en ástæða var til. Nema að einu leyti.

–Ég er verktaki sem byggir upp lóðir, mælti hann. –Það verður ögrandi að fást við þetta verkefni og ég hlakka til þess. Ég held að það sé líka tímabært að við búum fjarri hvort öðru þannig að við séum ekki að þvælast hvort fyrir öðru í daglegu lífi.

Hún kinkaði kolli og stóð upp.

–Er þetta allt og sumt? Ertu bara farin? spurði hann.

–Ég þarf að fara niður. Þú veist að mér er illa við að vera lengi í burtu. Svo þarf ég líka að hringja á læknastofuna.

Hún gekk að dyrunum.

Hann varð að leyfa henni að fara. Þannig var líf þeirra.

–Fimmtudagurinn væri betri fyrir mig, kallaði hann á eftir henni.

Hún stansaði, kinkaði kolli, tók svo í húninn og fór.

Enn á ný leið honum eins og hann væri óttalegur hálfviti.

Mallory var fremur spennt en taugaóstyrk. Hún var líka óhugnanlega róleg mestalla vikuna. Áætlanir hennar voru traustar. Hún velktist ekki í neinum vafa um það.

Áætlanir Brays hentuðu honum ágætlega líka.

Um það efaðist hún ekki heldur.

Þess vegna var hún svona róleg. Fyrir þremur árum höfðu þau valið að skilja að skiptum og ganga sinn veginn hvort í stað þess að halda saman á vit framtíðarinnar. Það hafði verið rétt val fyrir þau bæði.

Það var ekkert vafamál.

Hvers vegna var hún þá allt í einu svona óskaplega raunamædd? Alls ekki alltaf. Ekki allan daginn og ekki hverja einustu stund. En hryggðin helltist yfir hana í skömmtum nokkrum sinnum á dag, í eina eða tvær mínútur í senn.

Það tók aðeins tvo og hálfan tíma að keyra til Los Angeles. Braden yrði áreiðanlega í San Díégó einu sinni eða tvisvar í viku. Hann færi ekki að láta aðalstöðvarnar danka.

Eða hvað?

Ætlaði hann að selja bygginguna? Myndi nýi eigandinn hækka leiguna þannig að hún réði ekki við hana nema hækka dagvistunargjöldin? Margir viðskiptavina hennar unnu í byggingunni og höfðu ekki efni á hærri gjöldum. Myndu sum minni fyrirtækin neyðast til að flytja? Og hvað með Boltann?

Hún trúði því ekki að hann myndi gera slíkt og þvílíkt.

Samt var allt að gjörbreytast þessa dagana og með ógnar-

hraða. Hún var að stíga skref í þá átt að eignast fjölskyldu á ný. Hún ætlaði að verða móðir.

Braden studdi hana. Og ekki nóg með það, hann gerði allt sem hann gat til þess að létta undir með henni.

Hún mátti ekki verða til þess að hann fengi samviskubit vegna flutninganna sem hann fyrirhugaði.

En kannski var hún ofurlítið taugaóstyrkari en þegar þau hittust á bílaplaninu við bygginguna eftir hádegi á fimmtudag. Hann hafði lagt til að þau ækju saman að læknastofunni. Hún gat ekki fundið neina haldbæra ástæðu til að segja nei. Það var fáránlegt að fara á tveimur bílum frá San Díégó alla leið til Marie Cove.

Hann kom beint úr vinnunni og var því í jakkafötunum, sjálföruggur og alltof kynþokkafullur fyrir hennar viðkvæmu hugarró. Hún hafði farið úr vinnufötunum og í litríkt pils, aðskorinn bol og sandala.

Konurnar sem unnu hjá henni vissu að hún var að fara til læknis. Þær vissu ekki hvert erindið var. Það vissi enginn. Ekki einu sinni Tamara.

Þegar hún væri orðin þunguð myndi hún segja fólki fréttirnar. Þangað til þurfti hún að halda þessu fyrir sig.

Þau settust inn í fína, dökkbláa jeppann hans Bradens. Hann var nýlegur og hún hafði aðeins setið í honum í örfá skipti. Mörgum árum áður hafði hún keypt handa honum klútahaldara, sem nú blasti við henni á sólskyggjninu farþegamegin.

Það var skondið, þar eð grátur hennar hafði verið meðal þeirra þátta sem stuðluðu að skilnaði þeirra á sínum tíma. Hún hafði þurft mjög á klútum að halda.

–Þakka þér fyrir að gera þetta, sagði hún þegar hann ók út á hraðbrautina og hélt til norðurs.

Tíminn hjá læknum yrði án efa vandræðalegur fyrir hann. Hann þyrfti að fara inn í herbergi í þeim tilgangi að tappa af sér.

Um það mátti hún ekki hugsa, enda yrði hún ekki viðstödd.

Hún yrði að líta á þetta sem aðgerð, framkvæmda af honum sjálfum í læknisfræðilegum tilgangi.

Hana varðaði ekkert um smáatriðin. En hún komst ekki hjá því að hugsa um þennan tiltekna líkamshluta. Hún þekkti hann vel. Henni hafði þótt býsna vænt um hann.

En nú kom hann henni ekki við.

Um leið og hann hefði lokið sér af kæmi röðin að henni. Meðferðin tæki skamma stund. Og fljótlega eftir það var hugsanlegt að hún væri með barni.

Það fengi hún auðvitað ekki að vita strax. Ekki fyrr en eftir nokkrar vikur. Þá fengi hún vonandi áreiðanlega niðurstöðu úr þungunarprófi.

–Ertu taugaóstyrk? spurði Braden.

–Svolítið.

Ekki eins mikið og hún hafði búist við. Hún var að skapa sér framtíð, hægt og rólega. Hún fór bara fetið. Það var allt og sumt. Hún myndi einbeita sér að einu skrefi í senn og afgreiða það.

Fyrr gæti hún ekki haldið upp á það næsta.

Eitt af því sem hún hafði lært eftir sonarmissinn og sorgarráðgjöfina var nauðsyn þess að lifa á líðandi stundu. Að njóta sérhvers andartaks eftir fremsta megni. Andartakið var allt sem maður átti á hverjum tíma. Og ef Guð lofaði fengi maður síðan annað andartak.

Þau höfðu verið á ferðinni í hálf tíma og sagt þrjú orð samtals.

–Þetta er ekki svo löng leið, sagði hún.

–Nei, alls ekki.

Hann hafði vitanlega ekið þessa leið nokkrum sinnum upp á síðkastið í tengslum við eignina sem hann var að festa kaup á í Los Angeles.

Það var einkennilegt að tilraunir þeirra beggja til að eignast tilveru fjarri hvort öðru skyldu leiða þau saman til Los Angeles.

Munurinn var að sjálfsgöðu sá að hún var bara í heimsókn. Hann var að flytjast þangað.

–Kannski gætum við keyrt framhjá lóðinni þinni, sagði hún. Hann mátti ekki vita hvað það var erfitt fyrir hana að styðja hann. Hún var eigingjörn og alls ekki stolt af því. –Eftir tímann á læknastofunni, á ég við. Við verðum stutt frá og ég hefði gaman af að sjá lóðina.

Hún þurfti á því að halda að sjá hvar hann ætlaði að búa. Þá gæti hún slakað á og hætt að hugsa um það.

Hann gaut augunum til hennar. Hún skynjaði það, en leit ekki á hann.

–Mér þætti reyndar vænt um það, sagði hann. –Það væri gott að fá álit þitt.

Henni hlýnaði um hjartarætur.

Allar þessar breytingar voru af hinu góða.

Ef til vill færi allt vel að lokum.

Braden þurfti ekki á tímaritinu að halda.

Honum hafði verið skýrt frá tilvist þess. Hann vissi hvar hann gæti nálgast það og hvernig, en afréð að láta það eiga sig. Hann þurfti bara að hugsa um þau Mallory síðustu nóttina þeirra saman, nakin og stjórnlaus í hótélherberginu. Hún hafði þráð hann jafn heitt og hann hana.

Hann afgreiddi málið á tæpi mínútu.

Það var ljómandi, enda hafði þetta líka verið dánarnótt sonar þeirra.

Eftir það gat hún ekki iðkað kynlíf.

Minningin um samveru þeirra þessa nótt kveikti í honum. Kannski var það sjúklegt, en það varð þá bara að hafa það.

Í huga Mallory voru ástarleikur þeirra og andlát Tuckers samhangandi atvik.

Frá hans bæjardyrum séð var þetta tvennt ólíkt. Í hennar huga

hafði hún misst þá báða sömu nóttina. Hann hafði aftur á móti litið á áframhaldandi sambúð þeirra sem leið til að takast á við sorgina.

En sú tilhneiging hans að bera ekki tilfinningar sínar á torg hafði verið stór hluti vandans.

Hann hringdi nokkur vinnusímtöl og svaraði tölvuskeytum með símanum meðan hann beið í bílnum eftir Mallory. Honum hafði verið sagt að yfirleitt þyrfti að gera nokkrar tilraunir í meðferðinni, stundum sex eða jafnvel fleiri. Þetta var í eina skiptið sem hann þyrfti að vera viðstaddur. Vonandi gengi þetta allt saman fljótt og vel fyrir sig.

Vonandi var þetta það sem hún þráði í raun og veru.

Eftir nokkrar tilraunir kynnu að renna á hana tvær grímur.

Kanski.

Hann starði á tölvupóstinn án þess að lesa hann og varð undrandi á sjálfum sér.

Var hann að vona að Mallory yrði ekki þunguð?

Vildi hann að þetta ævintýri mistækist?

Hann vildi að hún yrði hamingjusöm og ánægð með lífið. Það var svarið. Og heilagur sannleikur.

Ef til vill gat hún ekki öðlast hamingjuna nema eignast barn.

Hann óskaði þess að svo þyrfti ekki að vera.

En ef sú var raunin?

Hann vildi að hún yrði hamingjusöm.

Hann var nokkuð sáttur við endinn á þessu samtali hans við sjálfan sig og sneri sér því að tölvuskeytunum. Þremur þeirra svaraði hann á jafn mörgum mínútum. Eitt var frá fjárfesti en tvö frá verktökum sem höfðu hug á að vinna við byggingu nýja hússins í Los Angeles.

Mallory var að búa sér til nýtt líf.

Hann líka.

Hún hafði ekki breytt neitt í útliti.

Vitanlega var fáránlegt að ætla að hún myndi breytast. Samt var hann hissa á því hvað hún var venjuleg að sjá þegar hún settist við hliðina á honum.

Hafði hann búist við því að hún kæmi út með horn og hala?

Það var tekið að skyggja. Hún spennti á sig beltið og allt í einu mundi hann eftir öðru atviki á bílaplani hjá öðrum lækni. Þau voru að koma út þrjátíu og níu vikna skoðun. Útvíkkunin var hafin. Þau höfðu farið í ómskoðun. Tucker sneri rétt og var kominn í viðbragðsstöðu. Mallory hafði talað látlaust meðan hún spennti á sig beltið með erfiðismunum.

Hann hafði virt fyrir sér gríðarstöru bumbuna og allt í einu átt að sig á því að bráðum bættist þriðja mannveran við fjölskylduna þeirra. Bumban var ekki einkaeign Mallory. En hana langaði í barnið og myndi standa sig frábærlega við að annast það.

Barnið var mannvera, tilbúin að ganga til liðs við þau.

Þau. Ekki hana.

Hann hafði verið dauðskelkaður. Skíthræddur við breytingarnar sem þetta hefði í för með sér á sambandi þeirra, sem að hans mati var fullkomið.

Hann óttaðist líka að hann stæði henni ekki jafnfætis. Að hún yrði góð mamma, en hann ekki sérlega góður pabbi. Hann var hræddur um að valda henni vonbrigðum.

Hann hafði líka verið einkennilega sæll og ánægður. Og óþægilega snortinn. Þessi bumba yrði bráðum sonur hans.

Braden hafði hvorki átt pabba né bróður, svo að þessi nýja, karlkyns viðbót við fjölskylduna varð allt í einu ógnarstór viðburður. Þegar minnst varði sá hann fyrir sér þá feðga við fiskveiðar, íþróttaiðkun og kaupsýslu.

Þessar sýnir kölluðu ævinlega fram bros og léttu af honum farginu sem hann bar. Hann hafði aldrei haft mann sem gat komið til skjalanna og gerst höfuð fjölskyldunnar ef nauðsyn krafði.

–Hvað?

Mallory hreif hann upp úr hugsunum sínum og til veruleikans. Hún horfði áhyggjufull á hann.

–Hvað? Hvað meinarðu? spurði hann.

–Þú mænir á mig. Og þú varst svo kúnstugur á svipinn rétt áðan.

Hann gæti sagt henni sannleikann. En þá yrðu málin of flókin.

–Ég var bara að velta því fyrir mér hvernig þetta hefði gengið, sagði hann. Það var reyndar alveg satt. Hann hafði líka verið að hugsa um það.

–Vel, sagði hún.

Hann vildi meira.

En hann spurði einskis.

Braden sagði ekki margt þegar hann ók inn á auðu lóðina sem hann vonaðist til að yrði næsta eign Braden-fasteignafélagsins og lagði bílnum. Hann drap ekki á vélinni og hafði ljósinn kveikt til að Mallory sæi lóðina betur. Brátt yrði aldimmt.

Mallory leit í kringum sig og tók eftir tjörninni handan götunnar. Þau höfðu ekið framhjá hverfi sem var afmarkað með hliði og girðingu. Hinum megin var finn veitingastaður með grængresi og blómabeðum sem hefðu sómt sér vel í tímariti um hús og garðyrkju.

Þetta var stærsta auða svæði sem hún hafði séð svo nálægt stórborginni.

–Þetta er fullkomið, Braden, sagði hún.

Hún var ekki með kökk í hálsinum, en um leið og hún slepti orðinu tóku tilfinningarnar völdin.

Nýi staðurinn yrði betri en San Díegó-útgáfan. Auðvitað. Braden var miklu auðugri núna en forðum. Hann hafði þurft að reisa fyrra húsið með því að taka lán, en ekki með hjálp fjárfesta.

–Finnst þér það? spurði hann og virti hana fyrir sér.

Hún leit á hann. –Já.

Augun voru tárivot en samt brosti hún.

Hann kinkaði kolli og virtist vera sáttur við viðbrögð hennar. –Ég hugsa mér að láta framhliðina snúa til suðurs, sagði hann og lýsti síðan byggingunni fyrir henni eins og hann sá hana fyrir sér.

Hún kom með nokkrar tillögur og þær kveiktu nýjar hugmyndir í kollinum á honum. Á endanum sátu þau þarna í næstum hálf tíma.

Mallory var stolt af því hvað hún komst vel í gegnum þetta.

Nýja lífið hans yrði frábært.

Og henni var meinilla við það. Nýja lífið tæki hann nefnilega frá henni.

Á undanförunum þremur árum hafði hún af einhverjum ástæðum orðið óskaplega eigingjörn að því er Braden snerti. Í ráðgjöf-
inni hafði hún lært að hugsa fyrst og fremst um sjálfa sig, enda gæti hún hvorki stjórnað né breytt öðru í tilverunni. Ef til vill hafði hún gengið fulllangt í því tilliti.

–Heldurðu að það sé rangt af mér að eignast barn?

Ef þau hefðu setið á fjölmönnum veitingastað hefði hún trúlega ekki spurt að þessu.

En í myrkrinu og afmörkuðu og þægilegu umhverfi bílsins þar sem ljúfur djass ómaði í bakgrunninum laumaðist spurningin yfir tálmana sem gættu vináttu þeirra.

–Ég hefði ekki tekið þátt í þessu ef ég héldi það.

Það hafði hún sennilega vitað. Hún óskaði þess að hafa spurt hann að einhverju öðru. Eða orðað spurninguna öðruvísi. *Ertu hrifinn af þeirri hugmynd að ég eignist barn? Viltu að ég eignist barn?*

Nei, hvorug þessara spurninga dugði.

Líður þér vel með það að ég skuli ætla að eignast barn?

Þessi var í áttina.

Vonaði hann á laun að hún yrði ekki barnshafandi?

Nú var hún komin inn á jarðsprengjusvæði.

–Ætlaðu að selja bygginguna í San Díégó? spurði hún.

Hún hallaði sér aftur í sætinu og starði á ljós bílanna sem óku hjá.

–Auðvitað ekki. Hví skyldi ég gera það?

Hún yppti öxlum og reyndi að hljóma eins og hún væri algerlega hlutlaus í málinu. –Þú þarft ekki tvennar höfuðstöðvar.

–Braden-fasteignafélagið getur haft skrifstofur á tveimum stöðum. Það er reyndar nauðsynlegt.

Hún skildi við hvað hann átti. Hann hafði fjölda manns í vinnu og vasaðist í mörgu.

–Fer William með þér til Los Angeles?

–Nei. Ég þarf á því að halda að hann geri það sem hann gerir þar sem hann er.

Það skildi hún líka.

–Kvíddu engu, Mal. Allt verður óbreytt varðandi Boltann og reyndar alla bygginguna.

Nei, allt myndi breytast við brottför hans.

–Ég verð áfram á sveimi, að minnsta kosti vikulega og jafnvel oftar.

Var hann farinn að lesa hugsanir hennar eins og hann gerði svo oft þegar þau voru hjón? Þau höfðu verið svo náin að annað vissi jafnan hvað hitt var að hugsa.

Hvenær höfðu þau hætt því? Hún reyndi að átta sig á því hvenær nákvæmlega hún hafði hætt að gera sér grein fyrir því hvað Bray væri að hugsa. Eða hvenær henni hafði fyrst fundist að hann skildi hana ekki lengur.

Hún komst ekki að neinni niðurstöðu.

Líklega var hún bara of þreytt til þess.

Hún hafði ekki búist við því að dagurinn yrði svona slítandi. Ekki líkamlega þó. Meðferðin hafði verið eilítið óþægileg en staðið stutt.

Tilfinningalega var hún úrvinda.

Ef allt gengi að óskum yrði hún móðir á ný. Kannski ekki í þessari tilraun eða þeirri næstu. En bráðlega.

Og Bray yrði bráðum eigandi nýrrar byggingar. Teikningarnar yrðu þær sömu, útlitið líka og hann fengi skrifstofu á efstu hæð. Ef til vill tæki síðan þriðja byggingin við þegar fram liðu stundir.

Þetta var dálítið kaldhæðnislegt. Þau virtust bæði vera að taka stefnuna á framtíðina, en í raun og veru var alls ekki svo. Þau voru að gera nákvæmlega það sama og þau höfðu gert áður fyrr, bara hvort í sínu lagi.

Mallory vissi ekki hvað halda skyldi um það.

7. kafli

Eitt skref í einu. Einn dag í senn.

Mallory lifði fyrir líðandi stundu næsta hálfu mánuðinn. Kannski var hún ófrísk, kannski ekki. Það þýddi ekkert að velta því fyrir sér.

Ef hún var ófrísk var það frábært.

Ef ekki myndi hún bara reyna aftur.

Kannski færi Braden fljótlega, kannski ekki. Það færi eftir því hve fljótt hlutirnir gerðust hjá honum. Hann var á förum. Hún vissi bara ekki hvenær. Það þýddi ekkert að hugsa um það að brátt yrði bílastæðið hans laust.

Þau hittust einu sinni yfir hádegisverði. Hann sagðist hafa boðið í lóðina sem hann sýndi henni. Hann hafði enn ekki valið verktaka, en tveir kæmu til greina.

Hann ætlaði ekki að flytjast þangað strax. Hann myndi leigja sér svítu á nálægu hóteli fyrst í stað og síðan leita sér að hentugu leiguhúsnaði til að dveljast í þangað til byggingin væri tilbúin. Hann hugðist halda íbúðinni sinni í San Díégó og vinna á skrifstofunni sinni þar að minnsta kosti einn dag í viku.

Breytingarnar yrðu sem sagt ekki miklar að því er þau tvö snerti. Þau sáu yfirleitt ekki nema vikulega eða svo hvort eð var. Og stundum meira að segja sjaldnar.

Hún hafði það ágætt alla jafna, ef frátaldar voru þær stundir þegar hún ímyndaði sér að aukaherbergið í litla húsinu væri orðið að barnaherbergi eða þegar hún strauk á sér kviðinn og hugsaði um að mynda tengsl við nýtt barn.

Eða þegar hún lá í myrkrinu og sá sjálfa sig fyrir sér þar sem hún var komin með gríðarstóra bumbu en gat ekki hjúfrað sig upp að Braden. Það hafði tekið hana hálf tíma að átta sig á því að hún gæti notað kotta í staðinn. Næsta dag hafði hún keypt sér-staklega þar til gerðan kotta og farið að nota hann.

Á þrettánda degi eftir meðferðina var hún enn ekki byrjuð á blæðingum. Það þýddi að vísu ekki að hún væri barnshafandi, en allan daginn og langt fram á kvöld var í henni taugatitringur. Hún var svo trekt að þegar hún var að útbúa sér túnfisksalat í kvöldmatinn og barið var að dyrum brá henni svo mjög að túnfiskurinn þeyttist af skeiðinni yfir á bekkinn og vegginn.

Hún átti ekki von á neinum og það var sjaldgæft að fólk bankaði upp á án þess að gera boð á undan sér. Hún var enn í vinnufötunum, gallabuxum og Boltabol. Hver gat verið á ferðinni?

Hún vappaði að glugganum og gægðist út. Húsið var ekki stórt en stóð í góðu hverfi þar sem glæpatíðni var ákaflega lág. Engu að síður var rétt að fara að öllu með gát. Hún var kona sem bjó ein.

Ef til vill þurfti hún að vernda lítið barn líka.

Hún bar undir eins kennsl á jeppann og opnaði dyrnar.

—Bray? Hvað er á seyði?

Hann hafði komið heim til hennar áður og meira að segja skoðað húsið með henni áður en hún festi kaup á því. En hann kom aldrei í heimsókn.

—Ég reyndi að hringja á undan mér en þú svaraðir ekki.

Síminn var enn í handtöskunni. Þangað hafði hún stungið honum áður en hún fór á fund með tilvonandi skjólstaðingi fyrir um daginn.

–Ég tók hljóðið af, sagði hún, tók símann upp úr töskunni og sýndi honum. Hann kom ekki inn, heldur stóð bara á dyraþrepinu í jakkafötunum sínum og rétti henni lykil.

–Ég er að fara til Los Angeles. Fyrst ég er að flytja þangað er rétt að þú hafir lykil að íbúðinni minni hérna. Bara til öryggis.

Var hann að flytja? Klukkan átta á miðvikudagskvöldi?

Hún tók við lyklinum. –Var tilboðinu þínu tekið?

–Ekki enn, en ég tel víst að því verði tekið. Ég vil að mínir menn séu tilbúnir á staðnum að morgni föstudags. Við þurfum að sækja um alls kyns leyfi og ég vil setja það í gang strax.

Nú. Verktakamálið hafði aldeilis farið hratt af stað.

Hann yrði ekki í bænum þegar hún tæki þungunarprófið daginn eftir. Þau höfðu ekki rætt áætlanir hennar eða hans þátt í þeim síðan þau fóru saman á læknastofuna, en hann vissi hvert ferlið var og gerði sér grein fyrir tímasetningunum.

Hann vissi að morgundagurinn var stóri dagurinn hennar.

Samt sem áður kaus hann að halda til Los Angeles og kaupa lóðina sína. Skilaboð hans gátu ekki verið skýrari. Hann ætlaði að halda sínu striki.

Það var ágætt. Það ætlaði hún nefnilega líka að gera.

–Hvenær kemurðu aftur?

–Annaðhvort á föstudagkvöldið eða á laugardaginn.

Mallory drap tittlinga. –Verðurðu bara í burtu í tvo daga?

Hann kinkaði kalli. Hún sá ekki glöggt framan í hann þó að útiljósíð gæfi frá sér mikla birtu. Hárið á honum kom í veg fyrir það.

–Ertu þá ekki að flytja alveg strax?

Hann yppti öxlum. –Ég fer ekki með mikið af dótinu mínu, bara dálítið af fötum og snyrtivörum, en fyrst ég ætla að halda

íbúðinni minni hérna hugsaði ég með mér að það væri best að kaupa bara allt nýtt inn á nýja staðinn þegar fram líða stundir.

Það var sjálfsagt viturlegt, enda þótt sjálf gæti hún ekki hugsað sér að eiga tvö sett af öllu. En það var trúlega vegna þess að hún var ákaflega heimakær. Það var Braden ekki.

Ef til vill hafði það verið hluti vandans án þess að þau hefðu gert sér grein fyrir því.

–Jæja, ég ætla að drífa mig, sagði hann og kyssti hana á kinnina.

Litlu munaði að hún sneri sér ósjálfrátt og opnaði munninn.

Hún var forviða á sjálfri sér.

Þetta hlutu að vera hormónarnir.

Ef hún var á annað borð ófrísk.

–Aktu varlega, kallaði hún á eftir honum.

–Það geri ég alltaf, sagði hann, rétti upp höndina í kveðju-skyni og var svo farinn.

Eftir stóð hún í dyrunum með lykil í hendi og óskaði þess að hún hefði fengið alvöru koss.

Hann kæmi aftur á föstudagskvöldið eða laugardaginn en hafði samt afhent henni lykil. Líklega var það til þess að hún gæti hleypt fólki inn ef eitthvað kæmi upp á, til dæmis bilun eða leki.

Hann hafði ekki minnst á það, en hún giskaði á að þar lægi hundurinn grafinn.

Þýddi það að hann kæmi aftur um helgina en færi nánast strax aftur?

Hún hefði átt að spyrja hann að því. Það hefði hin raunverulega Mallory gert. Mallory sem var vinkona en ekki ástkona gat það ekki.

Hún hreinsaði túnfiskinn af veggnum. Henni var sama hvar Braden bjó, svo lengi sem hann var hamingjusamur og hraustur.

Og það varð hún að vera líka, svo að hún settist að snæðingi.

Síðan bjó hún til sumarskreytingar fyrir móttökuna á dagheimilinu. Hún skipti reglulega um skreytingar til þess að hressa upp á húsnæðið. Þar að auki hafði hún afar gaman af handavinnu alls konar.

Tvisvar fór hún inn á bað og velti því fyrir sér hvort hún ætti að taka þungunarprófið einum degi of snemma. Það myndi ekki saka. Í versta falli þyrfti hún að kaupa sér annað. Reyndar hafði hún keypt heilan kassa af þeim á netinu vegna þess að verðið var miklu hagstæðara, svo að hún hafði litlar áhyggjur.

Tvisvar fór hún aftur inn í föndurherbergið sitt án þess að taka prófið. Ef það yrði neikvætt yrði hún bara miður sín. En það gæti vitaskuld þýtt að hún hefði tekið það of snemma. Hún gæti samt sem áður verið þunguð.

Ef það yrði jákvætt myndi hún verða spennt og glöð og síðan kannski komast að því seinna að hún væri alls ekki þunguð af því að hún hefði tekið prófið of snemma.

Skynsemin sagði að tólf tímar ættu ekki að skipta máli.

Braden hafði farið úr bænum án þess að óska henni góðs gengis í prófinu sem hann vissi að hún gat ekki beðið eftir að taka.

Það sárnaði henni.

Hún varð að viðurkenna það.

Hann þurfti ekki að vera æstur eða spenntur yfir þessu. Hann þurfti ekki að hafa áhuga á því persónulega hvort sæðingin hefði heppnast eða ekki. En hún vonaði að hann hefði áhuga hennar vegna.

Hann kæmi ekki til baka fyrr en hún hefði haft einn dag til að melta útkomuna. Engu skipti hver hún yrði, hún myndi vera dálítið tilfinningasöm. Tilfinningarnar yrðu mjög kröftugar til að byrja með, sama hvort um væri að ræða sælu eða vonbrigði.

Braden hafði ákveðið að vera fjarstaddur.

Dæmigert. Af hverju hafði hún búist við einhverju öðru? Vit-

anlega kæmi hann í hveli ef hún hringdi í hann. En hann hafði valið að vera víðs fjarri.

Honum þótti æsingurinn í henni óþægilegur.

Hún klippti og límdu, skreytti, lagfærði, dró upp, teiknaði og skrifaði. Við vegginn stóð hvít plastkómmóða með skúffum sem voru fullar af pappír, kartoni, blýöntum, málningu, plastspjöldum og ýmsu fleiru. Þangað sótti hún gatara, heftara og pappírsskera. Samt gat hún ekki um annað hugsað en Braden.

Hvernig stóð á því að hann var henni svona ofarlega í huga þremur árum eftir skilnaðinn?

Það var ekki fyrr en hún lá andvaka um miðja nóttina sem svarið laust hana. Hann hafði afhent henni lykilinn sinn. Það hafði hann aldrei gert áður, jafnvel þótt hann hefði margoft farið úr bænum lengur en í tvo daga í senn.

Hann hafði afhent henni lykilinn sinn.

Þá hafði hún aðgang að honum þegar hann var ekki við.

Þetta skall á henni eins og hlý vindhviða á köldum degi.

Hann var að halda sambandinu við hana á sinn eigin hátt. Og það var alveg nóg.

Að minnsta kosti nóg til þess að hún gæti fest blund.

Hún var alltaf að læra eitthvað nýtt.

Eitt skref í einu, einn dag í senn.

Braden kannaði stöðuna á tilboðinu snemma á fimmtudagsmorgni. Eigandinn hafði hringt og verið jákvæður, en hafði þó ekki opinberlega tekið tilboðinu. Braden pantaði svítu á hótelinu fyrir mánaðarlegt gjald og kom sér fyrir.

Þetta dygði í bili. Hann myndi hafa óguðlega mikið að gera, ekki bara í sambandi við verktaka og smáatriði varðandi bygginguna heldur við að fylla tólf hæðir af skrifstofum.

Allt í einu fékk hann þá snilldarhugmynd að hafa barnaheimili á jarðhæðinni. Það var stór plús við sölu og útleigu húsnæðis ef

hægt var að bjóða upp á barnagæslu á staðnum á afsláttarkjörum. Hugmyndina hafði hann upphaflega fengið frá Mallory á sínum tíma. Hann hafði treyst dómgreind hennar og ekki iðrast þess.

Honum bar siðferðisleg skylda til að leyfa henni að opna annað dagheimili ef hún vildi. Trúlega myndist henni það þó vera óhentugt. Boltinn tók allan hennar tíma nú þegar. Og með ungubarn gæfist henni enn minni tími til að sinna öðru. Hann gæti ekki stutt hana í því að takast meira á hendur. Hún myndi ofgera sér og verða stressuð, svefnlaus og vansæl.

Mallory var sannkölluð ofurmamma. Hún yrði aðeins hamingjusöm ef hún hefði nægan tíma fyrir litla barnið sitt.

Ef þú yrði þunguð.

Þegar hún yrði þunguð.

Ef til vill var hún þunguð nú þegar.

Ef svo væri hefði hún engin tök á að opna nýtt fyrirtæki með honum.

Hann þekkti hana. Hún hafði varið öllum deginum í að bera saman verð á barnarúmum, fylgjast með útsölum á barnavörum og tala um allt sem snerti ungbörn. Hann vissi meira um mismunandi gerðir brjóstapumpa en hann kærði sig um. Hann gæti flutt dágóðan fyrirlestur um kosti einnota bleyja, muninn á vörumerkjunum og jafnvel verðlagningna. Hann mundi vel eftir blikinu í augum hennar, ljómanum á húðinni og fólkskvalausri gleðinni þegar hún sagði honum brosandí að þau ættu von á barni.

Hann hafði samfagnað henni, hafið hana á loft og sveiflað henni uns þau svimaði bæði. Síðan höfðu þau notið ásta án þess að fara sér óðslega og notið hvefrrar sekúndu. Hún hafði verið fegurri þetta kvöld en nokkru sinni fyrr. Þungunin hafði bætt enn á hamingju hennar.

Þegar þau eignuðust Tucker hafði líf þeirra orðið fullkomið.

Hann hafði smitast af spenningi hennar og gleði og leyft til-

finningunum að taka völdin. Hann hafði leyft þeim að ná valdi á sér.

En tilfinningar voru óáreiðanlegar. Þær afbökuðu staðreyndir og létu hluti líta öðruvísi út en þeir voru í raun.

Annað dagheimili myndi tryggja fjárhagslega afkomu Mallory enn frekar en áður. Hún gæti ráðið einhvern til að stjórna því ef hún vildi ekki ferðast á milli. Og hann yrði til staðar í Los Angeles og gæti skotist niður hvenær sem væri til að athuga hvort ekki væri allt í stakasta lagi.

Hann var ekki eiginmaður hennar lengur.

Hann hafði engan rétt til þess að taka ákvarðanir fyrir hana.

Það þýddi að hann varð að hringja í hana og bjóða henni þetta. Ef hún bæði um álit hans sem vinar myndu þau ræða þá möguleika sem staðan bauð upp á. Í mesta bróðerni.

Hann beið þangað til hann vissi að hún væri í þann veginn að taka sér hádegishlé og hringdi í hana. Allt frá því að hann fékk sér snjallsíma hafði hann haft númerið hennar í skammvalinu. Hann hafði ekki séð neina ástæðu til að fjarlægja það þaðan þótt hann fengi sér ný símtæki.

Hún svaraði ekki. Heldur ekki stundarfjórðungi síðar þegar hann gerði aðra tilraun.

Hún hefði tekið prófið þá um morguninn. Ekki kvöldið áður. Og myndi ekki taka það daginn eftir. Mallory myndi fylgja leiðbeiningunum út í hörgul. Þannig kona var hún. Hún var einbeitt og ákveðin og í þessu máli myndi hún gera allt nákvæmlega rétt.

Einnig myndi hún þurfa að fást við tilfinningabaráttuna sem þungunin hefði án efa í för með sér. Það yrði ekki auðvelt. Hún þyrfti að berjast við tár en reyna sitt besta til að vera hamingju-söm og sæl. Hún var nógu sterk til að geta það.

Þess vegna elskaði hann hana svona heitt.

Allt frá því að hann vaknaði um morguninn hafði hann hugsað annað veifið um þungunarprófið og niðurstöðu þess. Hann vissi

að hún myndi hringja um leið og hún væri tilbúin að deila þeim upplýsingum með honum.

Það hafði hún ekki gert enn.

Hún hvorki svaraði né hringdi til baka.

Það gerði fasteignasalinn þó og tilkynnti honum að tilboði hans hefði verið tekið.

Braden stakk símanum í jakkavasann og fór út til að hefja sitt nýja líf.

8. kafli

Þó að það væri erfitt að bíða tók Mallory ekki þungunarprófið á fimmtudagsmorgninum. Morgunninn var erfiður en samt hafði hún verið full af orku. Það var einhvern veginn eins og hún hefði öðlast nýjan tilgang í lífinu.

Hún hafði unnið af kappi og ekki hugsað mikið um þá staðreynd að fyrrverandi eiginmaður hennar og einn af hennar bestu vinum hafði lagt fram tilboð sem tæki hann frá henni ef það yrði samþykkt.

Hún vildi ekki vita alveg strax hvort niðurstaða prófsins yrði neikvæð.

Það skipti heldur engu máli. Fólkið á læknastofunni hafði sagt henni að fyrsta tilraun skilaði sjaldnast árangri. Hún hafði lagt næga peninga til hliðar til þess að geta gert sex tilraunir.

Hún vildi bara ekki verða fyrir vonbrigðum. Ekki þennan dag. Hún gætti andlegrar og líkamlegrar heilsu sinnar afar vel. Það hafði verið erfitt fyrir hana að læra að hugsa vel um sjálfa sig. Að búast við miklu af sjálfri sér, en þó ekki of miklu. Að setta sig við að vera ekki gædd ofurmannlegum eiginleikum sem gerðu hana ábyrgari en annað fólk.

Til að fá andlegan stuðning hringdi hún í Tamöru, vinkonu sína, og spurði hvort þær gætu snætt saman í hádeginu.

Þær hittust á matstofu við höfnina. Mallory var í gallabuxunum og pólóbolnum, Tamara í aðskornu pilsu og jakka. Sú síðarnefnda minnti fremur á ofurfyrirsætu en hagræðingarráðgjafa.

–Jæja? sagði hin fagra, jarphærða Tamara þegar þær höfðu heilsast með faðmlagi. –Hvað er títt?

Þær voru ekki einu sinni sestar.

–Bray er að bjóða í lóð í Los Angeles, sagði hún.

Þær höfðu gert með sér þegjandi samkomulag, byggt á þörf sinni fyrir að eignast innihaldsrikt og ánægjulegt líf eftir barnmissi. Þær voru að minnsta kosti staðráðnar í að gera sitt besta til þess að svo mætti verða.

Þær höfðu kynnst í sorgarsamtökunum og strax náð vel saman. Á margan hátt voru þær líkar, þó að margt væri ólíkt í fari þeirra líka. En í anda var engu líkara en að þær hefðu verið systur í fyrra lífi.

Tamara hélt því fram að börnin þeirra hefðu orðið vinir í himnaríki og væru nú englar sem önnuðust mæðurnar sem þau höfðu skilið eftir á jörðinni.

Þær leyndu hvor aðra engu.

Þær voru lyfjalaus meðferð hvor fyrir aðra.

–Hann er að flytja, bætti Mallory við.

–Ætlar hann að flytja til Los Angeles? spurði Tamara og rak upp stór augu.

Mallory kinkaði kolli og þær fengu sér sæti.

Tamara myndi sjá í gegnum hvers kyns blekkingar sem Mallory beitti sjálfa sig óafvitandi. Með því að spyrja réttu spurninganna leiddi hún Mallory áfram í átt að sannleikanum.

Það sama hafði Mallory gert fyrir Tamöru haustið áður þegar sú síðarnefnda hélt á ungbarni og fékk hálfgert taugaáfall.

–Þú elskar hann enn, sagði Tamara.

Þær höfðu pantað sér salat og te, sem stóð ósnert fyrir framan

þær. Tamara lét Mallory ekki komast upp með að beina athygl-
inni að svo hversdagslegum fyrirbærum.

Auðvitað elskaði hún hann. Það voru engin tíðindi. Þess
vegna kinkaði hún bara kolli.

–Nei, sagði Tamara og hristi höfuðið. –Þú ert enn *ástfangin* af
honum.

Hvaða vitleysa. Hvernig gat það staðist? –Hann hentar mér
ekki á neinn hátt.

Tamara kinkaði kolli, en ekki á uppörvandi hátt.

Mallory átti enn eftir að segja henni frá barninu sem hún
kynni að hafa búið til með sæði Brandons. Hún hafði ekki þurft á
hjálp Tamöru að halda við að ákveða að reyna að eignast barn.

Það hafði eindregið bent til þess að hún væri tilbúin. Vissu-
lega yrði það ekki auðvelt. Hún gerði sér fulla grein fyrir því.
Hún vissi að leiðin framundan fyrir einstæða, útvinnandi móður
sem hafði misst barn og óttaðist ætíð að missa annað yrði síður
en svo greið. En hún vissi líka að sú leið var hin eina rétta.

Hún var tilbúin.

Hún kveið því ofurlítið að segja Tamöru að hún hefði fallist á
að fá sæði úr Bray.

–Ég held að ég hafi notað hann sem hækju í öll þessi ár, sagði
hún. –Ég lét hann aldrei róa að því er persónulegt öryggi mitt
snerti. Ég þurfti aldrei að óttast að vera ein þegar erfiðleikar
stedjuðu að vegna þess að ég vissi að ég gat treyst á stuðning
hans.

–Og heldurðu að það breytist þegar hann flyst til Los Angeles?
Heldurðu að hann ætli allt í einu að yfirgefa þig?

–Nei. Ég veit ekki hvað er að mér. Ég er bara sorgmædd og
mér líður ekki vel. Ég botna ekkert í því. Ég skil ekki hvað veldur
vanlíðan minni og veit ekki hvað hún táknar.

Hún tók upp gaffalinn og Tamara fór að dæmi hennar. Þær
snæddu litla stund og drukku te eins og þær væru bara tvær vin-

konur að hittast í hádeginu. En þögnin milli þeirra var næstum áþreifanleg.

–Hann hefur oft átt stefnumót við kvenfólk svo að ég hef ekki áhyggjur af því þótt hann vilji hefja nýtt líf, sagði Mallory að lokum. –Það gerði hann fyrir löngu.

–Einu sinni sagðirðu mér að þú vissir ekki af hverju hann væri að hafa fyrir því að segja þér frá þessum konum vegna þess að hann myndi ekki vera með neinni þeirra til frambúðar.

Það var satt.

–Stefnumótin þýða ekki að hann sé að hefja nýtt líf án þín. Hann er bara að lifa sínu lífi og þú ert hluti af því.

–En þegar hann flyst til Los Angeles verð ég ekki lengur hluti af lífi hans. Ég mun ekki koma nálægt því á neinn hátt.

–Það hljómar vissulega þannig, sagði Tamara og virti hana fyrir sér.

–Og yfir því er ég afskaplega sorgbitin.

–Það er vegna þess að þú ert enn ástfangin af honum.

Hún vildi ekki að það væri satt og var handviss um að svo væri ekki. Hún þarfnaðist manns sem gat stutt hana þegar hún sýndi tilfinningar sínar.

Manns sem lét hana ekki skammast sín fyrir að tárfaella eða verða himinlifandi yfir einhverju.

Þannig myndi henni líða þegar hún fengi þær fregnir að hún væri þunguð á ný. Um leið og fyrstu kvíðaviðbrögðin væru afstaðin.

Skyndilega varð henni ljóst að hún vildi ekki vita fyrir víst að hún væri barnshafandi vegna þess að þá hefði hún einhverju að tapa.

Óttinn var lævís skepna. Hann hafði læðst að henni fyrirvara-laust.

Samverustundirnar með Tamöru voru eins konar hlutlaust belti þar sem hugsanir hennar voru fullkomlega öruggar. Þessi

stund hafði sýnt henni fram á dálítið sem hún hafði reynt eftir megni að forðast. Þó að hún þráði barnið og væri tilbúin að standa í þessu öllu saman ein var hún líka skelfingu lostin.

–Það er enginn glæpur, sagði Tamara og kippti Mallory aftur inn í samræðurnar um Braden og ástina.

Mallory var ekki ástfangin af Braden.

Hins vegar var hún hrædd við að taka þungunarprófið þó að hún væri líka spennt fyrir því. Og hún var ekki bara hrædd af því að hún yrði fyrir vonbrigðum ef niðurstaðan reyndist neikvæð. Óttinn var flóknari en svo.

Hún var ein allsherjar tilfinningasósa þessa stundina. Það var eins gott að Braden var ekki í bænnum.

Svipurinn á henni hlaut að hafa komið upp um líðan hennar því að Tamara hélt áfram.

–Ef þú ert ástfangin af honum er það bara þannig. Þú þarft ekki að láta þér líða illa vegna þess.

–Ég er ekki ástfangin af honum. Við særðum hvort annað. Við vantreystum hvort öðru enn tilfinningalega. Ég treysti því að hann muni fórna lífinu mín vegna, en ekki að hann muni taka utan um mig ef ég fer að gráta.

–Hefur hann einhvern tíma gert það?

Hún rifjaði upp gamlar minningar.

–Þegar við vorum nýgift hélt hann utan um mig þegar við vorum að horfa á sorglegar myndir og ég fór að gráta. Það var aldrei stórmál. Hann sagði aldrei neitt, heldur færði sig bara nær og tók utan um mig.

Hvert hafði sá maður farið? Og hvenær?

Hann hafði að minnsta kosti verið horfinn þegar Tucker fæddist. Það var ekki bara sonarmissirinn sem hafði rakið hjónabandið upp. Missirinn hafði verið það sem gerði útslagið, en það hafði brostið í undirstöðum hjónabandsins löngu fyrr.

Af hverju hafði hún ekki gert sér grein fyrir því?

–Ég brást honum líka. Hann treystir mér ekki til að fullnægja þörfum sínum, hvorki tilfallandi né í varanlegu sambandi.

Ekki bara kynferðislega, heldur að öðru leyti líka. Hann hafði viljað hafa forgang í lífi hennar.

Það var ekki óeðlileg þörf.

Hún hafði bara ekki verið sérlega fær í því að láta tvær manneskjur hafa forgang. Reyndar hafði henni farist það afar illa úr hendi. Undarlegt, þar eð hún annaðist þrjátíu börn á hverjum degi og veitti hverju og einu þeirra ómælda athygli.

–Hann er óttalega tilfinningasnaður eins og þú veist, sagði hún.

Hún vissi af hverju það stafaði og skildi ástæðurnar. Hann hafði verið eini karlmaðurinn á heimilinu og þurft að búa með tveimur dramadrottningum, móður sinni og systur. Hann hafði neyðst til þess að sýna skynsemi og hafa báða fætur á jörðinni öllum stundum.

Hún álasaði honum ekki fyrir það.

Hún hentaði honum bara ekki. Og hann ekki henni. Hún var miklu rólegri og afslappaðri þegar hún þurfti ekki að hafa áhyggjur af viðbrögðum hans. Hún vissi að það sama átti við um hann.

Þess vegna hafði vinátta þeirra skýr mörk.

–Samt ertu ótrúlega sorgmædd yfir því að hann skuli vera að flytja, sagði Tamara.

Hún gat hvorki útskýrt það né skrökvað einhverju. Það þýddi að hún varð að kljást við það. Tamara myndi aldrei leyfa henni að fara í felur eða þykjast.

Hún stakk gafflinum í salatið og laut höfði.

Braden hafði hringt tvisvar í hádeginu. Mallory hafði tekið sér lengra hlé en venjulega og gaf sér ekki tíma til að hringja í hann til baka. Hún einhenti sér í að sinna börnunum, leika við þau, gæta þeirra, fylgjast með þeim, meta framfarir þeirra og hjálpa

hinum leikskólakennurunum þegar tók voru á. Hún gerði það sem hún gerði best.

Braden hafði ekki skilið eftir boð. Það þýddi að erindið var ekki áriðandi. Líklega hafði hann hringt til að segja henni að tilboðinu hefði verið tekið.

Hún var ekki tilbúin að heyra tíðindin. Hún treysti sér ekki til að gera sér upp gleði. Hún vildi ólm að hann héldi sínu striki og yrði hamingjusamur. Braden var góður maður, örlátur, traustur, samviskusamur og bar umhyggju fyrir sínu fólki. Þar voru leigjendurnir hans ekki undanskildir. Hann átti skilið að vera ánægður og sæll.

Samkvæmt hans skilgreiningu fólust ánægja og sæla í því að gera það sem hugur manns stóð til.

Þess vegna þurfti hann að halda sínu striki og lifa lífinu.

Og hún þurfti að taka þungunarprófið. Ef hún var ekki barnshafandi vildi hún fá annan tíma hjá læknum eins fljótt og auðið væri.

Þess vegna athugaði hún ekki einu sinni hvort eitthvað lægi í póstkassanum þegar hún kom heim. Hún steðjaði beint inn í bílskúr og þaðan inn í eldhús, skellti handtöskunni á bekkinn og arkaði inn á það án þess að kveikja ljósin á ganginum. Prófið lá á bekknum á baðherberginu og beið hennar.

Fyrst las hún leiðbeiningarnar. Fimm ár voru liðin frá því að hún hafði síðast tekið þungunarpróf. Fátt hafði breyst.

Eini munurinn var sá að þetta próf myndi sýna henni hversu margar vikur væru liðnar frá getnaði. Niðurstaðan var 90 prósent örugg. Hún þurfti ekki á þeim upplýsingum að halda, enda vissi hún upp á hár hvenær getnaður hafði átt sér stað. Hefði hann á annað borð orðið.

Hún gæti að minnsta kosti séð hversu áreiðanlegt prófið var.

Vonandi þýddi það líka að það væri fullkomlega öruggt að prófið sýndi ekki ranga niðurstöðu.

Hún varð hætta að humma þetta próf fram af sér. Hún þurfti að halda áfram að lifa.

Gera það sem hana langaði til og þurfti á að halda.

Hún var hætt að fresta.

Hálfri mínútu síðar var prófinu lokið. Hún hafði beðið allan daginn með að taka það, nú virtist líða óralangur tími þar til niðurstaðan birtist. Hnén skulfu er hún tyllti sér á salernið, tók upp símann og hringdi í Braden.

Tíðindi hans myndu dreifa huganum. Skýra heildarmyndina.

Það var ekki eins og þetta væri eina tækifærið hennar til að eignast barn. Nei þýddi bara að hún þyrfti að biða í mánuð í viðbót.

Braden svaraði ekki.

Og hún var ekki ófrísk.

Um leið og Braden taldi óhætt að kveðja fjárfestana sem hann hafði snætt með um kvöldið tók hann lyftuna upp í svítu og hringdi í Mallory.

Var hún ófrísk? Hann bjóst við því. Hún hafði ekki átt í neinum vandræðum með að verða þunguð síðast. Og getnaðurinn var lítið mál. En hvernig skyldi henni líða? Var hún viss um að hún réði við þessar breyttu aðstæður?

Var hún þegar farin að hafa áhyggjur af framtíð og örlögum ófædda barnsins síns?

Hvað gæti hann gert til að breyta því?

Hún svaraði á fjórðu hringingu.

–Niðurstaðan var neikvæð, sagði hún án þess að kasta á hann kveðju. –Ég hringi á stofuna á morgun og fæ nýjan tíma.

Hún talaði eins og umræðuefnið væri teppahreinsun eða runnaklippingar.

–Það þykir mér leitt að heyra.

Hann var leiður hennar vegna og skammaðist sín jafnframt fyrir að verða feginn.

–Þau sögðu að þetta gæti tekið allt að hálf tveimur árum, eins og þú manst.

–Þú tekur þessu vel, sagði hann. Af hverju kom það honum á óvart? Ef andlát Tuckers var undanskilið hafði Mallory alltaf tekið því sem að höndum bar án þess að æðrast. Líklega var það afleiðing þess að hafa alist upp á fósturheimilum.

–Þetta er ferli. Ég vissi það þegar ég fór af stað. Ég er búin að fara í allar nauðsynlegar rannsóknir. Það er engin ástæða til að efast um að ég geti orðið þunguð.

–Þú hlýtur samt að hafa vonað að þetta bæri árangur í fyrstu tilraun.

Af hverju var hann að þessu? Var hann að reyna að fá hana til að sýna tilfinningar? Hvers vegna í ósköpunum? Mallory vissi að fátt var honum meira á móti skapi.

–Auðvitað vonaði ég það, en ég varð ekkert óskaplega taugaþennt yfir því. Ég vissi að það væri líklegt að ég þyrfti að fara í tvær meðferðir eða fleiri.

Hann rölti að barnum sínum, hellti dýru viskíi í glas og saup á.

–Tilboði mínu var tekið.

–Ó, Bray, mikið er ég glöð.

Hann komst við að heyra einlægnina í rödd hennar.

–Ertu byrjaður að sækja um leyfin? bætti hún við.

–Já.

Hann sagði henni stuttlega frá fundunum sem hann hafði setið. Það gerði hann yfirleitt ekki. En kringumstæðurnar voru ekki beinlínis venjulegar í þetta sinn. Hann var í Los Angeles að hefja nýtt ævintýri og hún í San Dégó að reyna að eignast barn án hans.

Hann saup aftur á og skipti síðan um umræðuefni.

–Ég þarf að ræða dálítið við þig. Það snýst um tækifæri, sagði hann. Því næst ráfaði hann að glugganum með glasið í hendinni og horfði út yfir borgina.

–Hvernig tækifæri?

–Eins og ég sagði þér ætla ég að hafa þessa byggingu sem allra líkasta þeirri sem fyrirtækið á í San Dégó.

–Einmitt.

Hann heyrði ekki hvort hún var að hlusta almennilega ellegar annars hugar. Það skipti engu. Hún hafði rétt í þessu orðið fyrir skelfilegum vonbrigðum, þótt hún héldi öðru fram og reyndi að bera sig vel. Hann vissi hversu heitt hún þróaði að verða móðir á ný.

Vonandi var hún nógu mikið úti á þekju til að hafna boði hans kurteislega.

–Eitt af því sem gerði það að verkum að við slógum strax í gegn var að við skyldum geta boðið leigjendum upp á dagvistun í húsinu á vildarkjörum.

Hún svaraði engu.

–Þar eð þú áttir hugmyndina og Boltinn er ein af ástæðunum fyrir vinsældum fyrirtækisins míns langar mig til að vita hvort þú hefðir áhuga á að færa út kvíarnar og opna annað dagheimili hérna í Los Angeles.

Enn svaraði hún engu.

–Þú þarft ekki að svara mér strax. Hugsaðu bara málið. Viltu gera það fyrir mig?

Hann vildi fá neitun strax svo að hann þyrfti ekki að ergja sig yfir afleiðingum þess að hafa boðið henni þetta.

–Ég þarf ekki að hugsa málið, sagði hún þá. –Ég þarf auðvitað að fá tíma til að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, en ég get sagt þér strax að það yrði mér heiður að fá að taka þátt í ævintýrinu þínu í Los Angeles, Braden. Þakka þér fyrir.

Honum féllust hendur.

9. kafli

Var hún klikkuð? Hún gat ekki verið einstæð móðir og rekið tvö dagheimili.

Hvern fjárátt hafði hún verið að hugsa?

Hafði hún virkilega sagt þetta?

Að það yrði henni heiður að fá að taka þátt í ævintýrinu hans í Los Angeles?

Og þakkað honum fyrir?

Hafði hún virkilega sagt þetta án þess að hika eitt andartak?

Næstu dagar liðu í þoku. Hún pantaði nýjan tíma á Elliott-læknastofunni í Marie Cove og forðaðist að hugsa um að ef til vill myndi hún ekki eignast annað barn. Það var ekki spurning hvort, heldur hvenær.

Á sunnudagskvöldinu lá hún í rúminu og velti því kvíðin fyrir sér hvort hún gæti í raun og veru leyft Braden að lifa sínu lífi án hennar, en halda um leið áfram að vera vinkona hans og veita honum stuðning.

Hví hefði hún annars sagst myndu vilja taka þátt í nýja ævintýrinu hans?

Hana langaði ekki vitund til að eignast veldi. Hana fýsti heldur ekki að búa í Los Angeles. Þetta voru draumar Brays, ekki hennar.

Samt hafði hún stokkið á tækifærið til að fara þangað með honum.

Alla helgina hafði hún velt staðreyndum málsins fyrir sér. Hann hafði hringt einu sinni og viljað snæða með henni hádegisverð til að ræða viðskipti, en hún hafði fundið sér afsökun og hann ekki þrýst á hana frekar.

Var hann efins líka?

Var staðan aftur orðin sú að hann færi sína leið og hún sæti eftir án þess að taka nokkurn þátt í lífi hans?

Sú tilhugsun kallaði fram sorgina djúpu sem hún hafði fundið þegar hann sagðist ætla að flytjast búferlum.

Hún varð skelfd er hún hugsaði um að reka annað dagheimili langt í burtu. Hana langaði bara til að eignast barn og halda áfram að lifa.

Hvað knúði hana eiginlega áfram?

Margra ára ráðgjöf og ábyrgð á eigin andlegu heilsu ráku hana til þess að reyna að finna svörin, sem þó vöfðust fyrir henni.

Var hún enn ástfangin af Braden, eins og Tamara hélt fram?

Hún varð að spyrja sjálfa sig að því.

Svarið var alltaf það sama. Vitanlega voru sterk tengsl milli þeirra. Þau höfðu verið ástfangin, eignast barn saman og misst það. En hún taldi ekki að hún væri ástfangin af honum enn þann dag í dag. Í hvert sinn sem hún velti vöngum yfir því varð niðurstaðan sú sama. Þau voru of ólík og höfðu brugðist hvort öðru tilfinningalega.

Hún skammaðist sín enn fyrir að hafa látið eins og ólm kona í fanginu á honum meðan sonur hennar gaf upp öndina.

Hún var enn reið yfir því að hafa verið að heiman.

Eftir fjögur ár var nokkuð víst að þessar tilfinningar hyrfu aldrei.

Þegar dagaði fór hún á fætur og í steypibað, hélt til vinnu og heilsaði börnunum sínum. Dagar hennar snerust um þau og ekkert annað. En á mánudeginum rak hana í rogastans yfir svipnum á einum fjögurra ára drengnum. Liam var kátur og kotroskinn snáði. Hann hafði teiknað mynd af hjarta og sagði Mallory að sér þætti mjög vænt um hana.

Mallory átti fullt í fangi með að halda aftur af tárunum og gerði sitt besta til að leyna tilfinningum sínum er hún faðmaði hann og sagði að sér þætti líka vænt um hann.

Síðan flúði hún eins hratt og fætur toguðu.

Hugsaði Braden einhvern tíma um það hvernig strákur Tucker

væri ef hann hefði lifað? Sá hann stundum fjögurra ára drengi og velti því fyrir sér hvort Tucker hefði orðið líkur þeim?

Hugsanirnar frá kvöldinu áður sóttu á hana á nýjan leik um miðbik dagsins. Hún varð að segja Braden að hún gæti ekki þegið boð hans. Hún varð að sleppa af honum takinu.

Hún tók sér nokkrar mínútur inni á baði til að leyfa tárunum að renna.

Eftir að hafa haft helgina til að hugsa málið var Braden farinn að hlakka til að fá dagheimili á vegum Mallory í Los Angeles. Hann vissi ekki gjörlla hvernig dæmið gengi upp, en ætlaði að bera undir hana nokkrar uppástungur um leiðir til þess að hún gæti rekið fyrirtækið, stækkað það og lifað um leið því lífi sem hana langaði til.

Þegar mánudagur rann upp var hann farinn að klappa sjálfum sér á bakið fyrir að hafa fengið þessa hugmynd. Boltinn hafði reynst henni vel tilfinningalega og fjárhagslega, en með barn á sínum snærum gæti hún hlúð að tilfinningahreysti sinni með örugginu sem annað dagheimili veitti henni.

Þó að hún hefði meira á sinni könnu daglega, að minnsta kosti til að byrja með, yrði áhyggjurnar minni til langs tíma lítið.

Mal hafði alltaf verið heildarmyndarkona. Hann hafði lifað fyrir hvert andartak í senn, en hún horft til framtíðar.

Hún hafði heldur ekki tíma til að borða með honum hádegismat á mánudeginum og af því að hann var að fara til Los Angeles að morgni þriðjudags beið hann eftir henni í lok vinnudags. Bara svo lítið bæri á, auðvitað. Hann fylgdist með út um gluggann og þegar hann sá hana ganga að bílnum sínum hringdi hann og bað hana um að bíða augnablik.

Hún sagðist þurfa að haska sér heim til að hringja nokkur mikilvæg símtöl, en þegar hann endurtók beiðni sína og sagðist vera að fara úr bænum morguninn eftir lét hún tilleiðast.

Ef hann vissi ekki betur héldi hann að hún væri að forðast hann.

Hann hristi höfuðið. Þannig hugsaði systir hans, en ekki hann. Hún bjó til mikla dramatík úr því að setja ímyndaðar, neikvæðar hugsanir um sig í höfuðið á öðru fólki. Mallory hafði enga ástæðu til að forðast hann. Þau höfðu ákveðið að hvorugt þeirra þyrfti nokkurn tíma að hafa áhyggjur af því að leita til hins.

Særðar tilfinningar og spennuþrungnar þagnir voru liðin tíð.

Þau voru ekki lengur hjón. Annað þeirra gat ekki látið sér mislíka fyrirætlanir hins, hugsanir, langanir eða þrár. Frá því höfðu þau gengið daginn sem þau skildu, um leið og þau ákváðu að þau skyldu alltaf vera vinir og gæta hvort annars. Eða eitthvað svoleiðis. Hann mundi ekki nákvæmlega hvað þau höfðu sagt, en þetta hafði verið inntakið. Undanfarin þrjú ár höfðu þau haft þessi orð í heiðri.

Þegar hann kom niður sat hún í bílnum.

–Eltu mig heim, stakk hann upp á. Íbúðin hans var ekki langt í burtu. –Ég skal panta mat og láta senda okkur. Þú getur verið komin heim eftir klukkutíma.

Hann beitti of miklum þrýstingi. En þau voru að byggja upp framtíð sína fjarri hvort öðru, enda þótt þau yrðu áfram vinir og myndu styðja hvort annað sem fyrr. Hann þurfti að fá öll smáatriðin á hreint.

Hann þurfti á því að halda að þetta dæmi gengi upp.

Of lengi hafði hann lifað í tómarúmi og honum var farið að finnast sem hann væri að sóa lífi sínu.

Ef þetta var bara tilfinning myndi hann hrista hana af sér þegar hann breytti lífi sínu. Braden reyndi aldrei að byggja fyrirætlanir sínar á óáreiðanlegum þáttum eins og tilfinningum. En þegar tilfinningar og staðreyndir blönduðust saman vissi hann hvernig bregðast skyldi við.

Mallory var þreytuleg að sjá þegar hún gekk á undan honum

inn í íbúðina hans. Og fjári kynþokkafull líka. Braden var hrifinn af konum og hafði eðlilega kynhvöt. En Mallory ýtti á leynda hnappa á honum sem engin önnur kona virtist geta fundið.

Líklega stafaði það af því að hann hafði ekki haft pláss fyrir aðra konu enn.

Ætla hefði mátt að margendurtekin höfnun á ástleitni hans síðasta árið sem þau voru gift, þar á meðal andstygð á hvers kyns snertingu, hefði slökkt neistann hjá honum.

En það var ekki svo.

Hann pantaði vín, lasanja og salat af veitingastaðnum á jarðhæðinni og þeim var færður maturinn skömmu síðar. Mallory leit í kringum sig í íbúðinni eins og eitthvað hefði breyst frá því að hún kom þangað síðast, fyrir þremur árum. Þá hafði hann verið nýfluttur inn.

Hún hefði átt að vita betur. Hún var sú sem hafði gaman af að punta í kringum sig. Hann var hrifinn af einfaldleika og hreinlæti. Ef íbúðin bauð upp á þetta tvennt var honum sama um flest annað.

Mallory leit á umhverfið, þar á meðal íverustað sinn, næstum því eins og þátt í tilveru sinni. Hún sinnti sínu nánasta umhverfi reglulega, bætti við það, breytti og viðhafði alls kyns tilfæringar.

Áður fyrr hafði hann gjarnan litast um í húsinu þegar hann kom heim úr ferðalögum til að gá hvort hann kæmi auga á breytingar, sem voru ævinlega einhverjar.

Ef hann fann þær fékk hann kynlíf fyrir kvöldmat.

Það hafði hann yfirleitt fengið.

–Viltu vínglas? spurði hann og dró flöskuna upp úr pokanum.

Hann varð að koma henni út úr höfðinu á sér og snúa sér að efninu.

–Það væri fint að fá íste, ef þú átt það til.

Auðvitað átti hann íste. Þau höfðu bæði verið mikið tefólk alla tíð. Hann hellti í glas handa henni og fékk sér sjálfur vín.

Mallory tindi til diska og hnífapör og lagði á borð fyrir þau í borðstofunni. Af svölunum þar var fagurt útsýni til hafs.

Hún hafði hrifist af útsýninu um leið og hún sá það. Það hafði ekki komið honum á óvart.

–Við hefðum getað farið á matsölustað, sagði hún þegar þau settust. Hún hafði ekki litið á hann frá því að þau komu inn.

–Það hefði tekið miklu lengri tíma og þú sagðist vera að flýta þér. Auk þess verðum við fljótari að ræða málin ef þjónustufólk er ekki alltaf að trufla okkur.

Hann hafði viljað ræða við hana undir fjögur augu og í þægilegu umhverfi. Það sem þau voru að gera flokkaðist sem mjög viðkvæmt einkamál. Hún ætlaði að eignast barn og nota til þess sæði úr honum. Og nú voru þau um það bil að ganga frá öðrum viðskiptasamningi sínum.

–Ég hélt að þú vildir sýna mér eitthvað, sagði hún. –Þú veist, sýna mér hvar allt er ef ég skyldi þurfa að sinna einhverju herna meðan þú ert í burtu.

Það var rökrétt, að hans áliti, enda hafði hann látið hana fá lykil.

–Til dæmis hvernig hitastýringin virkar eða hvar lokað er fyrir vatnið, bætti hún við.

Góðir punktar. –Ég skal sýna þér hvort tveggja áður en þú ferð, mælti hann og tók til matar síns. Hún fékk sér aðeins litla sneið af lasanja en þeim mun meira af salatinu. Hvítlauksbrauðið lét hún eiga sig.

–Þetta hefðum við átt að gera miklu oft, sagði hann og var afslappaðri þarna með henni en hann hafði nokkru sinni verið á veitingastöðunum sem þau höfðu matast á í áranna rás.

Hann var að minnsta kosti afslappaður þangað til hún leit upp og horfði í augun á honum. Þá rann allt blóðið til kynfæranna á augabragði.

Eitt andartak stirðnaði hann. Vissi hún það? Um hvað var hún að hugsa?

Nei, hún gat ekki vitað það. Neðri parturinn á honum var undir borðinu og í hvarfi. Og miklu svengri en maginn. Lasanja var ekki það sem hann langaði mest í þessa stundina.

–Mig langaði til að tala við þig um dagheimilið í Los Angeles, sagði Mallory og japlaði á salatblaði áður en hún saup á teinu.

Dagheimilið. Einmitt. Um það hafði hann líka ætlað að tala við hana.

Dagheimilið var efni þessa fundar. Ekki löngun hans í hana.

En veitingastaðir voru ekki með rúm í svefnherbergi skammt frá.

Hittust þau á veitingastöðum þess vegna?

–Þú veist, í nýju byggingunni þinni, sagði hún og hnyklaði brýnnar.

Hann kinkaði kolli. –Það var einmitt þess vegna sem ég bað þig um að koma hingað, sagði hann og stakk upp í sig vænum bita. –Ég er með ýmsar hugmyndir sem ég held að gætu aukið á öryggi þitt í framtíðinni og barnsins auðvitað líka, án þess að þú örmagnist á því að reyna að stjórna öllu.

Hann stakk upp á því að þau notuðu heitið Boltinn á nýja staðnum líka og innréttuðu hann í sömu litum og með sams konar herbergjaskipan. Grundvöllurinn yrði sá sami og eitt bókhaldskerfi þjónaði báðum heimilunum, en ráðin yrði forstöðukona til að stýra útibúinu í Los Angeles.

–Þú gætir sett upp öryggismyndavélar, bætti hann við.

Mallory hafði snætt salatið sitt þegjandi meðan hann lét móðan mása og stakk nú upp í sig einum af fjórum bitum sem hún hafði fengið sér af aðalréttinum.

–Þá geturðu séð hvað er í gangi í hverju herbergi um sig, allan daginn ef þér sýnist svo, og tryggt að komið sé fram við börnin af því ástriki og þeim aga sem hafa aflað þér svo mikillar virðingar.

Hún sýndi engin viðbrögð, en af svipnum að dæma hafði hún áhuga á því sem hann var að segja.

–Og til að tryggja að grundvallarheimspekin breytist ekki gætirðu boðið Juliu forstöðukonustarfið, til dæmis. Þú sagðir að hún hefði átt erfitt síðan John dó. Kannski yrði það henni til góðs að breyta til.

Julia, sem var næstráðandi á dagheimilinu og hægri hönd Mallory, hafði misst manninn sinn í vélhjólaslysi ári áður. Þau voru á fimmtugsaldri og barnlaus. Julia hafði kosið að vinna við umönnun barna í stað þess að ættleiða þau. Hún hafði sótt um starf hjá Mallory áður en Boltinn opnaði.

–Hún er að slá sér upp með einhverjum manni þessa dagana, sagði Mallory. –Einstæðum föður með tvö börn, strák og stelpu, sem bæði eru yngri en tíu ára.

–Voru þau á Boltanum?

–Nei, Julia kynntist honum gegnum sameiginlegan kunningja. Maðurinn er verkfræðingur.

Þetta hefði hann átt að vita. Af hverju hafði hann ekki vitað það? Þau Mallory töluðu reglulega saman.

Hann yppti öxlum og stakk upp í sig bita. –Kannski er Donna til í tuskið, sagði hann og fór í huganum yfir starfsstúlkurnar á dagheimilinu og það sem hann vissi um þær.

Mallory var að því komin að seilast í bita af lasanja á diskinum hans, en snarhætti við það. Þau stirðnuðu bæði og góndu hvort á annað.

Sú var tíðin að þau höfðu oft borðað hvort af annars disk. Yfirleitt var það hann, sem dró hana að landi. En á síðustu árum hafði hvorugt þeirra farið yfir þessi mörk.

–Fyrirgefðu, sagði hún og lagði frá sér gaffalinn.

–Nei, sagði hann og ýtti diskinum sínum nær henni. –Gjörðu svo vel. Ég klára þetta ekki.

Hún horfði á hann í nokkrar sekúndur og hann á móti. Hann hefði átt að líta undan. Það hafði kynferðislega örvandi áhrif á hann að horfast í augu við hana, en hann gat með engu móti hætt

því. Að lokum tók hún upp gaffalinn og fékk sér bita af diskinum hans.

Hann fylgdist með henni stinga bitanum upp í sig og missti servíettuna.

Það var eins gott að hann var að flytjast til Los Angeles.

Eins gott.

10. kafli

Hún varð að segja Braden að hún ætlaði ekki að opna annað dagheimili. Alla vikuna og fram í þá næstu sagði Mallory við sjálfa sig að hún myndi gera það á morgun. Á hverjum degi myndi það gerast daginn eftir.

Hún varð að fjarlægjast hann. Þau höfðu sannað að þau hent-uðu ekki hvort öðru nema sem vinir. Eftir lát Tuckers höfðu leif-arnar af hjónabandi þeirra næstum riðið henni að fullu.

Þau nálgudust lífið bara úr ólíkum áttum. Þau þurftu á ólíkum hlutum að halda til að vera ánægð.

Hvers vegna hafði hún þá ekki gripið fram í fyrir honum í íbúðinni hans vikuna áður og sagt að hún hefði skipt um skoðun varðandi þátttöku í verkefninu hans í Los Angeles?

Hún vissi það eiginlega ekki.

Hann þurfti svo sem ekki að vita það strax. Hann myndi hafa dagheimili í húsinu hvort sem hún kæmi nálægt rekstri þess eða ekki. Hún þyrfti ekki að hefja neins konar undirbúning fyrir en eftir marga mánuði.

Samt ætti hann að vita af þessu.

Hún var á leiðinni til Marie Cove. Hún átti tíma á læknastof-unni. Liðinn var nákvæmlega mánuður frá því að hún ók þessa sömu leið með Braden.

Hún naut þagnarinnar í bílnum, hlustaði á veghljóðið og leyfði sér að slaka á undir stýri. Hún rifjaði um samskiptin við

Braden á liðnum vikum. Upp í hugann kom atvikið þegar hann kallaði í hana og bað hana um að bíða. Svo hvarflaði hugurinn til baka að þeim dögum þegar hún hafði forðast allar tilraunir hans til að ná fundi hennar.

Þá hafði hún vitað að hún yrði að segja honum hug sinn.

Á mánudagskvöldið fyrir rúmri viku hafði hann boðið henni heim. Hún hafði ekki einu sinni maldað í móinn. Það hafði nefnilega verið skynsamlegt að kynna sér íbúðina og það sem þar var að finna fyrst hann hafði beðið hana um að gæta hennar þegar hann var fjarverandi.

Þá hafði hún ætlað að nota tækifærið og segja honum að hann yrði að komast af án hennar í Los Angeles. Hún hafði meira að segja verið tilbúin til þess. Hugmyndin var snjöll og skemmtileg, en hentaði henni ekki.

Svo höfðu þau sest við borðið og horft út um gluggann. Þau höfðu verið tvö ein. Hann hafði farið að tala um dagheimilið og hún ekki sagt aukatekið orð.

Hann hafði hugsað mjög mikið um málið og til dæmis bent á að auknar öryggisráðstafanir myndu færa henni meiri hugarró en ella þegar hún yrði einstæð móðir.

Það var skynsamlega ályktað.

Hann hafði stutt hana með ráðum og dáð síðan þau skildu.

Og svo hafði hann horft á hana... oftast en einu sinni.

Vissi hann að bláu augun hans dökknuðu þegar hann varð kynæstur? Hafði hún einhvern tíma sagt honum það?

Hún hafði séð hann horfa svona á sig þúsund sinnum. Henni hafði brugðið mjög er hún bar kennsl á augnatillitið og um hana hríslast gæsaþú.

Eitt andartak svaraði kroppurinn á henni skilaboðunum og hún fann líf kvikna á stöðum sem hún hélt að væri löngu komnir í eyði. Að minnsta kosti hafði hún haldið að Braden gæti ekki kveikt neista þar lengur.

Þess vegna hafði hún ekki sagt honum frá því að hún hefði skipt um skoðun.

Sannleikurinn kallaði fram svo mikinn skjálfta að Mallory missti af fráreininni.

Þó að Braden hefði farið tvisvar til San Díégó síðan þau Mallory snæddu saman heima hjá honum hafði hann ekki hitt hana. Það var með ráðum gert. Hann þurfti að fá tíma til að jafna sig, endurheimta sjálfsstjórnina og búa sig andlega undir það að hitta hana á ný.

Hann hafði kynnst konu í Los Angeles. Hún var arkitekt eins og Don Miller, sem hafði teiknað bygginguna í San Díégó og var að breyta teikningunum til að þær hentuðu sams konar byggingu í Los Angeles. Don hafði hringt í Önnu og beðið hana um ráðgjöf í sambandi við nokkur atriði sem snertu það hvernig húsið gæti sem best fallið inn í landslagið. Þrenningin hafði hist í hádeginu og borðað saman.

Síðan hafði Braden snætt með henni kvöldverð. Tvisvar.

Hann kunni mjög vel við hana. Betur en nokkra aðra konu sem hann hafði átt stefnumót við síðustu þrjú ár.

Hún bjó ein, heimsótti ættingja sína í San Fransískó reglulega, hafði peningavit og fallett bros. Þá var hún hláturmild og laus við alla dramatík. Af öllum sólarmerkjum að dæma kunni hún mjög vel við Braden líka.

Hann hugðist snæða hádegisverð með henni á fimmtudeginum, rúmri viku eftir að þau Mallory borðuðu saman heima hjá honum, en hafði gælt við þá hugmynd allan morguninn að afboða komu sína.

Hann hafði nefnilega hringt í fyrrverandi eiginkonu sína kvöldið áður. Þá hafði hún minnst á næstu heimsókn á læknastofuna, en tíminn var klukkan ellefu þennan morgun. Hún var með egglos og því bjartsýn.

Hann var ekki búinn að segja Önnu frá Mallory, að öðru leyti en því að hann væri fráskilinn og þau fyrrverandi konan hans væru enn ágætir vinir. Hitt ætlaði hann að segja henni þegar samband þeirra hefði þróast frekar.

Hann sat í svítunni sinni og var að fara yfir teikningarnar sem hann hugðist láta verktakann frá síðar um daginn. En hugurinn var á reiki.

Líkast til myndi samband þeirra Önnu þróast mjög hratt á næstunni.

Það kom þó ekki í veg fyrir að hann gæti aflýst hádegisverðarfundinum þeirra.

Mallory yrði í Marie Cove.

Hann gæti sent henni textaboð og sagt að hann gæti hitt hana við læknastofuna. Þá gætu þau fengið sér eitthvað fljótlegt í hádeginu. Hún myndi þurfa að haska sér til baka, enda var henni meinilla við að taka sér frí á virkum degi. Þó var hún sú sem öllu réði og gat því tekið sér frí þegar henni sýndist. En hvað um það. Hún yrði að borða eitthvað áður en hún æki til San Díégó. Það var næsta víst.

Hann þurfti líka að segja henni frá Önnu. Hann gæti verið kominn aftur hingað tímanlega fyrir næsta fund.

Hann tók upp símann og sendi skilaboðin.

Mallory sat ein á bekknum, klædd pappírssloppi og með teppi um sig, og beið eftir læknum. Hún var með símann í hendinni og spilaði raðleik. Eitthvað varð hún að hafa fyrir stafni meðan hún beið.

Hún hafði verið vigtuð og látin spræna í glas. Blóðþrýstingurinn hafði verið mældur. Eftir fáeinar mínútur yrði sæði úr Braden dælt í legið á henni.

Þetta var bara ferli. Hún hafði gengið í gegnum það fyrr. Og hún efaðist ekki eitt augnablik um að hún væri að gera rétt.

Það angraði hana miklu meira að henni skyldi hafa mistekist að segja Braden að hún væri hætt við að reka dagheimilið í Los Angeles. Hafði það gerst vegna þess að hún laðaðist enn að honum?

Kynlöngunin hafði komið og horfið á svipstundu svo að Mallory hafði neitað að horfast í augu við hana. En atvikið hafði valdið henni hugarangri æ síðan.

Fyrrverandi eiginmaður hennar hafði kveikt með henni girnd.

Ef til vill hafði hún verið að ímynda sér þetta allt saman. Kannski höfðu viðbrögðin orðið svona sterk vegna þess að henni brá þegar hún sá að hann var kynæstur. Henni hafði orðið hverft við þegar hún sá blikið í augunum hans. Kannski voru hormónarnir bara að stríða henni einn ganginn enn.

Ef til vill stafaði þetta allt saman af því að hún notaði sæði úr honum.

Í þeim svifum suðaði síminn hennar. Hún hafði fengið skilaboð, sem nú birtust á skjánum.

Viltu hittast í hádeginu og borða eitthvað fljótlegt?

Tímasetningin var engin tilviljun. Um það var hún öldungis viss.

Já.

Hún ætlaði að segja honum að hún væri hætt við að taka þátt í Los Angeles-verkefningu.

–Mallory, þú mátt klæða þig, sagði læk'nirinn Sharon Miller þegar hún kom inn í skoðunarherbergið og lokaði dyrunum á eftir sér.

Síðast hafði hjúkrunarfræðingur komið inn á undan læk'ninum með bakka fullan af alls kyns áhöldum. Mallory hafði búist við honum.

–Klæða mig? Nú skil ég ekki.

Varla hafði hún komið á vitlausum tíma? Henni hafði verið

hleypt inn eins og ekkert væri og hún látin fara í gegnum hina venjulegu vitleysu áður en meðferðin byrjaði.

Mallory vissi ekki hvaðan á sig stóð veðrið þegar Miller brosti út að eyrum. –Þú ert þunguð.

Öll líkamsstarfsemi hennar lamaðist og hófst síðan aftur á tvöföldum hraða. Hjartað ólmaðist, andardrátturinn varð ógnarhraður og í maganum myndaðist vænn hnútur. Það var eins og hún gæti fundið allt í einu. Í hægagangi.

–Ha?

Hún vissi ekki hvað segja skyldi og trúði vart sínum eigin eyrum.

–Niðurstaðan úr þvagprufunni var jákvæð. Við gáum alltaf að því áður en við gefum sprauturnar.

–En ég hafði á klæðum.

Blæðingarnar höfðu verið afar litlar og ómerkilegar. En það var ekki óalgengt þegar hún var stressuð.

Miller lagði lófann á handarbakið á Mallory. –Þú ert nú samt þunguð, ljúfan.

Var hún þunguð? Var nýtt barn að vaxa inni í henni? Var hún ekki lengur bara Mallory Harris, fráskilin móðir látins barns?

Var hún verðandi móðir?

–Ég fékk egglos, sagði hún og kyngdi til að losna við þurrkinn úr hálsinum.

–Niðurstaða úr egglosprófi er yfirleitt jákvæð ef konan er ófrísk.

Það hafði Mallory ekki vitað.

–Er ég ófrísk?

–Komin fjórar vikur á leið, sagði Miller læknir og brosti enn. –Það er einn kosturinn við tækniþrjúgvun. Það þarf ekki að giska á getnaðartímann.

Mallory kinkaði kalli.

–Þú þarft að hitta lækninn þinn eins fljótt og unnt er, hélt

Miller áfram og fór síðan að tala um vítamín, meðgönguna og alls kyns próf sem Mallory þyrfti að fara í. Flest þeirra kannaðist hún við frá því að hún gekk með Tucker. –Ég mæli með ómskoðun eftir sjöttu viku. Það er algengt þegar um tæknifrjövgun er að ræða. Hún er bara gerð til að ganga úr skugga um að allt sé í lagi.

Síðan gaf hún Mallory upp dagsetninguna, 10. desember.

–Ég ætla þá að leyfa þér að klæða þig, sagði hún að lokum. –Það var gaman að kynnast þér, Mallory. Gangi þér vel og gleðileg jól.

Að svo mæltu fór konan sína leið en eftir sat Mallory og gapti.

Gleðileg jól! Um síðustu jól hafði hún verið á báti með vin-konum sínum, meira einmana en nokkru sinni.

Um þarnæstu jól ætti hún fjölskyldu á nýjan leik. Hún væri mamma og héldi á barninu sínu í fanginu. Ef allt gengi að ósk-um.

Allt í einu varð helltist yfir hana óskaplegur ótti. Hún átti að fara í ómskoðun eftir sjöttu viku, bara til að athuga hvort allt væri í lagi.

Það hafði Miller læknir sagt.

En hún gæti ekki varpað öndinni léttar fyrir en hún væri komin á sjötta mánuð.

Nei. Hún hristi höfuðið, stóð upp og seildist í fötin sín. Hún ætlaði ekki að láta ótta stjórna lífi sínu. Fortíðin fengi ekki að stela af framtíðinni.

Hún yrði móðir á ný. Það var sannleikur augnabliksins.

Hún ætlaði að hugsa um það sem fyrir lá, ekki það sem gæti orðið.

Hún gæti hamið óttann.

Inni í henni óx barn.

Ja, hver röndóttur!

Elliott-læknastofan var ekki langt frá hraðbrautinni. Braden notaði GPS-apparatið sitt til þess að finna stað þar sem fá mætti hollan skyndibita og sendi Mallory svo heimilisfangið.

Þegar hann kom þangað beið hún hans þar. Hún sat í einum básnum innan um vel klætt kaupsýslufólk. Mennirnir tveir fyrir aftan hana virtust eiga í hrókasamræðum.

Alveg eins og hann daginn áður þegar hann hitti aðalfjórðinginn sinn.

Á þessari stundu öfundaði hann mennina tvo. Hann vildi miklu frekar tala um peninga en segja fyrrverandi konunni sinni að hann væri farinn að hitta aðra konu. Ef samband þeirra Önnu þróaðist yrði hann að sjá til þess að framtíðin bæri ekki í skauti sér tilfinningaþrungnar samræður eins og þá sem var hugsanlega í aðsigi núna.

Það var ekkert stórmál þótt hann færi út með konu. Hann hafði gert það nokkrum sinnum og ævinlega sagt Mallory frá því.

En Anna var öðruvísi.

Hún tilheyrði Los Angeles. Nýja lífinu hans.

Þannig óttaðist hann að minnsta kosti að Mallory liti á málið. Hún myndi gera úr því meira mál en það var á þessu augnabliki.

Hún myndi spyrja hann hvort grunsemdir sínar væru á rökum reistar.

Og hann gæti ekki neitað því, vegna þess að einhvern tíma í framtíðinni gætu þær orðið það.

Hún hafði þegar pantað te handa þeim. Það beið þeirra á borðinu.

—Ég pantaði handa þér grillaða kjúklingasamloku með frönskum sætkartöflum, sagði hún þegar hann var sestur. —Þú verður að fyrirgefa, en ég er á hraðferð.

—Nei, það er bara fínt, sagði hann og brosti.

Hún ljómaði öll og eitt augnablik vaknaði limurinn til lífsins. Var hún svona glöð að sjá hann?

Svo áttaði hann sig.

Hún var nýbúin að fá sæði. Þess vegna ljómaði hún. Það lá í hlutarins eðli.

Af hverju voru viðbrögð hans gagnvart þessari konu svona sterk? Var tilfinningaleg nálgun hennar á lífið smitandi? Hafði hann smitast þegar þau giftust? Var þetta einhver sjúkdómur sem hann gat ekki hrist af sér?

Þrjú ár voru liðin. Var hann fallinn fyrir henni aftur?

–Sko, við höfum ekki mikinn tíma svo að ég ætla að koma mér beint að efninu. Ég get ekki rekið dagheimili í Los Angeles, Braden. Ég er þér afar þakklát fyrir boðið og þetta gæti orðið alveg magnað, en ég hef ákveðið að afþakka.

Hann varð rólegri. Skynsemur og rökfastur. Sjálfum sér líkur.

–Af hverju? Þetta ætti ekki að verða þér mjög erfitt, nema kannski í byrjun. Ég skal sjá um að þú þurfir ekki að hafa áhyggjur af stofnfénu. Ef þú lætur annan um daglegan rekstur og ert með myndavélar ættirðu ekki að þurfa að skipta þér of mikið af staðnum og fjárhagslegt öryggi þitt batnar til muna.

Hann hafði haldið að málið væri frágengið. Hugmyndin var góð. Hann ætlaði að hafa barnaheimili í húsinu og viðskiptalíkanið hafði þegar gengið fullkomlega upp í San Dégó. Þetta gæti fært einhverjum umtalsverðan hagnað og hann vildi gjarnan að hagnaðurinn færi til manneskju sem honum þótti vænt um.

–Hugmyndir þínar, yfirsýn og reynsla eru það sem ég þarf á að halda. Þá skilja leigjendurnir mínir börnin eftir á dagheimilinu án þess að hafa minnstu áhyggjur. Þú verður ekki í vandræðum með að bjóða þeim afsláttarkjör, enda hefurðu sjálf séð að það borgar sig að dagheimilið sinni einkum og sér í lagi börnum fólks sem býr í húsinu. Við getum sýnt skjólstaðingunum hvað Boltinn í San Dégó gengur vel. Tilvonandi leigjendur með ung börn geta keyrt þangað, heimsótt þig og séð með eigin augum hvað þú býrð börnunum frábært umhverfi.

Hann hefði haldið áfram að tala ef maturinn þeirra hefði ekki verið borinn fram á þeirri stundu.

Hún hafði pantað sér hálfá kjúklingasamloku og súpu og tók þegar til matar síns.

–Jæja? spurði hann eftir að hafa stungið upp í sig fáeinum munnbitum.

Hún hristi höfuðið. –Þetta hljómar vel, Bray, en ég get það ekki.

Konan var óbifanleg. Hann virti hana fyrir sér og botnaði ekkert í henni.

Líklega voru þau ekki lengur hjón þess vegna.

Hann vildi að hún skildi.

Hann vildi að hún yrði þátttakandi í ævintýrinu í Los Angeles. Það var hentugt fyrir hana og fjárhagslega hagkvæmt.

Hún myndi hafa það gott og hann hefði minni áhyggjur af henni.

–Ég myndi vera til staðar og fylgjast með, sagði hann. –Þú veist að ég myndi aldrei láta neitt fara úr böndunum. Ég gæti þín eins og hingað til.

Þá brosti hún og við það vaknaði kynhvöt hans einu sinni enn.

–Ég veit það. Þess vegna get ég ekki gert þetta.

Hann fórnaði höndum. –Ég skil þig ekki.

–Þú fluttist til Los Angeles í þeim tilgangi að byrja nýtt líf. Við vitum bæði að það þýðir að þú verður að fjarlægjast mig. Hvernig ætlarðu að fara að því ef ég elti þig?

–Ég á mér alveg nýtt líf í Los Angeles. Ég bý á nýjum stað og hef kynnst nýju fólki.

Til dæmis Önnu. Og fleirum, sem hann hafði hitt á undanförunum vikum. Náungum sem höfðu boðið honum í golf. Fólki á knæpu einni þar sem boðið var upp á pílukast. Braden hafði verið býsna leikinn pílukastari á árum áður.

Hvaða svipur var þetta á henni? Vorkunnsemi?

Nei. En hvað þá?

–Segðu mér eitt. Myndirðu þiggja boðið ef við vissum ekki að líf okkar væri að staðna og þyrfti að breytast? Að við þyrftum að hvíla okkur hvort á öðru? Myndirðu taka boðinu ef þetta væri bara tilboð um þátttöku í viðskiptum?

–Sennilega. Eins og þú sagðir er heilmikið vit í þessu.

–Þá skulum við salta þetta í bili og hugsa málið. Gá hvernig mér gengur í Los Angeles og þér í San Díégó. Ég held að þú munir komast að því að fjarlægðin sem við þurfum á að halda verði fyrir hendi.

Hún hristi höfuðið. –Ég veit að ég þarf að segja nei, Bray.

–Gerðu það, bað hann.

Hann gat ekki annað. Hugmyndin var frábær fyrir þau bæði.

Allt í einu kom honum dálítið til hugar. Hún hafði orðið að berjast af hörku við kvíðaköst og ótta sem höfðu heltekið hana eftir andlát Tuckers. Þau höfðu aðeins staðið yfir í tvo mánuði, en hún hafði samt orðið felmtri slegin.

–Ertu hrædd um að þú getir ekki sleppt af mér takinu?

Hún leit snögg á hann. Aftur fór um hann fiðringur.

–Ég er ófrísk, Bray.

Hann missti samlokuna. Í fyrstu tók hann ekki eftir því. Hann sá ekkert annað en blikið í augum hennar og þennan einkenni-lega svip. Þetta var ekki svipur vorkunnsemi, heldur samúðar. Eitt sinn hafði hann kallað þetta „mömmusvipinn“.

Hann hefði mátt vita það.

–Ég hélt að þú hefðir haft blæðingar.

–Ég hafði þær. En í morgun var gerð rannsókn og niðurstaðan leiddi í ljós að ég er ófrísk.

Humm.

Jæja.

Það var og.

Hann kinkaði kolli.

Og þegar hann taldi sig hafa melt tíðindin sagði hann henni að hann væri byrjaður með konu.

11. kafli

Fyrstu helgina á eftir hafði Mallory í nógu að snúast við að kaupa ýmislegt fyrir barnið.

Hún hafði skreytt herbergið hans Tuckers með gulum og grænum litum, giróffum, filum og öpum. Í þetta sinn valdi hún aðallega grunnliti ásamt blöðrum og böngsum. Hún keypti líka nýtt barnarúm ásamt skiptiborði í stíl.

Þegar hún hafði fyllt bílinn af varningi ók hún heimleiðis með hann. Síðan fór hún aðra ferð og fyllti bílinn á ný.

Ef þú útbýrð hann, koma þeir.

Þessum frasa skaut upp í huganum á henni. Hann var úr einhverri gamalli bíómynd um gerð hafnaboltavallar.

Ef hún útbyggi herbergið kæmi barnið.

Þá væri allt klárt.

Næstu mánuði þyrfti hún að afla sér meiri fanga. Hún þurfti að kaupa föt, bleyjur, leikföng og fleiri skreytingar í herbergið. Og ruggustól. Hún ætlaði að kaupa sér gamlan stól í þetta skipti, ekki nýmóðins eins og hún hafði átt áður.

Því sem hafði tekið hana marga mánuði að gera í fyrra skiptið hespaði hún nú af á nokkrum dögum.

Nú var öll rannsóknarvinna óþörf. Hún vissi hvernig rólu hún vildi kaupa og hvers vegna. Hún var með svoleiðis rólur á dagheimilinu. Hún var einnig með bílstólinn, burðarrúmið, barnastólinn í eldhúsið og göngugrindina á hreinu. Hún var kona sem vissi nánast allt um barnavörur, meira að segja brjóstadælur.

Þegar komið var fram á sunnudaginn var hún orðin sátt við útlitið á barnaherberginu, sem var beint á móti svefnherberginu hennar. Burðarrúmið var meira að segja í stíl við innréttingarnar.

Svo varð hún allt í einu gripin skelfingu.

Hvað ef eitthvað kæmi fyrir? Hvað ef hún missti fóstrið? Hefði hún átt að biða þangað til hún var komin að minnsta kosti þrjá mánuði á leið? Hvað ef hún klúðraði einhverju, eins og þegar hún hafði farið frá Tucker þetta örlagaríka kvöld?

Ef þú útbýrð hann, koma þeir.

Hún var að útbúa. Undirbúa. Það yrði ekkert klúður.

Hjartað sló ört og hún andaði rólega nokkrum sinnum til þess að ofanda ekki. Hún þakkaði sínum sæla fyrir að Braden skyldi ekki hafa orðið vitni að þessari helgi hjá henni.

Svo hringdi hún í Tamöru.

Braden hafði ekið til San Díégó að sækja bátinn sinn og koma honum fyrir í höfninni nálægt hótelinu þar sem hann hafðist við. Þegar sunnudagurinn rann upp bauð hann Önnu í siglingu.

Hún var hvorki fyrir fiskveiðar né sólböð. Hún skemmti sér hins vegar konunglega við að stýra bátnum og hló þegar aldan skall á honum. Braden hló líka. Hann stóð fyrir aftan hana og kenndi henni handtökin.

Svona átti lífið að vera.

En síðar um daginn, þegar þau voru komin til hafnar og hún gaf í skyn að hún væri tilbúin að verja nóttinni með honum líka, kaus hann að fara í vinnuna. Hann þurfti að fara á fundi morguninn eftir og varð að búa sig undir þá.

Mallory var þunguð. Það var sanngjarnt að hann segði Önnu frá því áður en þau svæfu saman. Hugsanlega yrðu viðbrögð hennar neikvæð.

Hann bjóst ekki við því. Hví skyldu þau verða neikvæð?

Engu að síður var rétt að Anna fengi að vita þetta.

Á leiðinni heim á hótelið hringdi hann í Mallory og hugðist fá álit hennar á málinu. Mallory var kona og vissi ábyggilega betur

en hann hvernig ætti að kynna stöðuna fyrir konu sem hugsanlega yrði kærastan hans með tíð og tíma.

En Mallory svaraði ekki.

Hún var örugglega úti að kaupa barnavörur. Hann mundi vel hvernig hún hafði látið í fyrra skiptið og taldi sig geta spáð fyrir um hegðun hennar nú. Hann þóttist meira að segja vita í hvaða búðir hún færi. Þetta tæki marga mánuði. Utan vinnutímans myndi hún ekki hugsa um annað.

Í fyrstu hafði hann ekki verið vitund skárri. Minningarnar helltust yfir hann þegar hann lagði bifreiðinni í bílakjallaranum og tók lyftuna upp í svítu. Hann hafði frétt af afskekkttri verslun sem seldi handsníðuð barnahúsgögn og hringt í Mallory til að þau gætu farið saman og kannað hvort þar fengi hún vögguna sem hana langaði í.

Þau höfðu málað barnaherbergið saman. Hann hafði óvart rekist utan í hana með rúlluna. Hún hafði gefið honum svo magnað girndarauga að hann hafði rennt rúllunni upp eftir bolnum hennar.

Svo hafði hann fleygt rúllunni frá sér og dregið niður um sig buxurnar.

Hún hafði farið að dæmi hans.

Þannig höfðu þau oft og mörgum sinnum elskast. Skyndilega. Af ástríðu. Hvenær sem færi gafst.

Þangað til hún fór að draga sig í hlé. Það hafði hann svo sem skilið. Það hafði orðið henni æ erfiðara að finna þægilega stöðu, hvort sem hún lá eða sat.

Hann hafði talið víst að allt yrði eins og áður þegar barnið væri komið í heiminn.

Þar hafði honum heldur betur skjátlást. Mallory varð nefnilega fyrst og fremst móðir.

Hún virtist ekki hafa neinn áhuga á eiginkonuhlutverkinu lengur.

Ekki fyrr en síðustu nóttina.

Ef til vill hafði hann verið of óþolinmóður og ekki veitt henni nægan tíma til aðlögunar. Tucker hafði verið henni afar dýrmaet gjöf.

Hún hafði þurft á því að halda að hann sæti hjá henni.

Hann hafði þurft á kynlífi að halda. Eða bara félagsskap.

Hann hafði haft þörf fyrir að skipta máli.

Hann gat ekki álasað henni fyrir móðurtilfinningarnar. Ekkert af því sem hún gerði hafði verið rangt. Hún hafði verið frábær móðir.

Og hún var síður en svo hætt að tala við Braden. Á hverjum degi spurði hún hvernig vinnudagur hans hefði verið.

Kynlífsskorturinn hafði ekki verið það eina sem angraði hann. Langt í frá.

Þegar hún leit á hann var eins og hún sæi hann ekki í raun og veru. Hún sá það sem Tucker var að gera, jafnvel þótt hann væri í fastasvefni í vöggunni sinni.

Og þegar hann talaði hafði hún alltaf hlustað eftir barninu með öðru eyranu. Hún hafði tekið með sér ekkisens talstöðina hvert sem hún fór.

Að lokum hafði honum farið að verða í nöp við apparatið. Þess vegna hafði hann lagt svo hart að Mallory að fá að hana hana fyrir sig eina nótt.

Nóttin hafði verið stórkostleg. Ástarleikurinn sá besti sem hugsast gat. Og Mallory hafði séð hann aftur og hlustað á hann. Hún hafði kunnað að meta að hann var þarna, horfði á hana og elskaði hana. Hann hafði haldið að þessi nótt myndi leysa öll þeirra vandamál. Hann hafði verið tilbúinn að halda heim og gefa henni tíma til að aðlagast, sannfærður um að með tímanum fengi hann smátt og smátt ofurlítið meiri athygli frá henni.

Þess í stað hafði verið hringt í þau. Þá hafði heimurinn hrunið. Ástandið var skelfilegt og hélt bara áfram að versna.

Með viskíglas í hendi stóð hann við gluggann á svítu sinni og var í vondu skapi. Hann rifjaði upp minninguna um það þegar honum varð ljóst að þau Mallory myndu skilja að skiptum. Hann hafði verið á hóteli, ekki ósvipuðu þessu, í viðskiptaerindum og kviðið heimferðinni.

Kona nokkur hafði fyrr um kvöldið boðið honum að gista hjá sér. Það boð hafði hann vitanlega ekki þegið. Hann tók hjúskaparheitið alvarlega og hefði aldrei verið Mallory ótrúr. Hann var líka handviss um að það sama gilti um hana.

Hins vegar hafði það verið freistandi. Ó, já, svo sannarlega.

Þá hafði honum orðið ljóst í hvað stefndi.

Hann saup á drykknum og hlammaði sér í sófann.

Þegar hann hafði fengið þær fréttir að þau ættu von á barni hafði hann orðið himinlifandi.

Mallory var að upplifa þá tilfinningu núna.

Á meðan sat hann í hótélherbergi, drakk viskí og hafði í hyggju að sofa hjá Önnu um leið og hann væri búinn að segja henni að Mallory væri barnshafandi.

Merkilegt hvernig lífið fór í hringi og var samt eilíft klúður.

Tamara kom að heimsækja Mallory þennan sunnudag í stað þess að hringja í hana eins og þær höfðu orðið ásáttar um. Það fyrsta sem Mallory sagði henni var að Braden hefði boðið sér að færa út kvíarnar að því er Boltann varðaði og opna annað dagheimili í byggingunni hans í Los Angeles.

Tamara hafði ekki þurft að koma en Mallory skildi af hverju hún hafði ákveðið að gera það. Mallory hafði oft heimsótt Tamöru og Flint eftir að sá síðarnefndi eignaðist óvænt litla systur og varð forráðamaður hennar. Mallory myndi ekki hika við það fremur en áður ef Tamara þyrfti á því að halda.

Þær voru tvær öflugar konur sem höfðu orðið fyrir óskapleg-

um harmi en voru staðráðnar í því að lifa hamingjuríku lífi. Þær áttu ýmislegt sameiginlegt sem fólk, sem aldrei hafði misst barn, gæti aldrei skilið til fulls.

–Sagðirðu já? spurði Tamara spennt.

Mallory varð rólegri. Hún hafði óttast að Tamara yrði hneyksluð eða áhyggjufull.

Þær fengu sér íste og fóru með glösin út á litla pallinn við eldhúsið, þar sem þær settust við kringlótt borð.

–Ég sagði nei, svaraði Mallory glöð. Svo lagfærði hún svarið. –Fyrst sagði ég já, en þegar ég fór að hugsa málið og íhuga það sem við höfðum talað um varð mér ljóst að ég hafði sagt já af rangri ástæðu.

–Hvaða ástæða var það?

–Mig langaði til að taka áfram þátt í lífi hans. Ég nota hann sem hækju og kem þannig í veg fyrir að ég geti haldið áfram og lifað lífinu.

Hún hafði ótalmargt fleira að segja. En fyrst vildi hún koma þessu frá.

Það skipti nefnilega miklu máli.

Móðurhlutverkið var einungis einn þáttur í lífi hennar. Það hafði hún lært af biturri reynslu. Þegar hún missti Tucker missti hún sjálfa sig. Sjálfsmynd hennar hafði mótast svo mjög af honum að hún hafði næstum glatað sínu eigin lífi.

Hefði sonur hennar lifað hefði þetta ekki orðið honum til góðs. Hún hefði verið alltof upptekin af honum. Þó að hún sæi ekki fyrir sér að hún ætti eftir að giftast á ný og verða góð eiginkona þurfti hún samt að eiga heilbriggt samband við annað full-orðið fólk. Sjálfs sín vegna og barnsins.

–Þegar hann bauð mér þetta var ég ekki lengur döpur yfir fyrirætlunum hans. Þar með taldi ég víst að mig langaði til að taka þátt í þeim.

Tamara hleypti brúnum.

–Nei, hann var ekki að bjóða mér þetta af sömu ástæðu, Tamara. Við erum ekki maður og kona sem erum enn ástfangin og örlögin hafa ætlað að vera saman.

Tamara sá sanna ást í hverju horni eftir að hafa sjálf orðið yfir sig ástfangin.

Mallory fannst það yfirleitt skemmtilegt. Nema núna, þegar Tamara sá ástina í henni.

–Braden var bara sjálfum sér líkur. Hann tilgreindi fjölmargar ástæður fyrir því að það yrði gott fyrir mig að færa út kvíarnar.

Tamara spurði hverjar þær væru og Mallory taldi þær upp.

–Svo er hann farinn að hitta konu reglulega, bætti hún við að lokum.

Aftur hleypti Tamara brúnum.

–Hvað? spurði Mallory.

–Ef röksemdir hans eru góðar, ertu þá viss um að þú sért ekki að láta fortíðina ræna þig framtíðinni? spurði Tamara og horfði fast á hana.

–Ég skil ekki. Er ég ekki að því ef ég tek boðinu?

–Er það?

Hún hefði gjarnan viljað láta í ljós gremju sína og snúa sér að öðru, en hún hafði ekki haft samband við Tamöru til þess.

–Ég veit það ekki. Ég hafnaði boðinu á fimmtudaginn. Við borðuðum saman í hádeginu. Hann sagðist myndu skilja dyrnar eftir opnar og taldi aftur upp allar ástæðurnar fyrir því að hugmyndin væri góð. Hann sagði að ég gæti hugsað málið í nokkra mánuði. Ekkert lægi á.

–Ætlaðu að gera það?

Auðvitað ætlaði hún að gera það. –Mig langar til þess. Ég vil bara vera viss um að ég geri það af réttum ástæðum.

–Taktu þér þá þann tíma sem hann hefur gefið þér. Veltu málinu fyrir þér annað slagið á næstu mánuðum. Gáðu hvort tilfinningar þínar breytast.

Hún brosti. –Þakka þér fyrir.

–Það var nú ekkert, sagði Tamara brosandí og kvaðst vera fegin að hafa getað komið og hvílt sig á því að laga til í garðskúrnum. Diamond Rose litla var hjá afa sínum og ömmu þennan dag. Tamara þurfti bara að vera komin heim tímanlega um kvöldið til að baða telpuna, gefa henni að drekka og koma henni í háttinn.

Mallory brosti út að eyrum.

–Ég hef fleiri fréttir að færa. Ég er ófrísk.

–Ha? skrækti Tamara svo hátt að nágrannarnir hlutu að hafa heyrt lætin. Spratt hún svo á fætur þannig að hún rak sig í borðið og það sullaðist úr báðum glösunum. –Ertu ófrísk?

Lengi stóð hún þarna með hendur á mjöðmum og starði á Mallory, sem kinkaði brosandí kolli.

–En hver er faðirinn?

Hún sagði Tamöru frá fyrirætlunum sínum um að eignast barn, ferðunum á frjósemislækningastofuna og ákvörðun sinni um að notast við gjafasæði.

–Hefurðu skipulagt þetta mánuðum saman án þess að minnst á það við mig?

–Ég vissi bara allt í einu að ég væri tilbúin.

Hún stóð upp og vinkonurnar föðmuðust innilega.

–Viltu sjá barnaherbergið?

Mallory tók í hönd vinkonu sinnar og leiddi hana gegnum stofuna og inn ganginn.

–Það var erfitt að þegja yfir þessu, en ég vildi bíða þangað til ég yrði ófrísk. Læknarnir sögðu að það gæti tekið allt að hálf t ár og ég sá engan tilgang í því að aðrir en ég þyrftu að bíða og velta þessu fyrir sér mánaðarlega.

–Mér hefði þótt mjög vænt um að fá að vita þetta svo að þú þyrftir ekki að ganga í gegnum það ein.

Hún hafði ekki verið ein. Hún hafði haft Braden.

En frá þætti Bradens í ferlinu hafði hún ekki skýrt enn. Hún þagði meðan vinkona hennar dáðist að barnaherberginu og hús-gögnunum sem Mallory hafði komið fyrir þar. Mallory velti því fyrir sér hvort Tamara væri farin að hugsa um að reyna einu sinni enn að eignast barn.

–Hlífðu mér bara ekki þegar skelfingin kemur, sagði Tamara og virti hana fyrir sér. –Þú veist að það kemur að því.

–Hún er komin.

–Ekki fara í gegnum hana ein.

–Það skal ég ekki gera.

–Hringdu í mig hvenær sem er sólarhringsins.

Mallory hafði svarað nokkrum símtölum frá Tamöru um miðja nótt á undanförnnum mánuðum.

–Því lofa ég.

Því næst svaraði hún öllum spurningum Tamöru um sæðingarferlið, fyrirmæli læknisins og áætlaðan fæðingardag. Það eina sem hún lét ósagt var að Braden væri sæðisgjafinn.

Það skipti heldur ekki máli. Sæðið hafði hún fengið að gjöf. Hún hafði bara valið gjafa sem hún þekkti, fyrst og fremst öryggisins vegna. Hún þekkti fjölskyldusöguna hans og það var henni hughreysting að hann myndi taka við barninu og ala það upp ef eitthvað kæmi fyrir hana. Hann var eins konar trygging.

Allt snerist þetta um vísindi, lög og reglur.

Hún var með það á hreinu.

12. kafli

Braden var á öðru glasi og horfði út um gluggann. Pappírar lágu á sófaborðinu fyrir framan hann. Það var tekið að skyggja.

Þá hringdi Mallory.

–Fyrirgefðu, Tamara var í heimsókn, sagði hún og eyddi þar með áhyggjum hans um að hún væri að forðast hann.

Meiri vitleysan í honum.

En nafnið Tamara gerði hann strekktan. Mallory og Tamara fóru ekki að versla eða í leikhús eins og aðrar vinkonur. Nei, þær hittust bara þegar önnur þeirra var á barmi taugaáfalls.

Það var svo sem allt í lagi. Raunar fannst honum það aðdáunarvert. Hins vegar þótti honum það líka ákaflega óþægilegt. Þess vegna fékk hann sér meira í glasið.

–Hefur hún það þokkalegt? spurði hann fyrir kurteisis sakir.

–Já. Ég hringdi í hana.

Ó.

–Áttu í einhverju erfiðleikum? Vegna barnsins?

Strax?

–Nei.

Jæja. Gott.

–Ég hringdi til að fá álit þitt á dálitlu, sagði hann og horfði á ljósín í bænum kvikna eitt af öðru.

Hafði hann virkilega ekkert betra að gera en að sitja þarna löngum stundum og horfa á borgarljósín?

–Alveg sjálfsagt, sagði Mallory.

Braden heyrði ekki betur en að hún væri sallaróleg. Hann greindi engin merki þess að hún væri að því komin að brotna niður.

Hann stundi af feginleik og saup á viskiinu. –Ég held að það sé rétt af mér að segja Önnu að þú sér ófrísk og að ég sé sæðisgjafinn. Ég var að vona að þú gætir bent mér á góða aðferð til þess.

–Hún er einföld. Þú gerir það ekki.

–Auðvitað þarf hún að vita þetta.

–Braden, málið snýst um að þú gafst sæði. Punktur. Ég geng ekki með barnið þitt, heldur mitt.

Hann stóð upp og gekk að glugganum. –Já, ég ætlaði einmitt að tala við þig um það.

–Hvað? spurði hún tortryggin.

–Mér finnst að þú ættir að setja nafnið mitt á fæðingavottorðið.

–Bíddu við. Viltu nú allt í einu vera faðir barnsins?

–Nei. Auðvitað ekki.

En hann gat ekki annað en velt vöngum. Hafði rödd hennar breyst aftur? Var hún opin fyrir þessum möguleika? Eða hafði hún bara orðið svona hissa á frekjunni í honum?

–Ég ætla ekki að ganga á bak orða minna um að þú alir barnið upp ein þíns liðs, bætti hann við í skyndi. –En ég fór að hugsa um það sem þú sagðir. Þú vilt að ég taki barnið að mér ef eitthvað hendir þig þannig að það yxi úr grasi hjá blóðföður sínum.

–Hvað kemur nafnið þitt á fæðingavottorðinu því við?

–Þá þyrfti ég ekki að sanna að ég væri faðir barnsins. Það kæmi til mín strax og milliliðalaust.

Hann vissi ekki hvort þögn hennar boðaði gott eða slæmt. Hún var að minnsta kosti skrambi óþægileg. Hann hefði sennilega átt að bíða með að tala um þetta við hana þangað til þau hittust næst. Þá hefði hann að minnsta kosti getað lesið úr svipbrigðum hennar.

–Við gætum látið útbúa skjöl nú þegar þar sem ég afsala mér forsjánni algerlega. Hugsaðu málið, Mal. Hvað ef eitthvað gerist og ég er ekki inni í myndinni? Kannski frétti ég ekkert og barnið verður látið í hendurnar á félagsmálayfirvöldum.

–Ertu að hugsa um að slíta öllu sambandi við mig?

Það hafði hann ekki sagt. Enn og aftur las hún tilfinningaleg högg út úr orðum sem áttu alls ekki að vera stuðandi.

–Ég var frekar að hugsa á þeim nótum að einn góðan veðurdag myndirðu kjósa, af einhverjum ástæðum, að draga úr samskiptunum við mig. Eða að við hreinlega fjarlægðumst hvort annað hægt og rólega.

Aftur varð þögn. Hvernig hafði þetta klúðrast svona?

Hann settist á ný og fékk sér sopa. Líklega þyrfti hann að fá sér einn gráan í viðbót.

–Ég hélt bara að þú yrðir rólegri ef nafnið mitt væri að finna á fæðingarvottorðinu, sagði hann. –Sérstaklega af því að þér finnst mikilvægt að ég sé til staðar ef eitthvað kemur fyrir. Ég var bara að reyna að einfalda málið. Þú þyrftir ekki að hafa áhyggjur af því að ég skipti um skoðun eða kynntist konu sem teldi mig á að rifta samkomulaginu við þig. Þess vegna, meðal annars, finnst mér ég þurfa að segja Önnu frá þessu.

–Ertu að hugsa um að kvænast henni? spurði hún forviða.

–Nei. Að minnsta kosti ekki á næstunni. Við höfum bara farið saman út tvisvar. Ég kann bara mjög vel við hana. Og tilgangurinn með veru minni hér í Los Angeles er sá að ég haldi áfram að lifa mínu lífi. Ég gaf þér loforð um að verða faðir barnsins ef eitthvað kæmi fyrir þig. Það þýðir að hver sú kona sem deilir með mér lífinu verður að axla þá ábyrgð líka.

Annars fengi hún ekki að deila lífinu með honum.

–Ef nafnið þitt er á fæðingarvottorðinu þarftu að borga meðlag.

Honum var skítsama um peningana.

–Við gætum stofnað háskólasjóð.

–Þú getur ekki borgað fyrir skólagöngu barnsins míns.

–Ég þyrfti hvort eð er að gera það ef eitthvað kæmi fyrir þig. Líttu á það sem framfærslueyri eftir hjúskaparslit. Þú vildir ekki taka við honum á sínum tíma.

Hann hafði margboðið henni eyrinn og meira að segja þrýst á hana að þiggja hann. En án árangurs.

–Gefðu mér tíma til að hugsa um þetta. Það eru átta mánuðir þangað til fæðingarvottorðið verður gefið út.

–Ætlarðu sem sagt að íhuga málið? spurði hann, svolgraði í sig viskínu og sótti sér íste í kæliskápinn.

–Auðvitað. Þú baðst mig um það og þá geri ég það.

Mikið var þetta líkt Mallory. Hún myndi skjóta skjólshúsi yfir sporðdreka ef hann bæðist gistingar.

–En í alvöru, Bray, bíddu með að segja Önnu frá þessu. Að minnsta kosti þangað til þú veist hvort þig langar til að kvænast henni. Þetta er líka mitt mál og ég vil ekki að hver einasta kona sem þú býður á stefnumót fái vitneskju um það. Ég vil reyndar ekki að neinn viti um það. Þess vegna fór ég einmitt í tækni-frjóvgun. Það er rétt að konan þín hefði rétt til þess að vita um loforð þitt gagnvart mér. En þú getur að minnsta kosti beðið með að minnast á þetta þangað til þú ert viss um að þú viljir kvænast henni.

Hún hafði ekki beðið hann um sæði. Hann hafði boðið það og þrýst á hana að þiggja boðið. Boltinn var hjá henni.

–Gott og vel.

Mallory þakkaði honum fyrir, bauð góða nótt og lagði á.

Þýddi þetta að honum var frjálst að sofa hjá Önnu?

Anna hafði tilkynnt að hún væri laus þetta kvöld og opin fyrir því að dýpka samband þeirra.

Braden lagði glasið frá sér og hélt áfram að vinna.

Næsta hálfu mánuðinn sagði Mallory engum öðrum frá því að hún væri barnshafandi. Það styttist í ómskoðunina hjá fæðingarlækninum hennar í San Díégó og hún vildi vera viss um að allt væri í besta lagi áður en hún segði fleirum tíðindin.

Spurningarnar yrðu margar. „Hver er faðirinn?“ yrði ugglaut sú fyrsta. Og ef eitthvað væri að fengi hún mikla samúð. Hún var tilbúin að svara spurningunum í fyllingu tímans. Hún hafði tekið upplýsta ákvörðun, en til voru þeir sem ekki myndu skilja hana. Hún myndi ekki lá þeim það.

Hún hafði talað við Braden nokkrum sinnum á þessum tveimur vikum. Aðallega um heima og geima. Hann hafði minnst á

Önnu einu sinni eða tvisvar og hafði greinilega enn áhuga á henni. Kannski var hann að slá persónulegt met.

En það kom henni vitaskuld ekkert við.

Samt hugsaði hún hvað eftir annað um þessa konu. Hver var hún? Hvaðan var hún? Við hvað vann hún? Hvernig leit hún út? Var hún honum samboðin?

Auðvitað ekki. Síðustu spurningunni var auðsvarað. Henni var ekki ljóst hvers vegna hún vissi svarið. Hún vissi það bara. Og henni yrði létt þegar hann hringdi og segði að þessu væru lokið.

Það gerði hann alltaf.

En hvað ef sú yrði ekki raunin í þetta sinn? Hann var næstum alltaf í Los Angeles. Hvað ef stefnumót við Önnu voru þáttur í nýja lífinu hans?

Jæja, Mallory var líka að eignast nýtt líf. Því mátti hún ekki gleyma.

Þriðja fimmtudag í aprílmánuði fór hún í ómskoðunina og gaf sig fram í móttökunni. Hún var aðeins komin sex vikur á leið og kviðurinn enn flatur. Þá hafði engin morgunógleði gert vart við sig enn.

Hún hafði fengið morgunógleði í um það bil viku þegar hún gekk með Tucker. Þá hafði hún ekki getað haldið neinu niðri. Vesalings Bray hafði verið ógnarlega áhyggjufullur. Hann hafði staðið hjá henni meðan hún kastaði upp ofan í salernið, haldið hárinu á henni frá og gefið henni kalda bakstra þegar hún var hætt að gubba.

Hann hafði gert sitt besta. Það mátti hann svo sannarlega eiga.

Vonandi skynjaði Anna það. Að Braden gerði ævinlega sitt besta.

En hvers vegna var það ekki nóg fyrir Mallory? Hvers hafði hún eiginlega vænst? Fullkonnunar?

–Frú Harris, kallaði sérfræðingurinn.

Á leiðinni inn ganginn varð Mallory að hafa sig alla við til að hugsa ekki um þann möguleika að eitthvað væri að.

Hún var búin að innrétta barnaherbergið. Hún var að skapa sér nýtt líf. Litla barnið hennar myndi eignast öruggt heimili.

–Ef við erum heppnar heyrum við hjartsláttinn í dag, sagði sérfræðingurinn þegar þær gengu inn á stofuna. Ef marka mátti nafnspjaldið hét hún Adelaide. –Ég veit ekki hvort þau voru búin að segja þér það eða ekki.

Mallory hristi höfuðið og lagðist á bekkinn.

–Við getum tekið hann upp á band, bætti Adelaide við og hagræddi fötum Mallory þannig að hún fengi greiðan aðgang að kviðnum. –Þá getur faðirinn fengið að heyra hann líka.

Hljóðupptökur voru ekki helsta áhyggjuefnið þessa stundina.

Faðirinn?

Adelaide sprautaði köldu hlaupi á kviðinn á Mallory, sem horfði upp í loftið og hugsaði um það þegar hún hafði heyrt hjarta Tuckers slá í fyrsta sinn. Það hafði gerst í venjulegri mæðraskoðun. Braden hafði verið í vinnunni og hún ekki spurt hann hvort hann vildi koma með. Fyrstu skoðanirnar hjá lækni voru einhvern veginn feimnismál. Hún vildi halda þeim milli sín, læknisins og barnsins.

Þá hafði enginn boðið henni að taka hjartsláttinn upp.

Braden hafði ekki sóst eftir því að fá að fara með henni. Hann hafði orðið afar spennur og glaður þegar hún sagðist hafa heyrt hjartsláttinn. Hann spurði út í hljóðið og varð áhyggjufullur þegar hún sagði að slátturinn hefði verið afar hraður, en þá fullvissaði hún hann í hvelli um að það væri ofur eðlilegt. Það hefði læknirinn sagt.

Sérfræðingurinn fór að hreyfa tækið þvers og kruss um kviðinn á henni.

Af hverju hafði henni ekki dottið í hug að bjóða Braden að koma með og heyra hjartslátt Tuckers?

–Hérna geturðu séð þetta, sagði konan og hagræddi tækinu þannig að Mallory sæi á skjáinn.

Hún hafði ekki ætlað að gera það. Hún hafði bara ætlað að leyfa fólkinu að vinna sitt verk og gera ráð fyrir að allt væri í lagi. Hún vissi heldur ekki á hvað hún var að horfa. Ekki á þessu stigi.

–Þarna er barnið þitt, sagði sérfræðingurinn.

Mallory sá ekkert barn. Hún sá eitthvað sem líktist pínulítilli jarðhnetu. Ef hún rýndi í myndina sá hún einhvers konar kanínuhöfuð líka.

–Er hjartsláttur? spurði hún.

–Ekki enn, svaraði konan og strauk apparatinn um kviðinn á henni. Hún var orðin þögul og raddblærinn ekki eins glaðlegur og áður. Það var fremur eins og hún væri á fundi. Hún sletti meira hlaupi á kviðinn á Mallory og starði á skjáinn.

Almáttugur. Eitthvað var að.

Hún gat þetta ekki. Eitthvað hafði farið úrskaiðis.

Hún dró andann djúpt. Hún varð að taka því sem að höndum bar í lífinu. Annað var ekki í boði. Það hafði Tucker kennt henni, yndislegi, litli drengurinn hennar. Hann var á himnum núna og fylgdist með mömmu sinni.

–Þarna, sagði Adelaide, hleypti brúnum og hélt tækinu kyrru.

–Er hjartsláttur?

Hann var öðruvísi en hana minnti. En Tucker hafði auðvitað verið orðinn eldri. Þetta hljóð var samt einkennilegt. Takturinn var óreglulegur.

Eitthvað var að hjartanu í barninu hennar.

–Hér slá reyndar tvö hjörtu, sagði Adelaide. –Ég var ekki viss til að byrja með, en hér eru greinlega tvö börn.

Tvö börn?

Ha?

–Eru tvíburar í ættinni?

Mallory hafði ekki hugmynd um það. Hún vissi heldur ekki hvort tvíburar væru algengt fyrirbæri í ættinni hans Bradens.

En hún myndi komast að því.

Það ætlaði hún sér að gera.

Um leið og hún hefði jafnað sig.

Átti hún von á tveimur börnum?

Börnin myndu alltaf eiga hvort annað að. Þau yrðu aldrei einmana.

Hún fengi að halda á tveimur litlum börnum. Ala þau upp. Fylgjast með þeim vaxa úr grasi.

Tvöföld ást.

Mallory, sem enn lá á bekknum með kviðinn löðrandi í hlaupi, fór að hágráta.

13. kafli

Braden var á leiðinni í leikhús með Önnu. Á fjölonum var leikverk sem hana langaði virkilega mikið til að sjá.

Um leið og þau gengu inn í anddyri leikhússins hringdi síminn. Það var Mallory.

–Fyrirgefðu, ég verð að svara, sagði hann við Önnu og bað hana um að finna sætin þeirra meðan hann afgreiddi símtalið.

Mallory hringdi mjög sjaldan að kvöldlagi.

–Er allt í lagi? spurði hann.

–Ég var bara að velta einu fyrir mér. Hvenær kemurðu næst til San Díegó?

–Ég get komið í kvöld ef þú þarft á mér að halda. Hvað kom fyrir?

–Ekki neitt. Ég ætlaði bara að gá hvort við gætum borðað saman og spjallað.

Orðin sögðu eitt, raddblærinn annað. Áhyggjur hans uxu.

–Er allt í lagi með barnið? spurði hann.

Hann vissi að hún gæti ekki afborið annan missi. Hún átti líka annað og betra skilið.

–Já.

–Ertu viss?

–Handviss.

Honum heyrðist hún hlæja. Gat það hugsast?

Ljósinn blikkuðu til merkis um að sjónleikurinn væri að hefjast. Hann reyndi að rifja upp dagskrá morgundagsins. Föstudagar voru yfirleitt ekki mjög strembnir, en hann hafði engu að síður nóg að gera. Hann hafði ætlað að skjótast heim yfir helgina og jafnvel látið sér detta í hug að bjóða Önnu með. En þá var það gistingin.

Hann var nokkuð viss um kynferðisleg þrá þeirra var gagnkvæm. Hann var bara ekki tilbúinn að hafa við hana mök ef vera kynni að við það tengdust þau nánari böndum. Slíkt kærði hann sig ekki um. Ekki strax.

–Getum við hist í hádeginu á morgun? spurði hann. –Reyndar væri hentugra fyrir mig að borða með þér kvöldmat. Það er mikið að gera hjá mér í vinnunni fram eftir degi.

–Ætlarðu að koma á morgun?

Já, nú var það á dagskrá.

–Já, svaraði hann. Tveir fundanna voru fjarfundir. Hann gæti setið þá á skrifstofunni sinni í San Díégó. Og fært nokkra aðra fundi til.

Hugurinn var á fleygiferð. Mallory hringdi einungis þegar mikið lá við.

–Ertu alveg viss um að allt sé í lagi, Mal?

Hann þoldi ekki óvissuna. Hann varð að vita hvað væri að. Hvernig gat hann fylgst með og stutt hana ef hann vissi ekki við hvað var að fást?

–Já, Bray, ég er alveg viss, sagði hún ákveðin.

Á leiðinni inn í salinn slakaði hann á, gerði ráðstafanir til að

geta hitt fyrrverandi eiginkonu sína á veitingahúsi kvöldið eftir og settist síðan hjá kærustunni sinni til að njóta leiksýningarinnar.

Lífið gekk sinn gang.

Alveg eins og hann hafði gert ráð fyrir.

Þegar Mallory klæddi sig í vinnufötin á föstudagsmorguninn var hún í senn ofsakát og dauðskelkuð.

Í staðinn fyrir gallabuxur og pólóbol fór hún í létt bómullarpils og víða, ljósa peysu. Sandalarnir voru í stíl og fullkomnuðu kvenlegu en þægilegu ímyndina sem hún vildi sýna. Hún var nefnilega á leið á fund eftir vinnu með foreldrum bráðgers þriggja ára barns sem átti heima í hópi eldri barna. Hún hefði ekki tíma til að skipta um föt áður en hún hitti Braden og snæddi með honum.

Þetta var bara venjulegur kvöldverður, sagði hún hvað eftir annað við sjálfa sig. Á veitingastað þar sem þau voru tíðir gestir.

En í þetta sinn voru tvíburarnir umræðurefnið.

Voru tvíburar í ættinni hans?

Það skipti engu máli. Hún myndi eignast tvíburana hvort sem þeir fyrirfyndust í ættarsögunni eða ekki. Læknirinn virtist þó vilja vita þetta. Það tengdist sæðingunni á einhvern hátt.

Hún hafði verið fullvissuð um að börnin hennar væru ekki í neinni hættu, en læknirinn vildi samt setja þetta í sjúkraskýrsluna ef mögulegt var.

Börnin hennar.

Hún átti von á tvíburum.

Hver þremillinn.

Ein og óstudd.

Börnin yrðu örugglega svöng á sama tíma og það sama gilti um bleyjuskriptin. Hvernig átti hún að velja á hvoru þeirra hún skipti fyrst?

Kvöldið áður hafði hún vakað frameftir og fræðst um tvíbura á netinu. Þar hafði hún fundið aragrúa hryllingssagna og viðvarana. Foreldrar virtust áfjáðari í að tala um raunir sínar fremur en gleðistundirnar.

Mallory hafði ekki áhuga á raunasögum. Hún gat sjálf ímyndað sér vandamálin og þurfti enga hjálp til þess.

Þar að auki var hún sérfræðingur í þroska ungra barna, með háskólapróf og mikla reynslu. Hún vann við að sinna ungum börnum og hafði gert lengi.

Henni yrði ekki skotaskuld úr því að annast tvíbura.

Eins og venjulega kom hún á veitingastaðinn stundarfjórðungi of snemma og reiknaði með að hafa að minnsta kosti tíu mínútur til þess að slaka á og minnast þess að hún yrði að segja rólega og skipulega frá en ekki vera með neinn æðibunugang. En henni til mikillar undrunar var Braden þegar kominn á staðinn.

Hann beið við innganginn og heilsaði henni með kossi á kinnina. Síðan vísaði gengilbeinan þeim til sætis.

Þau fengu bás við vegginn, án útsýnis. Hún gat ekki horft til hafs. Hann hafði lagt lófann á mjóbakið á henni á leiðinni að básnum. Það var langt síðan hann hafði gert það. En hún mátti ekki gera of mikið úr því.

Viðbrögð hennar voru engu að síður sterkari en hana hefði grunað. Allt í einu langaði hana í svo miklu meira frá honum en sneringu. Til dæmis innilegan og ástríðufullan koss.

Hvað gekk eiginlega að henni?

Þetta hlaut að vera þunguninni að kenna. Eða var þetta kannski öfuguggaháttur vegna þess að hann var að slá sér upp með annarri konu? Vonandi ekki. Var hún virkilega svo smásmuguleg?

Hún vildi að Braden yrði hamingjusamur. Eins og alltaf áður óskaði hún honum alls hins besta.

Vissulega hefði verið ákjósanlegt að eiga hann enn fyrir

mann, en þau höfðu fjarlægst hvort annað. Það var miklu betra að vera vinkona hans en missa hann alveg.

Hann horfði á hana og blái augnliturinn hafði dökknað. Það þýddi að hann vildi frekar njóta ásta með henni en neyta matar.

Hún hlaut að vera að mistúlka augnatillitið hans.

–Ég ætlaði reyndar ekki að vera í San Dégó í dag, sagði hann. Röddin var blíðleg og gerði hana æsta. En það mátti hann ekki vita.

Vonandi kæmist hann aldrei að því að hann gæti enn hreyft við kynhvötinni hennar. Hún myndi skammast sín ógurlega. Og hann yrði miður sín eins og það væri honum að kenna. En vitanlega gat hann ekki að því gert þótt kroppurinn á honum virkaði kynferðislega örvandi á hana þrátt fyrir allt sem á undan var gengið.

Þetta hlaut að vera þunguninni að kenna. Og þungunin skrifaðist alfarið á hennar reikning. Hún var hennar val.

–Nú? sagði hún um leið og hún var viss um að röddin brysti ekki.

Hann hristi höfuðið, hvað sem það átti nú að þýða.

Þau pöntuðu sér mat og meðan þau neyttu hans talaði Braden um þróun mála á lóðinni í Los Angeles og kosti þess og galla að búa á hóteli. Hann saknaði rúmsins síns, baðherbergisins og fata-skápsins meira en hann hafði órað fyrir.

Hún velti því fyrir sér hvort hann saknaði San Dégó líka, en spurði einskis.

Hann spurði ekki af hverju hún hefði viljað borða með honum þetta kvöld. Hún sagði honum það heldur ekki strax, enda þurfti hún að fá smátíma til að jafna sig á tilfinningunum sem höfðu kviknað við að hitta hann og ekki síður þegar hann kom við hana. Hún óttaðist að verða óðamála eða að hún færi jafnvel að skæla. Ekki vildi hún bæta gráu ofan á svart með því móti. Nógu flókin var staðan fyrir.

Þegar diskarnir þeirra höfðu verið fjarlægðir og Braden var að greiða reikninginn datt henni í hug að spyrja hann um tvíbura í ættinni meðan þau gengju út að bílunum sínum. Spyrja hann að því svona í framhjáhlaupi.

En þá bað hann hana um að koma með sér á stutta göngu.

Þau voru í miðborginni, skammt frá verslunum og hótelnunum sem stóðu við sjávarsíðuna. Það var hlýtt í veðri þetta maíkvöld og hún féllst á að röltu með honum. Það var skárri að fá sér gönguferð með fyrrverandi manningnum sínum en að berjast við eigið hugarástand.

Hendur þeirra snertust og hún vék sér þegar til hliðar og gekk fjær honum til að koma í veg fyrir frekari snertingu.

–Mig langaði til að biðja þig afsökunar, sagði hún þó að hún hefði ætlað sér að spyrja hann út í ættarsöguna.

–Á hverju?

–Þegar ég gekk með Tucker datt mér ekki einu sinni í hug að leyfa þér að koma með þegar ég fór til læknisins að hlusta á hjartsláttinn og það allt saman.

–Ég bað ekki um það.

–En hefðirðu ekki farið með mér ef ég hefði boðið þér það?

–Jú, auðvitað.

–Ég hef ekki um annað hugsað í allan dag.

Hún missti þetta út úr sér. Hún hafði lofað sjálfri sér því að gera honum þetta ekki. Hún vildi ekki draga hann ofan í tilfinningakviksyndið sem hann hafði svo mikinn ímugust á.

–Ég var ekki sanngjörn við þig, Bray. Ég útilokaði þig frá ýmsu sem þú hafðir kannski ekki áhuga á eða leist á sem stórmál, en ef þú hefðir verið á staðnum hefði þér kannski fundist það vera merkilegra.

–Þú gekkst með barn. Ekki ég. Auðvitað var ýmislegt sem bara þú gast fengið reynslu af.

–En ég reyndi ekki einu sinni að gera þig að þátttakanda.

Eftir að Tucker fæddist hafði hún aldrei beðið hann um að fara á fætur á nóttunni og sinna barninu. Hún hafði verið með hann á brjósti og þurft að fara fram úr hvort eð var. Aukinheldur hafði hann verið vinnandi en hún í fjögurra mánaða fæðingarorlofi.

–Við máluðum barnaherbergið saman, sagði hann og allt í einu og fyrirvaralaust var hún lostin girnd enn á ný. Hún hafði verið búin að gleyma því og hvernig málningarstarfið hafði tafist vegna þess að þau höfðu mök á gólfi herbergisins.

Hún fann fiðring í geirvörtunum og milli fótanna. *Hormónar, bara hormónar*, sagði hún við sjálfa sig. Með örlitlum skammti af minningum.

–Mér þykir bara leitt að ég skyldi ræna þig tækifærinu til að njóta fæðingar sonar okkar til fullnustu.

Þá hafði hún sagt það sem hún ætlaði sér.

Og henni leið betur. Að vissu leyti. Hún gæti aldrei bætt honum þetta upp.

–Ég saknaði þín, sagði hann. Hann horfði beint fram fyrir sig og var með hendurnar í vösunum.

–Ha? Núna í vikunni? Við töluðum tvisvar saman.

En hún vissi að hann átti ekki við það. Hann var með purpurarauða hálsbindið og hún velti því fyrir sér hvort hann hefði valið uppáhaldslitinn hennar af því að þau væru að fara út að borða.

Á sama hátt og hún hafði valdið klæðnað sinn fyrir hann.

–Forðum. Það angraði mig ekki svo mjög að geta ekki tekið þátt í öllu með þér. En það var eins og þú þyrftir ekki á mér að halda. Það fannst mér verra.

Henni leið eins og hún hefði verið slegin utan undir ósköp blíðlega. Væri það á annað borð hægt.

Sannleikurinn var sá að hún hafði ekki þurft á honum að halda. Ekki eins og hún hefði átt að gera. Hún hafði verið mjög ástfangin af honum og ekki viljað missa hann. En hversdagslega

var hún fyrst og fremst mamma, jafnt áður en Tucker kom í heiminn sem eftir það.

–Ég kann ekki að gefa mig alla tveimur manneskjum, sagði hún. –Og Tucker var að sjálfsögðu ósjálfbjarga.

Hún hafði tekið son sinn fram yfir eiginmanninn. Sannleikurinn lá í loftinu eins og þriðji maðurinn við borðið.

Litli drengurinn hennar hafði ekki verið feiminn. Hann hafði notið þess að finna ást, faðmlög og hlýju.

–Líklega þurfti ég annars konar snertingu en kynferðislega, bætti hún við.

Þó vissi hun að málið var ekki svo einfalt. Hún hafði verið á valdi tilfinninganna og þurft að láta þær í ljósi á eðlilegan hátt og án ótta við að verða dæmd. Bray hafði alltaf hrifist af hagsýni hennar og hyggjuviti. Það hafði hann oft sagt henni.

En jafnvel hagsýnar konur bjuggu yfir tilfinningum. Gríðarlega mörgum, raunar. Og það var náttúruleg þörf fólks að láta þær í ljós. Hún var nauðsynleg, vildi fólk á annað borð halda heilsunni.

Ekki vissi hún hvernig Braden fór að því að vera svona jafnlyndur. Hún hafði aldrei séð hann gráta eftir að sonur þeirra dó. Hann hafði ekki einu sinni tárast við útför Tuckers litla.

–Ég hefði haldið utan um þig, Mal, án þess að kynlíf fylgdi í kjölfarið. Vandinn er sá að í hvert sinn sem ég snerti þig þrái ég þig.

Þrái. Ekki þráði.

Enn voru þau komin inn á jarðsprengjusvæðið. Ekki bætti úr skák að hún þráði hann líka. En það hlaut að vera hormónunum að kenna. Annars hefði hún þráð hann fyrir tveimur mánuðum, ekki satt?

Kynlíf myndi engan vanda leysa. Það yrði frábært að fá að hvíla í örmum hans á ný og gleyma sér þar. En þegar því lyki voru vandamálin enn til staðar.

Það eina sem hún vissi fyrir víst var að hún gat ekki hugsað sér að missa hann aftur. Ekki var víst að vinátta þeirra þyldi annan skilnað.

14. kafli

Hann langaði til að sofa hjá fyrrverandi eiginkonu sinni. Hann langaði enn meira í hana en Önnu. Hann komst ekki hjá því að horfast í augu við þá staðreynd þar sem þau gengu saman þetta föstudagskvöld.

Hann vildi líka reyna að átta sig á því hvort hann læsi hana rétt. Hann skynjaði nefnilega mjög sterkar bylgjur í þá átt að hún þráði hann líka. Eins og hún hafði gert áður en Tucker kom til sögunnar.

–Eru tvíburar í ættinni þinni? spurði hún.

–Ég veit það ekki, en ég get spurt mömmu. Hví spyrðu?

Blikið í augum hennar og brosið á andlitinu voru bjartari en nokkur götuvatni.

–Gengurðu með tvíbura?

–Jamm.

Þá þreif Braden í hana, faðmaði hana að sér og sveiflaði henni í hring. Svo áttaði hann sig og setti hana niður í skyndi.

–Fyrirgefðu. Ég er bara svo glaður fyrir þína hönd, Mal. Það er að segja ef þú hefur ekkert á móti því að eignast tvíbura.

–Nei, mér finnst það frábært. Ég er að vísu dálítið kvíðin, sagði hún og gekk af stað. Hún var svo elskuleg að láta sem hann hefði ekki þrifið í hana og snúið henni rétt í þessu. –Ég veit ekki hvernig ég á að fara að því að gefa tveimur börnum að drekka á tveggja tíma fresti á nóttunni, en ég finn út úr því. Mig langar til að læra það. Þetta er fullkomið í mínum augum. Ég mun eignast tvö börn sem verða bestu vinir.

–Þau eiga eftir að rífast.

–Örugglega. En mér skilst að flestir tvíburar séu nánir. Mér finnst sú tilhugsun dásamleg að börnin mín muni alast upp með innbyggðan leikfélag og trúnaðarvin.

Hún hafði sagt honum svolítið frá dvölinni á fósturheimilunum og börnunum sem komu og fóru. Sumra hafði hún saknað mjög, en annarra síður.

Þá flaug honum í hug að líkast til væri Mallory ekki von því að hafa einhvern hangandi í kringum sig öllum stundum. Hún hafði ekki vanist því í æsku. Meira að segja fósturmóðirin hafði smátt og smátt horfið sjónum þegar hún stofnaði fjölskyldu og hóf nýtt líf.

Hafði hún ýtt honum frá sér þess vegna um leið og Tucker kom í heiminn? Hafði hún gefið syni sínum allt, einfaldlega vegna þess að hún vænti þess ekki að Braden yrði til staðar ævilangt?

Hún tengdist Tucker aftur á móti líffræðilegum böndum. Hafði hún þá loksins fundið manneskju sem hún gat myndað varanleg tengsl við?

Ekki vissi hann hvort eitthvert vit væri í þessari kenningu eða ekki. En hún var skynsamleg. Hún breytti vissulega engu, en jók skilning hans á tilfinningalífi hennar og aðstæðum.

Enn var hann ekki maðurinn sem hún þarfnaðist. Hann myndi aldrei geta „tekið þátt í tárunum hennar“ eða hvernig sem sálfræðingurinn hafði orðað það. Hann var ekki þannig gerður. Og hann gæti aldrei bætt henni það upp að hafa rænt hana síðustu stundunum með syni þeirra.

Reiði hennar í kjölfarið hafði sannfært hann um það. Hann hafði lítinn hug á því að endurtaka þann leik.

En tvíburar?

Hún gekk með tvíbura.

Braden var enn að melta fréttirnar löngu eftir að þau höfðu kvaðst og hann var kominn heim til sín í íbúðina. Það hafði

hvarflað að honum að aka til Los Angeles og kanna hvort Anna væri til í einn drykk eða svo. En hann langaði eiginlega ekkert í félagsskap.

Hann fann bara fyrir tótleika.

Það þýddi að hann þurfti að fá góðan nætursvefn í sínu eigin rúmi.

Hann vatt bráðan bug að því.

Heimurinn og vandamál hans gátu beðið morguns.

Mallory hitti Braden ekki aftur áður en hann fór til Los Angeles. Hann hringdi þó í hana til að segja henni að tvíburar fyrirfyndust vissulega í ættinni. Föðuramma hans hafði verið tvíburi. En þar eð hann hafði aldrei þekkt föður sinn hafði hann ekki vitað það fyrr.

Til þess að koma í veg fyrir að móðir sín færi að hnýsast um ástæður spurningarinnar og gera mikið veður út af þessu öllu saman hafði hann sagt henni að hann væri að láta rekja ættir sínar og þá hefði þessi spurning komið upp. Braden hafði jafnan ráð undir rífi hverju. Móðir hans hafði reynt að þrýsta á hann um frekari skýringar, en Braden var snillingur í að sneiða hjá dramatík kvenfólksins í fjölskyldunni og eyða henni.

Eftir þetta kvöld hringdi Braden mun oftár í Mallory en áður ellegar sendi henni textaboð.

Í átta vikna ómskoðuninni heyrði hún tvöfaldan hjartslátt mjög greinilega og sendi honum hljóðupptöku. Eftir sextán vikna meðgöngu var farið að sjást á henni. Braden fór enn út með Önnu af og til, en þau höfðu ekki sofð saman enn. Ekki vissi Mallory af hverju honum fannst hann þurfa að segja henni það, en hún brást við eins og ævinlega og sýndi honum stuðning og ljúfmennsku.

Ekki vissi hún þó gjörlla hvernig styðja bæri fyrirverandi eiginmann í því að velja rétta tímann til að sofa hjá nýju kærustunni.

Ástandið var að gera hana vitlausa. Stundum flaug henni í hug að sofa hjá honum til þess eins að hann svæfi ekki hjá Önnu. Hún vissi vel að hugdettan var fáránleg, en samt sem áður laust henni í kollinn á henni nokkuð reglulega í maí og júní.

Veðrið í San Díegó var alla jafna nokkuð stöðugt. Sumarið hafði þó verið heitt og Mallory klæddist léttum sumarkjólum í vinnunni. Starfsfólkið og foreldrarnir vissu að hún átti von á sér. Í fréttabréfinu sem hún sendi út hafði hún skýrt frá því að hún hefði ákveðið að gerast einstæð móðir og undirgangast tækni-frjóvgun. Enginn hafði lýst yfir neinum efasemdum um ákvörðun hennar og enginn tekið barn sitt af dagheimilinu.

Þvert á móti lengdist biðlistinn jafnt og þétt.

Æ oftar hugsaði hún um að færa út kvíarnar og opna heimili í Los Angeles. Skjólstæðingarnir í San Díegó gátu vitanlega ekki notfært sér það, en fyrst hún hafði tækifæri til að tvöfalda tekjur sínar var heimska að grípa það ekki. Hún gekk með tvöfalt fleiri börn en hún hafði ætlað sér, sem þýddi mun meiri fjárþörf en ella.

Hún yrði að vinna mun meira en áður. Hún fór ekki í neinar grafgötur um það. Hún svæfi ekki mikið á næstunni. Þá hefði hún lítinn tíma til annars en að vinna og annast börnin, en það var allt í lagi. Hún hafði gaman af starfinu og þarfnadist fjölskyldu.

Hún var einmitt að hugsa um þetta þegar hún hljóp út í bíl síðdegis fyrsta miðvikudag í ágústmánuði til að sækja skreytingarnar sem hún hafði búið til kvöldið áður. Hana langaði til að hengja þær upp um kvöldið til þess að geta sofð ögn lengur morguninn eftir og þurfa ekki að koma til vinnu alltof snemma.

–Hæ, ég var akkúrat að fara að hringja í þig!

Henni brá svo mjög þegar hún heyrði þrumuraust Bradens að hún rak sig upp í skottlokið á bílnum. Hún hafði séð bílinn hans á stæðinu um morguninn, en ekki þegar hún skrapp frá síðar um daginn.

Hún leit við og sá hvar hann sat í jeppanum sínum skammt frá henni og talaði við hana út um opinn gluggann. Hann lét hana alltaf vita hvar hann ól manninn hverju sinni. Þetta kvöld átti hann að vera í Los Angeles.

–Hvað er títt? kallaði hún til hans.

Í stað þess að svara lagði hann bílnum og vatt sér út til að hjálpa henni að bera inn.

Hún var ekki tilbúin að bera skreytingarnar inn strax. Hún var að fara í gegnum þær og flokka þannig að þegar inn kæmi gæti hún farið með þær beint í viðeigandi herbergi. Hún hefði gert það áður en hún hlóð þeim í bílinn ef hún hefði ekki verið svona fjandi þreytt kvöldið áður.

Það var allt annar handleggur að ganga með tvö börn en eitt.

Hún sneri sér við er hann kom nær og sá að hann mændi á hana.

–Þú ert svakalega mikil um þig, sagði hann.

Þá hló hún. –Tæpast.

–Síðast þegar þú varst komin fjóra mánuði á leið sást varla á þér, sagði hann og kom nær. Hann hafði ekki augun af bumbunni.

Áður en hún vissi af hafði hann lagt lófann á kviðinn á henni. –Ertu farin að finna fyrir þeim?

Þau horfðust í augu og enda þótt hvorugt þeirra liti undan lét hann höndina síga.

Hann hafði haft afar gaman af að finna Tucker sparka. Því hafði hún verið búin að gleyma þar til núna. Þegar hann fann fyrst fyrir spörkum sonar síns var engu líkara en hann hefði séð Guð almáttugan. Hann hafði verið gjörsamlega heillaður.

Var hann að minnast þess núna?

–Ég hef ekki fundið fyrir þeim enn. En læk'nirinn segir að það geti gerst mjög bráðlega.

Hann kinkaði kolla eins og illa gerður hlutur svo að hún gerði það sem hún vissi að hún yrði að gera.

Hún kom þeim aftur inn í þægindarammann.

–Eftir að hafa legið undir feldi hef ákveðið að þiggja boð þitt um að opna Boltann í húsinu þínu í Los Angeles.

–Mikið eru það góðar fréttir, sagði hann brosandi. –Ég læt verktakann hafa samband við þig áður en að þeim hluta byggingarinnar kemur. Hún verður alveg eins og þessi, þannig að innstungurnar verða á sama stað og svoleiðis. En ef þú vilt breyta einhverju hefurðu tækifæri til þess.

Hún var ekki að hugsa um bygginguna, heldur það að hann skyldi ósjálfrátt hafa viljað finna börnin sparka og hvað varir hans voru einstaklega kyssilegar.

Meðan hann talaði um innstungur og eldhúsbekki velti hún því fyrir sér hvernig hann brygðist við ef hún þaggði niður í honum með djúpum og blautum kossi.

Þá beygði hann sig undir skottlokið, tók öll herlegheitin og bar þau inn meðan hún læsti bílnum.

Braden var hálfnaður á leiðinni til Los Angeles og hlakkaði til að snæða með Önnu í rólegheitunum þegar Mallory hringdi.

–Þú sagðist hafa verið að því kominn að hringja í mig en nefndir aldrei ástæðuna.

Já, það hafði hann víst sagt þegar hann ók inn á bílaplanið fyrr um daginn. En það sem hann ætlaði að segja hafði allt í einu ekki skipt máli. Aðalatrið var að komast burt. Hann vissi ekki hvað það var sem amaði að honum þessa dagana, en í hvert sinn sem hann sá Mallory varð hann eitthvað skrýtinn. Ekki sjálfum sér líkur.

Hún var að eignast börn án hans. Það hafði hún eiginlega líka gert í fyrra skiptið.

–Ég ætlaði að spyrja þig hvort þú hefðir eitthvað velt fyrir þér þeim möguleika að setja nafnið mitt á fæðingarvottorðin. Ég veit að þú þarft ekki að ákveða það alveg strax, en ef við ætlum að

ganga frá lagalegu atriðunum ættum við kannski að fara að huga að því.

Hann var að skrökva. Þetta hafði alls ekki verið erindið. Hann hafði ætlað að segja henni að hann yrði aftur í borginni um miðja vikuna og þá gætu þau kannski farið saman út að borða. Og meðan þau snæddu hefði hann minnst á vottorðamálin.

–Mér finnst bara liggja meira á því að koma þessu á hreint fyrst börnin eru tvö. Það er ekki hægt að eiga á hættu að þau verði skilin að.

Hann beitti hana þrýstingi. Hann gerði sér fulla grein fyrir því.

–Ég veit bara ekki hvort það er sanngjarnt gagnvart þér, sagði hún. –Það býður hættunni heim á alls kyns flækjum síðar meir.

–Ekki ef við göngum frá öllum atriðum málsins fyrirfram.

–Hvað gerist þegar annað þeirra þarf að fá afrit af fæðingarvottorðinu sínu, til dæmis vegna umsóknar um ökuskírteini eða vegabréf, og sér nafn þitt? Hvað ef börnin ákveða að þau vilji hitta þig?

Hún ætlaði að segja börnunum að þau hefðu verið getin með hjálp nafnlausss sæðisgjafa. Yrði það ekki alltof flókið að hafa nafn föður þeirra á fæðingarvottorðunum?

–Ég var einmitt að hugsa um það líka, sagði hann taugaspenntur. Hann langaði óskaplega í viskísjúss. En fyrst hann var á bíl yrði hann að láta sér nægja einn slíkan eftir matinn.

Þá væri hann búinn að drekka meira viskí á síðustu fjórum mánuðum en næstu fjögur ár þar á undan. Þessi kona og börnin hennar voru að hrekja hann út í alkóhólisma.

–Varstu að hugsa um að þau vildu kannski hitta þig? spurði hún.

–Ég var að hugsa um að þau myndu ekki kynnast mér. Heldurðu að það væri ekki betra, ef eitthvað kæmi fyrir þig, að þau vissu af tilvist minni áður en þau yrðu rifin upp með rótum og send til mín?

–Ef þau vita af þér vilja þau hitta þig. Þess vegna vildi ég ekki hafa þetta svona í upphafi. Það er strax orðið of flókið.

Hann hafði talið hana á það. Lofað henni því að það yrði ekki flókið. Að hún fengi að hafa hlutina eftir sínu höfði.

–Það segirðu satt, sagði hann og meinti það.

Samt gat hann ekki hætt að hugsa um þá staðreynd að hann myndi brátt eiga tvö börn sem einn góðan veðurdag kæmst að því að hann hefði vitað af tilvist þeirra og drægju þá ályktun að hann hefði ekki viljað neitt með þau hafa og ekki viljað umgangast þau.

Vissulega hafði hann ekki ætlað að eignast börn og alls ekki með móður þeirra. Hann hafði gefið Mallory sæði vegna þess að hana langaði í barn. Sæði úr honum veitti henni öryggi. Slíkt öryggi var ekki á færi nafnlauss sæðisgjafa að veita.

Áform hans höfðu verið góð, en hann gat ekki látið sín eigin börn halda að hann kærði sig ekki um þau.

Hann átti hins vegar ekkert val.

Hann varð að finna leið til þess að láta þetta eiga sig.

Nætturnar voru verstar. Það hafði hún vitað fyrirfram. Hún hugsaði ekki jafn skýrt í myrkri. Þegar fólk svaf hvarf rökhugsun þess. Og hömlulausir órar Mallory voru fyrirtaks efni í martraðir.

Hún hafði fengið óteljandi martraðir síðan hún komst að því að hún var þunguð.

Hún hafði haldið að hún væri við þeim búin.

En nóttina eftir að þau Braden hittust og hann hringdi fékk hún svakalega martröð. Tvíburarnir, drengur og stúlka, höfðu afneitað henni af því að hún ofverndaði þau og kæfði með ást og kærleika. Í fyrstu hafði hún gert það andlega. Hún hafði bara verið að reyna að vera góð mamma, en smám saman hafði hún orðið þurfandi og ráðrík og ekki um annað hugsað en þau. Skyndilega var hún svo komin út á hlað. Ljós sjúkrabíla og lögreglubíreiða

blikkuðu og inni lágu börnin hennar. Þau höfðu kafnað í vöggunum sínum. Hún hafði horft á það inn um gluggann, grátið og vita að sökin var hennar.

Hún vaknaði skjálfandi og löðursveitt. Hjartað hamaðist.

Hún skundaði fram í eldhús til að hita sér kamillute.

Tók hún síðan símann sinn, settist við borðið og dreypti á teinu. Á svona stundu var um að gera að hringja í Tamöru. En Tamara var áreiðanlega í rúminu með Flint. Ef Mallory hringdi kynni Diamond litla Rose að vakna.

Hún þurfti svo sem ekki á Tamöru að halda. Hún vissi hvað um var að vera. Það var ekki óttinn, sem hélt henni í heljargreipum.

Hún var í heljargreipum sjálfrar sín.

Braden langaði til að eiga stað í hjörtum barna sinna. Hann hafði að vísu ekki nefnt neitt slíkt, en Mallory var handviss um það.

Hún hafði lokað hann úti þegar hún gekk með Tucker og í rauninni alveg þangað til drengurinn dó. Ekki af ásettu ráði. Ekki af ráðnum hug. Hana hafði ekki langað til þess. En hún hafði nú gert það samt.

Það hafði hvorki gert henni gott né Braden og ef Tucker hefði lifað hefði það ekki verið gott fyrir hann heldur.

Líklega hefði hann á endanum orðið skilnaðarbarn.

Þess óskaði hún ekki neinu barni, hvað þá sínu. Hún hafði fyrir löngu strengt þess heit að ef hún eignaðist barn skyldi hún sjá til þess að heimilisaðstæður þess breyttust aldrei. Barnið hennar skyldi ætíð eiga heimili og griðastað.

Einhvern veginn hafði henni yfirsést að hafa Braden með í þeirri mynd.

Hann hafði brugðist henni líka, á margan hátt, en þetta skrifaðist á hennar reikning.

Braden hafði ugglaut ekki ætlað að þróa með sér tilfinningar í garð barnanna sem hún gekk með. Og ef til vill var það of djúpt

í árinni tekið að segja að hann bæri tilfinningar til þeirra. Á hinn bóginn fannst honum hann vera ábyrgur gagnvart þeim. Hann taldi sig hafa skyldum að gegna varðandi þau.

Lagalega hafði hún fullan rétt til þess að neita honum um umgengi og meira að segja að hafna því að nafn hans kæmi fram á fæðingarvottorðunum. Siðfræðilega var rétturinn að líkindum hennar megin líka, þar eð sæði hans hafði ekki verið fengið með fullkomlega náttúrulegum hætti.

En siðferðislega?

Gæti hún neitað börnunum um réttinn til þess að kynnst föður sínum, manni sem svo sannarlega myndi hafa góð áhrif á líf þeirra? Manni sem ævinlega yrði til staðar fyrir þau, sama hvort hún dæi fyrir aldur fram eða ekki?

Vitanlega myndu þau kynnst Braden. Þau ætluðu ekki að hætta allt í einu að vera vinir.

Hún fékk sér sopa og hryllti sig. Þetta var allt í klessu.

Það hafði hún svo sem séð fyrir.

Samt hafði hún fallist á að þiggja sæði úr honum.

Til langframa skipti öryggi barnanna hennar nefnilega mestu máli. Og ákjósanlegast fyrir þau var auðvitað að eiga báða foreldra sína að.

Þar hafði Braden hitt naglann á höfuðið.

Hún tók upp símann og valdi númerið hans. Það var honum að kenna að hún vakti um nætur svo að hann gat vel farið á fætur líka.

Þegar hún heyrði syfjulegt halló á hinum endanum óskaði hún þess að hafa hugsað málið ögn betur. Betra hefði verið að bíða þangað til hann kæmi aftur og þau snæddu saman.

Hún vildi ekki fá tíma til að skipta um skoðun.

Þá datt henni allt í einu dálítið í hug.

–Ertu einn?

Hann svaraði ekki strax. Hún vissi hvað það þýddi og lagði á.

15. kafli

Braden vafði sænginni utan um sig þó að hann væri í nærbuxum, skokkaði fram í stofu og hringdi strax til baka í Mallory. Hún hefði ekki hringt nema í neyð.

Hjartað sló ört og hann bölvaði sér í sand og ösku fyrir að hafa leyft Önnu að telja sig á að drekka meira en góðu hófi gegndi. Þau höfðu mælt sér mót á hótelinu hans og meðan þau mötuðust hafði hún farið að tala um samband þeirra. Hún vildi vita hvert það stefndi. Þá hafði hann sagt henni frá því að hann væri nýkominn frá fyrrverandi konu sinni og þyrfti að ganga frá nokkrum lausum endum með henni áður en hann gæti svarað spurningunni. Þá hafði Anna gefið í líka að því er drykkjuna varðaði.

–Mallory, svaraðu, sagði hann þegar hann fékk samband við símsvarann hennar. Honum var sama þótt Anna lægi að líkindum vakandi í svefnherberginu. –Gerðu það. Þetta er ekki eins og þú heldur. Hringdu í mig.

Hann lagði á.

Þetta er ekki eins og þú heldur? Af hverju lét hann eins og eiginmaður sem hafði verið staðinn að framhjáhaldi?

Hann var fráskilinn og hafði verið einhleypur árum saman.

Vissulega hafði hann stundað kynlíf á þeim tíma.

En ekki með Önnu. Ekki enn.

Í þeim svifum kom hún fram í stofu og hafði klætt sig í dragtina sem hún hafði verið í um kvöldið.

–Það er runnið nógu vel af mér til að ég komist heim, sagði hún og sótti handtöskuna sína. –Mér þykir leitt að hafa sofnað. Það er ekki minn stíll.

Hann hafði borið hana úr sófanum inn í rúm þannig að hún væri nær baðherberginu ef hún þyrfti að kasta upp.

–Þetta var erfitt kvöld, sagði hann.

–Lýkur þá sögunni hér? Á ég ekki að búast við því að þú hringir í mig?

Hann virti hana fyrir sér og langaði mjög til að segja orðin sem hún þurfti að heyra. Hann hélt að hann gæti gefið henni það sem hún þráði. En ekki fyrr en mál þeirra Mallory væru í höfn.

Það tjáði hann henni.

–Hringdu þá í mig, sagði hún.

–Það geri ég.

Honum var alvara. Hins vegar hafði hann ekki fyrir því að fylgja henni til dyra þegar hún fór.

Mallory skammaðist sín meira en orð fengu lýst og svaraði ekki í símann þótt Braden hringdi hvað eftir annað næstu daga.

Hún sendi honum skilaboð og lét hann vita að ekkert amaði að sér eða börnunum. Litlu munaði að hún afboðaði komu sína á hádegisverðarfund þeirra næstkomandi þriðjudag.

Þau höfðu séð það svartara. Vináttusamband þeirra var þriggja ára gamalt og margir öfunduðu þau af því. Hún ætlaði ekki að glata honum núna.

En tilhugsunin um hann með annarri konu særði hana óskaplega. Hana langaði mest til að gráta. Reyndar óttaðist hún að það myndi hún einmitt gera þegar hún sæi hann. Þess vegna hafði hún íhugað að slá fundi þeirra á frest.

Hún vissi að þetta var bara vegna þess að hún var ófrísk. Hún hafði líka verið grátgjörn þegar hún gekk með Tucker og kannski var ástandið hálfu verra núna þegar börnin voru tvö.

Það var samt niðurlægjandi að hringja í hann til að láta hann fá það sem hann vildi og komast að því að önnur kona lá í rúminu hjá honum.

Í hvert sinn sem hún hugsaði um það langaði hana til að skríða undir sæng.

Að sumu leyti var lífið betra en nokkru sinni fyrr. En samt var hún óskaplega einmana.

Hún yrði móðir, en ekki eiginkona.

Það var hennar val. Því mátti hún ekki gleyma. Og hún var sannfærð um að hún hefði valið réttan kost.

Af hverju var þetta þá allt saman svona sárt?

Hún var að reyna að gleyma sársaukanum þegar hún gekk inn á veitingahúsið þar sem þau Braden höfðu ákveðið að hittast. Staðurinn var mexíkóskur, en Mallory þótti matur frá Mexíkó afar góður. Braden hafði verið á fundi skammt frá og litist vel á staðinn.

Það var ekki að undra. Innréttingarnar voru bjartar og litríkar og fólkið vinsamlegt. Henni leið strax vel þarna inni.

Hún bað um borð á veröndinni hinum megin við húsið. Þar voru átta borð eða svo, umlukin trjám og grængresi, og búin sólhlífum. Í miðjunni stóð hár gosbrunnur og jók á friðsældina og kyrrðina þarna úti.

Aðeins eitt borð var laust og varla var hún sest þegar Braden birtist. Hann bað um tvö glös af ístei og síðan næði þar til þau óskuðu eftir frekari þjónustu.

Hún hafði aldrei heyrt hann vera svona ákveðinn. Hann var ekki ókurteis, en vingjarnlega og þægilega viðmótið hans hafði greinilega tekið sér frí.

–Fyrirgefðu að ég skyldi ekki hringja til baka, sagði hún strax til að reyna að koma í veg fyrir spennu í loftinu.

Hann hallaði sér fram á borðið. –Ég hafði ekki mök við Önnu.

Hún bandaði frá sér og lét sem henni væri ekki vitund létt. –Það kemur mér ekki við, Bray. Þú getur sofið hjá þeim sem þér sýnist. Það veistu.

–Málið er að ég gerði það ekki.

Hann var alvarlegur á svip og horfði fast á hana. Af einhverjum ástæðum skipti þetta hann miklu máli.

–Allt í lagi, sagði hún.

Þegar hann hallaði sér aftur kom þjónninn með teið eins og hann hefði verið að bíða færís.

Síðan fór þjónninn og Braden hallaði sér fram á ný. –Mér þykir leitt að ég skyldi beita þig þrýstingi. Þetta eru þín börn. Við ákváðum það strax í upphafi. Það var mín hugmynd að ég tæki þátt í þessu.

Litlu munaði að hún þegði. Það væri ef til vill best fyrir vináttu þeirra. En ekki fyrir börnin. Og ekki fyrir þau sjálf heldur.

–Ég ætla að setja nafnið þitt á fæðingarvottorðin, Braden. Þess vegna hringdi ég þarna um kvöldið. Ég fékk martröð og hrökk upp með andfælum.

Hún þagnaði. Hún gat ekki sagt honum frá martröðinni. Þó að gagnkvæmur skilningur ríkti á milli þeirra breyttist sumt aldrei.

Eitt af því var fælmi Bradens gagnvart dramatík og tilfinninga-semi.

Og draumur hennar um að verða móðir var annað atriði sem ekki breyttist.

–Þú hefur rétt fyrir þér, bætti hún við. –Það verður miklu betra fyrir börnin. Og fyrst þú vilt að þau viti um þig eiga þau að gera það.

Allt fas hans breyttist. Hann hallaði sér aftur, varð mildari á svip og Mallory gat næstum því séð spennuna hverfa úr líkama hans.

Þá vissi hún að þrátt fyrir ótta sinn og efasemdir hafði hún tekið rétta ákvörðun.

Lífið var gott.

Byggingin hans var að rísa. Hún hafði staðist allar skoðanir fram að þessu. Áhugasamir leigjendur voru byrjaðir að senda inn

umsóknir og ásteytingarsteinn þeirra Mallory ekki lengur fyrir hendi. Hún ætlaði að koma með Boltann til Los Angeles.

Braden var sáttur. Allt var eins og það átti að vera.

Á leiðinni til Los Angeles um kvöldið hlakkaði hann til framtíðarinnar. Það var langt síðan hann hafði séð Mallory svona hamingjusama. Sem faðir barna hennar hefði hann traustan sess í lífi hennar og rétt til að annast börnin ef þörf krefði.

Hann hafði frelsi til að láta sambandið við Önnu þróast frekar. Hefði hún á annað borð enn áhuga.

Já, allt var á réttri leið og samkvæmt áætlun.

Nema eitt.

Meðan þau borðuðu höfðu þau talað um að láta útbúa forsjár-samning sem hefði lagalegt gildi. Hann ætlaði að greiða fyrir það og ganga í málið. Mallory fengi fulla forsjá og hann afsalaði sér öllum rétti meðan hún lifði. Börnin yrðu erfingjar hans. Mallory myndi stofna sjóð fyrir börnin, arfleiða þau að öllu sínu og skipa hann forráðamann þeirra ef eitthvað kæmi fyrir hana.

Hann myndi ekki hafa samband við börnin nema sem vinur Mallory. Ef þau langaði til að hitta hann á eigin vegum skyldi hann leyfa þeim það, en ekki nema ráðfæra sig við Mallory fyrst.

Þau höfðu hins vegar ekki tekið móður hans og systur með í reikninginn. Börnin fengju ömmu og föðursystur sem myndu dá þau.

Láta allt eftir þeim.

Þær yrðu nánustu ættingjar þeirra að frátöldum foreldrunum.

Hann hringdi í Mallory.

–Ég fór að hugsa um eitt atriði, sagði hann þegar Mallory svaraði. Klukkan var enn ekki orðin sex. Hún var án efa enn á dagheimilinu, en trúlega ein.

–Hvað?

–Mömmu mína og systur. Þó að mamma geri mig vitlausan er hún afskaplega ástrík.

Þögnin hinum megin boðaði ekki gott.

–Hugsaðu málið, sagði hann. –Það gæti verið gott fyrir þau að eiga ömmu. Láttu mig bara vita. Þá græja ég það.

–Bray?

–Já?

–Fer þetta ekki að verða einum of flókið?

–Nei, þetta verður ekkert flókið, sagði hann og neitaði að hleypa neikvæðninni að. –Við veljum og höfnum í þessu máli, eða öllu heldur þú. Þú stjórnar.

Hann myndi hlíta ákvörðun hennar, jafnvel þótt hann yrði andvígur henni.

–Ég afsala mér öllum rétti, Mal. En þú baðst um stuðning minn, sem þýðir að þú færð mitt álit hvort sem þér líkar betur eða verr.

Frá þessu höfðu þau gengið strax í upphafi.

–Ég veit það.

–Um leið og þú hættir að vilja stuðning frá mér þarftu bara að segja mér það.

Það væri ekki albölvað, hugsaði hann með sér. Hann yrði algerlega laus við flækjur fortíðarinnar.

–Ég vil hann.

–Ætlarðu þá að hugsa málið?

–Auðvitað.

Já, lífið var gott.

Henni hafði aldrei orðið óglatt á morgnana. Ekki einu sinni þegar fimmti mánuðurinn nálgast. En þreytt var hún. Stundum komst hún með naumindum í gegnum vinnudaginn. Þá smurði hún sér samloku þegar heim kom og hlammaði sér svo á sófann.

Hún hafði pantað annað rúm, nákvæmlega eins og það fyrra.

Stúlkurnar í vinnunni ætluðu að halda henni steypiboð.

Tamara og Flint höfðu þegar látið hana fá gjafabréf upp á eins árs birgðir af bleyjum.

Tamara hafði reyndar fréttir að færa. Þau Flint ætluðu að reyna að eignast barn. Læknirinn sagði að það væri engin ástæða til að ætla að hún gæti ekki gengið með í níu mánuði, væri hún á annað borð andlega undir það búin að missa fóstur einu sinni enn. Flint og Diamond Rose höfðu breytt lífi Tamöru og nú var hún tilbúin að reyna.

Allt leit út fyrir að sagan fengi góðan endi.

En hamingja Mallory dvínaði með hverjum degi. Hún var alls ekki óhamingjusöm. Þvert á móti var hún sæl og spennt fyrir því að eignast börn og afskaplega þakklát.

Hún hafði tekið réttan pól í hæðina þegar hún ákvað að eignast þau.

Samt var hún oft gráti nær. Það var ábyggilega hormónunum að kenna. En fleira kom til. Kannski losuðu hormónarnir um tár-in, en orsök þeirra var raunveruleg.

Hún grét vegna Tuckers. Hún grét af því að hann hafði átt svo stutta ævi.

Stundum grét hún hreinlega af hræðslu. Hvað myndi hún gera ef hún missti annað barnið?

Hún grét líka vegna þeirra Bradens. Hún minntist viðbragða hans þegar hún sagði honum að nafn hans mætti standa á fæðingarvottorðunum. Hún hafði samglaðst honum innilega. Og um leið hafði henni orðið ljóst að Tamara hafði lög að mæla.

Mallory var enn ástfangin af honum.

Það breytti engu. Hann hentaði henni ekki og hún hafði slæm áhrif á hann líka. Þær staðreyndir hryggðu hana mjög og öngruðu hana á hverjum degi. Hún óttaðist að börnin smituðust af áhyggjum hennar. Einhvers staðar hafði hún lesið að tilfinningaleg ástand móðurinnar hefði áhrif á ófædd börn hennar.

Hún strengdi þess heit að finna meiri rósemi í lífi sínu, barn-

anna vegna, og einbeitti sér að pappírnum sem lágu á borðinu fyrir framan hana þessa stundina.

Þá hringdi síminn.

Það var fæðingarlæknirinn. Eins og venjan var hafði verið tekið blóðsýni úr Mallory nýlega til að ákvarða hvort hugsanlega væri um fæðingargalla eða frávik að ræða, til dæmis Downs-heilkenni. Þegar læknirinn sagði að niðurstaðan hefði verið jákvæð hrundi tilvera Mallory enn á ný.

Fyrsta hugsunin var sú að það væri henni að kenna. Eitthvað væri að henni.

Læknirinn fullvissaði hana þó um að ástæðulaust væri að hafa áhyggjur. Ómskoðunin hefði leitt í ljós að allt væri með felldu og allar mælingar sömuleiðis. Niðurstaðan úr blóðrannsókninni var oftast en ekki röng, sagði læknirinn. Mallory þyrfti hins vegar að fara í nákvæmari rannsókn mjög fljótlega.

Mallory grét svo mjög að hún varð að fara heim úr vinnunni.

Hún trúði þessu ekki. Hún hreinlega trúði þessu ekki.

Þegar hún hafði ekið stuttan spöl stansaði hún. Hún ætti ekki að keyra í þessu ásigkomulagi en varð að komast á læknastofuna. Henni hafði verið boðinn tími síðdegis og hún þegið hann. Hún varð að fá að vita vissu sína.

Hún varð að gera allt sem hún gat til að hjálpa litlu börnunum sínum ef þau voru í vanda stödd.

Tilhugsunin hressti hana við. Hún lagði höndina á kviðinn og lofaði börnunum því hátiðlega að hún skyldi gera allt sem í hennar valdi stæði til að tryggja þeim hamingjuríkt og gott líf. Málið snerist nefnilega um þau, en ekki hana.

Læknirinn hafði sagt að hann væri ekki áhyggjufullur. Nú var komið að Mallory að sýna jákvæðni og gera það sem gera þurfti.

Það hugðist hún gera.

En þegar hún ók að læknastofunni óskaði hún þess að þurfa ekki að standa í þessu ein.

Hún þarfnaðist Bradens. Hana langaði óskaplega til að hringja í hann.

En hún gerði það ekki.

16. kafli

Einhvern tíma eftir miðnætti sat Mallory í gamaldags ruggustólnum sínum með skærlitu púðunum. Í fanginu á henni sat bangsi. Hún virti fyrir sér vöggurnar tvær.

Fyrr um kvöldið hafði hún sofnað í sófanum og ekki komið sér í rúmið fyrr en um tíuleytið. En klukkan ellefu hafði hún vaknað aftur. Þá var hugurinn kominn á fleygiferð enn á ný.

Hún bjó yfir mun meiri þekkingu en fyrr um daginn. Það var netinu að þakka. Ýmsir gallar og frávik gátu komið í ljós í rannsókninni, en fæst þeirra voru alvarleg. Eftir því sem læk'nirinn sagði voru börnin bæði mjög lífvænleg.

Enn var þó hugsanlegt að hún missti barn á fyrsta ári og enn líklegra að annað barnið eða bæði væru með litningagalla sem gæti hamlað þroska þeirra með ýmsu móti.

Niðurstöður rannsókna áttu að liggja fyrir á mánudaginn.

Þá sæist líka hvort hún gengi með tvo drengi, tvær stúlkur eða eitt barn af hvoru kyni. Henni hafði verið boðið að vita kynið þegar hún fór í blóðprufuna. Hún hafði krossað við þann möguleika. Þá hefði hún til einhvers að hlakka þegar læk'nirinn hringdi aftur.

Fram að þeim tíma réðu áhyggjurnar ríkjum.

Hún hélt fast utan um bangsann og minnti sjálfa sig á að allar líkur væru á að jákvæða niðurstaðan úr fyrra prófinu hefði verið röng. Hún minntist ómskoðunarinnar og þess að mikilvægast væri að elska börnin, sama hvað út úr rannsókninni kæmi.

Aðstoðarlæk'nirinn hafði sagt henni þennan dag að ein ástæðan fyrir því að þau vildu gera frekari rannsóknir strax var að einn

af valkostum hennar, yrðu niðurstöðurnar vonbrigði, væri sá að binda enda á þungunina.

Mallory hafði hrist höfuðið. Og nú hristi hún höfuðið á ný. Þungunarrof kom ekki til greina.

Það var bara ekki hennar stíll.

Hún hallaði sér aftur í stólnum, ruggaði sér létt og horfði á bjarmann frá næturljósinu í loftinu. Tár runnu niður kinnarnar og þornuðu þar.

Hún fór að hugsa um svipaða nótt mánuði eftir lát Tuckers. Hún hafði setið í ruggustólnum í barnaherberginu hans og haldið á tuskumörgæs sem Julia, samstarfskona hennar, hafði gefið honum. Braden hafði vaknað, tekið eftir því að hún lá ekki í rúminu og komið fram til að leita að henni. Hann hafði reynt að fá hana aftur í rúmið.

Þegar hún vildi ekki yfirgefa barnaherbergið fór hann aftur að tala um að hringja í fólk og láta fara með allt barnadótið burt. Hann sagði að hún væri að búa til helgistað úr barnaherberginu og að það væri óheilbrig. Hún yrði að taka sig taki.

Hún hafði setið kyrr, haldið fast um mörgæsina og öskrað á hann að hann skyldi aldeilis fá fyrir ferðina ef hann snerti eitt-hvað af því sem Tucker hafði átt.

–Ertu ekki búinn að taka nóg? hafði hún æpt á hann. Þar átti hún við að Braden hafði svipt hana tækifærinu til að vera hjá syni sínum síðustu klukkustundirnar sem hann lifði.

Hún hafði aldrei á ævinni verið jafn reið.

Nú helltist reiðin yfir hana aftur.

Hún velti fyrir sér hugsanlegum viðbrögðum Bradens við stöðunni eins og hún var þessa dagana. Dauði Tuckers hafði ekki verið honum að kenna. Hann hafði ekki borið neina ábyrgð á honum. Samt hafði hún kennt honum um allt saman.

Hún hafði ekki getað varpað sökinni á son sinn og dauði hans hafði svo sannarlega ekki verið barnfóstrunni að kenna. Mallory

hafði kennt sjálfri sér um. Ekki bara fyrir að hafa farið úr húsi, heldur var hún hrædd um að eitthvað í líkamsstarfsemi hennar hefði valdið því að öndunarfæri Tuckers væru ekki nægilega þroskuð.

Aðallega varpaði hún þó sökinni á Braden, sem hafði farið með hana burt. Hann hafði ekki leyft henni að finna sársaukann sem var að éta hana upp til agna.

Hann hafði viljað að hún horfði fram á við eins og hann. En hún hafði eiginlega bara getað horft í gaupnir sér.

Það hafði Braden ekki skilið og við það jókst reiði hennar.

Hún hafði kennt honum um það sem Guð hafði gert.

Sannleikurinn var henni ljós núna. Hún settist upp í stólnum, glaðvakandi, og leit í kringum sig eins og í herberginu væri fólk sem vissi hvað hún hefði gert.

Hún sá samband sitt við Braden eins og það væri atriði úr bío-mynd. Tilfinningadrama. Smátt og smátt hafði hún fjarlægst hann þegar hún komst að því að hún gekk með barn. Hún hafði orðið svo fegin og glöð að vita að brátt eignaðist hún blóðskyldan ástvin. Að hún tilheyrði einhverjum.

Henni varð líka ljóst að ef til vill hafði hún ekki reiknað með því að hjónaband þeirra Bradens entist ævilangt. Fólk breyttist. Tilveran tók breytingum. Og líka ástvinirnir.

Mamma henna hafði reynt að halda henni, en það hafði reynst henni um megn. Þá hafði fósturmóðirin tekið við uns hún fluttist til Flórída og stofnaði nýja fjölskyldu. Hvort tveggja var allt í lagi. Hún bar kala til hvorugrar konunnar.

Hún vorkenndi sjálfri sér ekki heldur.

Nú áttaði hún sig á því að hún hafði allan tímann búist við því að Braden færi að dæmi kvennanna tveggja. Að hann færi fyrr eða síðar, þegar fjarlægðin milli þeirra væri orðin of mikil.

Kannski hafði hún flæmt Braden burt þegar Tucker kom til sögunnar.

Ekki algerlega og alls ekki meðvitað. Það hefði hún aldrei gert. En eftir lát Tuckers hafði hún lært að vera hreinskilin og heiðarleg við sjálfa sig. Sú hreinskilni tjáði henni nú að hún gæti ekki lengur forðast að horfast í augu við staðreyndir. Hún hafði útilokað Braden frá þátttöku í lífi þeirra Tuckers á miklu alvarlegri hátt en hún hafði gert sér grein fyrir. Hún hafði verið að móta framtíð án hans þó að hann væri hjá þeim.

Þegar Tucker dó hafði Braden ekki getað afborið sorg hennar. Hún hafði bara gert illt verra með reiði sinni og ýtt honum frá sér.

Hann hafði breytt rangt. Hún líka.

Hún hafði ausið yfir hann fúkyrðum fyrir ýmislegt sem ekki var honum að kenna. Samt hafði hún ekki getað sleppt takinu á honum.

Hún hafði nefnilega enn verið ástfangin af honum.

Sumt hafði ekkert breyst. Kannski myndi það aldrei breytast.

Önnur atriði urðu að taka breytingum.

Hún varð að hætta að krefjast þess af Braden sem hann gat ómögulega veitt henni.

Þess vegna hafði hún ákveðið að eignast barn ein.

Önnur tilhögun gengi ekki upp.

Áfram sat hún í stólnum, barðist við óttann og bað til Guðs. Að lokum stóð hún upp og fór inn í rúm.

Braden átti prýðilega helgi. Allt var að ganga upp. Hann spilaði golf og hitti þá eigendur nokkurra fjölbýlishúsa sem höfðu áhuga á samstarfi við Braden-fasteignafélagið. Mallory yrði glöð að heyra að eftir honum hefði verið tekið í Los Angeles.

Hún hafði ævinlega áhyggjur af svoleiðis hlutum.

Ekki hann.

Hins vegar þótti honum gott að vita að henni skyldi ekki vera sama. Á sama hátt þótti honum gott að vita að hann fengi formlega að vera faðir tvíburanna.

Hann hugsaði oft um þetta mál þessa helgi og í hvert sinn varð honum léttara í skapi.

Þau Anna snæddu dágóðan kvöldverð og fóru á tónleika á laugardagskvöldið, en á sunnudeginum kom babb í bátinn.

Hringt var í hann og honum tjáð að vatnsleiðsla hefði sprungið við fjölbýlishús í San Díégó, sem hann hefði umsjón með, og að rúmlega þúsund manns væru án vatns.

Borgin sagði að ábyrgðin lægi hjá eigendum fjölbýlishússins. Tryggingafélagið kvað borgina bera ábyrgðina.

Eldsnemma á mánudagsmorgni varð þetta mál Braden-fasteignafélagsins. Braden var með mann á staðnum sem annaðist það og lét hann fylgjast með.

Eigandinn, Alex Mason, átti fimm aðrar fasteignir í San Díégó. Braden-fasteignafélagið sá um rekstur þeirra allra. Braden taldi því rétt að vera til taks, ef eitthvað skyldi koma upp á.

Hann hringdi í Mallory til að láta hana vita af því að hann yrði í bænum. Þegar hún svaraði ekki hringdi hann á dagheimilið.

Julia varð fyrir svörum.

–Hún er ekki við í dag. Hún taldi best að bíða heima, til öryggis. Hún vill ekki koma börnunum í uppnám.

–Bíða heima? spurði Braden og vissi ekki hvaðan á sig stóð veðrið. Bíða eftir hverju? Og hann hafði reynt að hringja í heimasímann, en hún ekki svarað.

–Já, eftir símtalinu.

–Hvaða símtali?

Julia dæsti lágt. –Ég hélt að hún hefði sagt þér frá því. Hún segir þér yfirleitt frá öllu.

Um Boltann, já. Alveg eins og hann bar flestar viðskiptahugmyndir sínar undir hana.

–Sagt mér frá hverju?

–Þú verður að tala við hana, Braden. Ef hún hefur ekki minnst á þetta við þig er það ekki mitt hlutverk að gera það.

Hann heyrði barnaraddir í bakgrunninum.

–Nei, þetta er allt í lagi, sagði hann. –En ég reyndi að hringja í farsímanúmerið hennar og það svaraði ekki. Ætti ég að hafa áhyggjur?

–Prófaðu aftur. Kannski var hún upptekin.

Hann gerði það og þá svaraði Mallory næstum samstundis.

–Hæ, ég hringdi bara til að láta þig vita að ég væri í bænum. Ég kom snemma í morgun.

Því næst sagði hann henni frá vatnslekanum. Hún spurði nokkurra spurninga um ástandið og kvaðst ekki skilja af hverju borgin firrti sig ábyrgð á eigin vatnslögnum. Loks bað hún hann um að leyfa sér að fylgjast með og Braden heyrði ekki betur en að hún væri að því komin að kveðja.

–Ég sé ekki bílinn þinn á planinu við dagheimilið, sagði hann. Hann vildi ekki koma Juliu í bobba. Konan hafði ekki ætlað að gefa honum vísbendingar um hluti sem Mallory vildi ekki að hann vissi um.

–Ég vinn heima í dag. Ég er að fara yfir fjármálin.

Svo þannig var það í pottinn búið. Það var og. Mallory fór yfirleitt yfir fjármál dagheimilisins heima hjá sér til að fá næði. En það gerði hún yfirleitt á kvöldin. Hann hafði aldrei vitað til þess að hún missti úr vinnudag vegna fjármálanna.

–Líður þér sæmilega?

–Jamm.

–Morgunógleði?

–Neibb.

Hann reyndi að muna eftir einhverju þegar hún gekk með Tucker sem gat skýrt af hverju Julia hafði sagt að hún vildi ekki „koma börnunum í uppnám“.

En það bar engan árangur.

Honum varð um og ó.

–Viltu fá þér bita með mér í hádeginu? spurði hann.

–Má ég láta þig vita á eftir? Ég á von á símtali og þarf að hafa næði þegar það kemur.

–Já, allt í fina. Og allt er sem sagt í stakasta lagi?

–Já, Bray, ég hef það fint. Ég hef bara mikið á minni könnu í dag. Hádegismatur hljómar vel. Ég læt þig vita ef ég kemst ekki.

Þau ákváðu stund og stað og kvöddust.

Hann var í vondu skapi það sem eftir lifði morguns.

Hálftíma áður en hún átti að hitta Braden klæddi Mallory sig í léttan kjól sem hún hafði keypt á flóamarkaði þá um helgina. Hún var búin til brottfarar, en hafði enn ekki heyrt frá læknum.

Hún hafði farið yfir fjármál Boltans, en ekki náð að einbeita sér að þeim. Að lokum hafði hún gefist upp og farið í bað. Því næst hafði hún lagað á sér hárið og málað sig meðan gamlir gamanþættir rúlluðu í sjónvarpinu.

Ekki hringdi síminn. Og hún varð að fara mjög fljótlega.

Hana langaði mjög til að hitta Braden. Bráðum yrði hún að segja honum frá því sem hún hafði uppgötvað um sjálfa sig. Hún skuldaði honum líka afsökunarbeiðni. En hana fengi hann ekki þennan daginn.

Hana langaði bara til að sjá brosið hans, horfa á hann innbyrða matinn eins og hann væri að snæða síðustu kvöldmáltíðina og heyra meira um Mason-málið.

Hún vildi halda hlutunum í lagi milli þeirra. Þau höfðu verið góðir vinir í þrjú ár og hún vildi gjarnan að vináttan styrktist fremur en hitt.

Fimm mínútum fyrir brottför hringdi hún á læknastofuna og útskýrði klemmuna sem hún var í.

–Niðurstöðurnar eru ekki komnar, sagði konan sem varð fyrir

svörum. –Yfirleitt fáum við þær ekki fyrr en síðdegis svo að þetta er allt í besta lagi. Njóttu hádegisverðarins.

Með tárin í augunum þakkaði Mallory konunni fyrir. Svo dró hún andann djúpt, tók sig taki og skundaði út.

Braden fór í hádegismat tíu mínútum fyrr en venjulega. Hann hafði áhyggjur af Mallory. Hvað gat mögulega verið að?

Hún sagðist hafa það fint, en hafði ekki minnst á börnin.

Ef eitthvað hafði komið fyrir þau hafði hún það svo sannarlega ekki fint.

En þau myndu finna ráð, sama hvert meinið væri. Það var alltaf hægt að finna ráð við öllu.

Honum þætti þó mun betra að vita hvað gekk á. Þá ætti hann auðveldara með að verða henni að liði.

En ef hún þarfnaðist hjálpar hans hefði hún hringt í hann.

Svona gekk það til allan morguninn. Í hvert sinn sem hann tók sér hlé frá símanum.

Til allrar lukku hafði hann fengið afar fá slík hlé.

Um leið og hann kom auga á hana þar sem hún sat við borðið vissi hann að eitthvað hafði komið upp á. Varirnar voru klemmdar saman og áhyggjuhrukka sást á enninu. En þegar hún varð hans vör brosti hún.

Blikið í augum hennar gladdi hann.

–Slæmur morgunn? spurði hann og settist andspænis henni við lítið borð. Þau voru stödd á vel þekktum samlokustað.

Hún hristi höfuðið, en hann trúði henni ekki.

Hún hafði haldið sig heima til að fara yfir bókhaldið. Var vandamálið fjárhagslegs eðlis? Hafði eitthvað gerst varðandi fyrirtækið sem hún hafði ekki sagt honum frá?

En hvernig gat símtal um fjármál komið börnunum í upp-nám?

Voru einhverjir foreldrar að gera henni lífið leitt?

Allt í einu minntist hann parsins sem hafði komið á dagheimilið og haldið því fram að einu af börnunum þar hefði verið rænt frá móður sinni í Mission Viejo. Mallory hafði undir eins hringt í Braden og síðan höfðu þau hitt fólkið til að ræða málið.

Mallory hafði tekið þetta nærri sér og óttast að það kæmi börnunum í uppnám.

Já, kannski snerist málið um foreldra.

Hún pantaði sér te og hann fór að dæmi hennar.

–Fyrst þú ert hérna reikna ég með að þú hafir fengið símtalið sem þú beiðst eftir, sagði hann. Vissulega var rekstur dagheimilisins hennar mál og kom honum ekki við. Hún réð hvort hún deildi áhyggjum sínum með honum eða ekki. En honum líkaði bölvanlega að vita ekki hvað var um að vera.

Mallory hristi höfuðið. –Það kemur ekki fyrr en eftir klukkan tvö, sagði hún og skoðaði matseðilinn.

Hún ætlaði ekki að segja honum neitt.

Hann afréð að láta það gott heita og leit yfir matseðilinn líka. En skyndilega missti hann allan áhuga á mat.

–Mallory?

Hún leit upp.

–Gerðu það, segðu mér hvað um er að vera. Hvaða símtal er þetta sem þú bíður eftir?

Hún hleypti brúnum, yppti öxlum og hristi höfuðið.

–Julia sagði mér að þú vildir taka við símtalinu heima hjá þér til að koma börnunum ekki í uppnám. Hún hélt að ég vissi um hvað málið snerist. Um leið og hún áttaði sig á því að ég kom af fjöllum steinþagnaði hún.

–Ó, sagði hún og virti hann hugsni fyrir sér.

–Ekki álasa henni fyrir það. Hún styður þig hundrað prósent.

–Ég veit það. Hún segir mér ugglaust að þú hafir hringt þegar við tölum saman næst.

Hann var nokkuð viss um það líka. En aðallega vildi hann bara að Mallory segði frá því sem var að angra hana.

Hvernig átti hann að geta kippt einhverju í liðinn ef hann vissi ekki hvað var í ólagi?

–Þetta er ekkert, sagði hún svo. –Ekkert sem þú getur gert neitt í.

Til að vera viss um það varð hann að fá að vita hvað gekk á.

–Þú veist að þú þarft ekki að taka á þig öll mín vandamál, Bray, bætti hún við og brosti dauflega.

Það leist honum ekki á heldur.

–Ég veit að þú spjarar þig án mín. Ég er ekki að gefa neitt annað í skyn. Ég þykist heldur ekki vera bjargvættur. Ég er ekkert ofurmenni. En ég hugsa oft um þig. Ég vil gjarnan vita með vissu að það sé allt í lagi með þig.

–Það er allt í lagi með mig, sagði hún ákveðin.

–Mallory, eitthvað er að angra þig. Það er nógu stórt til þess að þú ert heima í staðinn fyrir að fara í vinnuna. Ég er hérna hjá þér núna. Í almáttugs bænum segðu mér hvað er í gangi.

Hún brosti eitt augnablik.

–Í síðustu viku fékk ég niðurstöðu úr blóðsýni sem var tekið til að kanna hvort einhverjir erfðagallar gætu verið til staðar. Niðurstaðan var jákvæð. Læknirinn hefur engar áhyggjur. Það er oft ekkert að marka niðurstöðurnar úr þessari rannsókn. Ég fór í annað og umfangsmeira próf á fimmtudaginn og býst við niðurstöðunum í dag.

Meðan hún sagði þetta hafði hún ekki augun af honum.

Svo leit hún á matseðilinn eins og þetta væri smámál sem ekki þyrfti að ræða frekar.

–Ertu að segja mér að það sé eitthvað að börnunum?

Af hverju hafði hún ekki hringt í hann strax?

–Hringdirðu í Tamöru? spurði hann þegar hún svaraði ekki.

–Já, í gær, svaraði hún og fletti matseðlinum, sem hún skoðaði eins og hún gæti ómögulega ákveðið hvað hún vildi panta.

Hann vissi hvað hún ætlaði að panta og var ekki í nokkrum vafa um að hún vissi það líka.

Hann tók í höndina á henni. Þá leit hún á hann og í augunum sá hann blik sem hann þekkti mjög vel.

Mallory var ekki eins yfirveguð og hún þóttist vera.

—Ætlaðu að fá þér salat með trönuberjum og kalkúna? spurði hann.

Hún kinkaði kolli.

Hann dró höndina til sín.

Og svo snæddu þau hádegisverð.

17. kafli

Um leið og Braden hafði séð vott af tilfinningum í augum hennar hafði hann þagnað. Mallory kannaðist við viðbrögðin.

Þess vegna gerði hún það sem vinátta þeirra útheimti. Hún tók til matar síns. Það var reyndar enginn hægðarleikur þar eð hún var með kökk í hálsinum allan tímann.

En börnin hennar þurftu á næringu að halda, sama hvaða vandi blasti við þeim. Hugsanlega beið þeirra stærri vandi en hjá flestum öðrum börnum.

Braden lét dæluna ganga um stöðuna á Mason-málinu. Vatnsrörin urðu á ábyrgð húseigandans þegar þau nálguðust bygginguna. Braden og Mason höfðu ákveðið að fá pípulagningamann til að leysa vandann og skipta kostnaðinum með sér.

Þeir ætluðu líka að fara yfir allar lagnir í fasteignum Masons.

Hún hlustaði á þetta allt saman og horfði á hann á meðan. En hún losnaði samt ekki við áhyggjurnar og óttann.

Á leiðinni út á bílaplanið útskýrði hún loks prófið fyrir honum.

—Þetta er sýni sem er tekið til að leiða í ljós erfðafrávik. Rannsóknin miðast að því að finna litningagalla. Þeir geta verið mis-

munandi. Sumir leiða til dauða barnsins innan árs. Aðrir eru svo lítilvægir að lífslíkur barnsins eru þær sömu og annarra. Um gæti verið að ræða Downs-heilkenni, til dæmis, og fjölda annarra frá- vika. Í mörgum tilfellum þýða þau einhvers konar þroskahömlun eða seinfærni. Ef tvíburarnir eru eineggja hefur þetta oftast áhrif á þá báða. Ef ekki er ómögulegt að segja til um hvernig fer. Samkvæmt niðurstöðunum er ekki ástæða til að óttast neitt alvarlegt. Og læknirinn margítrekaði að hann hefði ekki minnstu áhyggjur, sagði hún og brosti. –Ég hef séð það svartara, Bray. Það verður allt í lagi með mig, sama hvað kemur í ljós.

Ekki leit hann út fyrir að vera sannfærður. Hann fylgdi henni að bílnum hennar, beið meðan hún settist undir stýri og lokaði dyrunum.

Hún skrúfaði niður rúðuna.

–Hringdu í mig þegar eitthvað er að fréttu, sagði hann.

Hún kinkaði kalli.

Hún hefði hringt hvort eð var.

Hann var vinur hennar og hún þurfti á stuðningi hans að halda.

Braden var ekki kominn út af planinu þegar hann hringdi og gekk þannig frá málum að hann gæti gist í San Díégó þá um nóttina. Hann átti að fara á kvöldverðarfund í Los Angeles, sem hann fékk að fresta, og nokkra morgunfundi, sem færu bara fram í gegnum fjarfundarbúnað. Öðrum verkefnum gat hann sinnt frá San Díégó.

Hann hafði komið sér upp kerfi sem gerði honum kleift að vinna á báðum stöðum og það virkaði vel.

Hann hringdi í Önnu og sagði henni að hann þyrfti að vinna lengur í San Díégó en hann hafði reiknað með. Hún spurði ekki hvort hann ætlaði að hitta fyrrverandi eiginkonu sína. Það kunní Braden vel að meta. Anna var alveg laus við dramatík.

Hann ákvað fund með William og var feginn að geta gefið sér tíma með manni sem lifði skipulega og setti sér skýr markmið.

Þá tókst honum að fá tíma hjá nýja einkaþjálfaranum í líkamsræktarstöðinni á jarðhæðinni í byggingu sinni.

Braden hafði farið í ræktina tvisvar í viku þangað til gamli þjálfarinn hans hafði verið handtekinn fyrir að ræna syni sínum. Það var tímabært að hefja æfingar á ný.

Hann naut þess að taka á í ræktinni og svitnaði svo mikið að það var af honum megnasti óþefur. Hann tók lyftuna upp á skrifstofuna sína og fór í steypibað, en klæddi sig síðan aftur í jakka-fötin og leit á símaskjáinn.

Klukkan var orðin hálfjögur og enn hafði Mallory ekki hringt.

Hann gat ekki skipulagt kvöldið fyrr en hann væri viss um að Mallory þyrfti ekki á aðstoð hans að halda. Hann gæti svo sem ekki gert ýkja margt. Hann var hvorki læknir né kraftaverkamaður.

Hann hafði hins vegar beðið hana um að hringja.

Þá var barið að dyrum.

–Kom inn, kallaði hann.

Inn gekk Mallory, brosandí út að eyrum, og lokaði dyrunum á eftir sér.

Hann kom á móti henni. –Það er allt í lagi, sagði hún. –Allt í himnalagi.

Hann ætlaði að óska henni til hamingju en fann þá skyndilega fyrir máttleysi. Líklega var það vegna þess að hann hafði lagt of hart að sér í tækjasalnum og þurfti sennilega á vökva og salti að halda.

–Er allt í lagi með þau? spurði hann og komst ekki úr sporunum.

–Já, svaraði hún og gekk til hans, einkennilega eftirvæntingarfull á svipinn.

–Hvað?

–Viltu ekki vita á hverju við eigum von?

Hvað átti hún við?

Svo rann upp fyrir honum ljós.

–Veistu kynin?

–Já, ég gat fengið vitneskju um þau ef ég vildi.

–Og?

–Stelpur. Við eigum von á tveimur stelpum. Og þau eru nokkuð viss um að þær séu eineggja. Það er ekki alveg hundrað prósent ljóst enn. Þau geta framkvæmt DNA-próf á þeim strax eftir fæðingu til að vera alveg viss.

Stelpur. Mallory gekk með tvær stelpur.

Engan strák sem þurfti á honum að halda.

Það var viðeigandi.

Hann tók utan um hana og þrýsti henni að sér.

Hann var ákaflega þakklátur fyrir að allt skyldi vera í stakasta lagi.

Hún hafði ekki ætlað að kyssa hann.

Í lífi Mallory var ekki pláss fyrir neitt nema vináttu að því er Braden snerti, en þegar kroppurinn á henni þrýstist að líkama hans og hana kitlaði í geirvörtunum hugsaði hún ekkert um plássleysi. Hún hugsaði ekki um nokkurn skapaðan hlut.

Hún tyllti sér ofurlítið á tá og færði varir sínar nær vörunum á honum. Svo fylgdist hún með því er bilið milli þeirra minnkaði og hvarf.

Fyrsta snertingin var eins konar kveðja.

Sú næsta var djúp og ástríðufull. Mallory naut þess að finna bragðið að Braden, hitta kunnuglegu tunguna hans og endurupplifa það hvernig varir hans og tunga sögðu svo miklu meira með kossum en orðum.

Hún rumdi og þurfti meira. Kroppurinn á henni iðaði af girnd. Hún var að breytast í villtu, trylltu konuna sem aðeins Braden gat umbreytt henni í.

Hún var að því komin að renna lásnum á buxunum hans niður, en þá tók stundin allt í einu enda.

Hún vissi ekki hvort þeirra hörfaði fyrst. Sennilega höfðu þau gert það bæði í einu.

–Hvað var þetta? spurði hún móð og horfði á Braden, sem var næstum því þjádur að sjá.

–Ég veit það ekki, svaraði hann og reyndi að hlæja.

Hún gekk að dyrunum. –Ég veit að þú ert upptekinn, sagði hún andstutt. Hún var fegin að þau höfðu hætt áður en þau gerðu afdrifarík mistök. Um leið var hún ákaflega hnuggin. –Ég missti bara stjórn á mér augnablik út af góðu fréttunum. Tilfinningarnar báru mig ofurliði.

–Já, sagði hann og hreyfði sig ekki.

Hún var næstum komin út þegar hann kallaði til hennar.

–Mal?

–Já?

–Ég er feginn að þau eru heilbrigð.

Hún kinkaði kolli.

–Og ánægður með að þetta séu stelpur.

Hún var ánægð með það líka. Það hefði vitaskuld ekki verið neitt verra að fá stráka. En í bili var Tucker strákurinn hennar. Og litlu stúlkurnar myndu frá byrjun fá að vita að þær hefðu átt bróður. Þeim myndi þykja vænt um stóra bróðurinn sem þær fengju aldrei að kynnast.

Þær myndu á hinn bóginn kynnast föður sínum.

Úr fjarlægð.

Fyrst hún átti von á stúlkum gat hún ekki leyft sér að vona að samband þeirra Bradens yrði meira en góð vinátta. Honum fannst nógu erfitt að kljást við tilfinningar Mallory. Hún gat rétt

ímyndað sér hvernig honum fyndist að fást við tvær táningsstúlkur og tilfinningaflækjur þeirra.

Hún myndi vernda þær fyrir gremju hans yfir tilfinningasemi annars fólks. Þær skyldu aldrei þurfa að skammast sín fyrir að láta tilfinningar sínar í ljós. Ekki meðan hún lifði.

Ef hún uppfærði þær rétt myndi þeim vegna ágætlega að þessu leyti eftir dauða hennar líka.

Varir hennar titruðu eftir kossinn löngu eftir að hún yfirgaf skrifstofu Bradens. Hún yrði að ná tökum á þessu líka.

Strax.

Í von um að aukin kynhvöt væri bara hormónunum að kenna hraðaði hún sér á dagheimilið og fór að vinna.

Braden gat ekki hætt að hugsa um kossinn og kroppinn á Mallory. Honum stóð enn og hann gat varla hugsað skýrt.

Og hann gat ekki drukkið nóg til að koma líkamsstarfseminni og huganum í samt lag.

Þess vegna fór hann að vinna. Eins og venjulega. Það kunni hann.

Hann reyndi að hugsa um allt annað en Mallory, börnin, heilsu þeirra og kossinn og einbeita sér að því að græða peninga.

Í hálf tíma sat hann á kontórnum, hringdi nokkur símtöl og bjó sig undir næsta dag. Morgninum hugðist hann verja í San Díégó, en síðdeginu í Los Angeles.

Þeir William fengu sér kvöldmat á krá einni, töluðu um bók-haldið, starfsfólkið og launahækkunina sem Braden hafði boðið unga mannum.

William yrði framkvæmdastjóri skrifstofunnar í San Díégó þegar Braden væri ekki á staðnum. Það yrðu tilkynnt á næsta starfsmannafundi, en Braden bjóst ekki við því að tíðindin kæmu fólki á óvart. Þó að maðurinn sæti frammi að eigin vali var hann bráðsnjall í fasteignaviðskiptum.

Hann spurði William hvort hann væri reiðubúinn að starfa annað slagið í Los Angeles líka. William kvaðst vera reiðubúinn að starfa í Alaska meðan fyrirtækið setti starfsfólk sitt og heiðarleika í viðskiptum ofar öllu.

Þegar kvöldverðinum lauk átti William stefnumót við herra-mann sem beið hans við barinn. Braden mundi eftir honum. Hann hafði komið í síðasta starfsmannasamkvæmi. Braden minnti að hann væri bátasmiður að atvinnu.

Klukkan var að ganga níu og vinnudegi Bradens lokið. Hann ákvað að halda heim á leið. Hann gæti fengið sér meira að drekka en yrði þá að hringja á leigubíl og sækja síðan jeppann sinn morguninn eftir. Því nennti hann ómögulega.

Hann greiddi reikninginn og tók af sér bindið á leiðinni út að bíl. Kannski væri ekki svo vitlaust að keyra niður að bryggju til að hreinsa hugann.

Þegar hann ók framhjá dýragarðinum varð honum hugsað til Mallory og dætra hennar. Hann sá þær fyrir sér skellihlæjandi þar sem þær héldust í hendur og skoðuðu dýrin.

Mallory hafði alltaf verið hrifnust af apaköttunum.

Á endanum keyrði hann heim til hennar. Kannski hafði hann vitað allan tímann að hann myndi ljúka ökuferð sinni þar. Kannski hafði hann bara verið að gefa sér tíma til að skipta um skoðun og vitkast.

En vit virtist ekki skipta máli lengur.

Mallory hafði varið allri helginni í einsemd af ótta við að dætur hennar væru í lífshættu. Hún hafði verið alein næstum allt sitt líf.

Það var glæpsamlegt.

Hann knúði dyra og sá að hún gægðist út um gluggann litlu síðar. Svo kveikti hún útljósið og opnaði dyrnar.

–Má ég koma inn?

–Auðvitað.

Opnaði hún síðan dyrnar upp á gátt og vék úr vegi.

Hún hafði skipt um föt. Nú var hún í bómullarbuxum og hlýralausum bol. Hún var ekki í brjóstahaldi.

Þegar hún uppgötvaði að hann starði á hana krosslagði hún hendurnar og fór inn. Stuttu seinna kom hún aftur og hafði þá farið í víðan stuttermabol.

–Ég átti ekki von á gestum, sagði hún.

–Gifstu mér.

Litlu munaði að hún dytti aftur fyrir sig ofan í stólinn sem þar stóð. –Ha?

–Gifstu mér.

Það var allt og sumt. Hann gat ekki boðið upp á neitt annað.

–Braden, er allt í lagi með þig? Hvað er að? spurði hún gapandi.

–Ég er stálhress.

–Varstu að drekka?

–Ég fékk mér tvo bjóra. Þú veist að ég snerti ekki bíl ef ég drekk meira.

Hún kinkaði kolli.

Hann beið þess þögull og þolinmóður að hún tæki til máls.

–Ég get ekki gift þér, Braden, sagði hún loks.

–Af hverju ekki?

–Eftir eitt ár værum við hætt að þola hvort annað.

–Það er ekki víst.

–Jú, það er öruggt mál.

–Við þolum hvort annað ágætlega núna.

–Enda erum við ekki gift.

–Þú þráir mig.

Hún vætti varirnar og þá reis honum hold. –Já, en það gæti verið vegna þess að óléttuhormónarnir eru alltaf að stríða mér. Og jafnvel þótt ég geti ekki kennt þeim um ástandið erum við alltof ólík, Braden. Ég geri þig brjáláðan. Og þú særir mig.

–Ég hef ekki sært þig nýlega.

Hann vonaði innilega að það væri satt. Hún hafði að minnsta kosti ekki gefið neitt í skyn.

–Ég er ekki gift þér.

Hún myndi hlusta á rödd skynseminnar. Það var eitt af því sem hann dáðist að í hennar fari. Engu skipti hversu æst hún var, hún hlustaði ævinlega á skynsemi og rök.

–Það er ekkert vit í öðru en að við verðum hjón, Mal. Það eru þrjú ár síðan við skildum og við stöndum í nákvæmlega sömu sporum og þá. Ný bygging er að rísa, sömu teikningarnar, sama dagheimilið... og svo gengurðu með dætur mínar.

Hann tyllti sér á hornið á sófanum. Síðan tók hann um báðar hendur hennar.

–Við losnum ekki hvort við annað, Mal.

–Við vorum ómöguleg saman.

–Í fyrstu atrennu, já.

–Þá þurftum við ekki að horfast í augu við neinar meiri háttar áskoranir. Allt gekk eins og í sögu. Lífið var leikur einn.

Hann varð að játa að hún hafði lög að mæla.

–En svo harðnaði á dalnum.

–Já, sagði hann. –Og okkur varð á í messunni.

Hún dró hendurnar til sín.

–Málið var flóknara en svo, Bray. Nýlega áttaði ég mig á því að ég bjóst aldrei við því að hjónaband okkar entist til æviloka.

Honum leið eins og hann hefði verið stunginn í kviðinn.

–Ekki vegna þess að ég elskaði þig ekki. Þvert á móti. Í mínum heimi er ástin ekki ævarandi. Það hélt ég að minnsta kosti lengi vel.

–Jæja, ég hef að minnsta kosti afsannað þá kenningu þína, sagði hann. –Þú losnaðir ekki einu sinni við mig þótt við skildum.

Hún horfði fast á hann og hjartað í honum herti á slættinum. Myndi hún íhuga bónorð hans? Vildi hann að hún gerði það?

–Mér þykir leitt að ég skyldi ekki deila fyrri þunguninni og lífi Tuckers með þér að neinu ráði, sagði hún.

Þetta var ekki beint það sem hann hafði búist við að hún segði.

–Þetta heyrir fortíðinni til, Mal. Við gerðum bæði mistök.

–Þegar hann dó varð ég ofsalega reið og ég hafði engan nema þig til að skeyta skapi mínu á, sagði hún.

–Það er allt í lagi, Mal. Þetta er liðin tíð, sagði hann og tók aftur í höndina á henni. –Það er tímabært að horfa fram á veginn. Og það er morgunljóst að við þurfum að gera það saman.

Aftur dró hún höndina til sín. –Nei, þetta er ekki liðin tíð, Bray.

Á augum hennar var undarlegur gljái. Nei. Ekki tár. Það var engin ástæða til að gráta núna.

–Í dag kom einmitt berlega í ljós að þetta er alls ekki búíð, bætti hún við.

–Einmitt, sagði hann ákafur. –Við getum ekki látið hvort annað í friði. Þú veist jafn vel og ég að fyrr eða síðar gerist það. Við sofum saman. Við getum ekki haldið okkur fjarri hvort öðru, Mal. Það er kominn tími til að hætta að berjast á móti. Við eigum von á börnum.

Því meira sem hann talaði, þeim mun ákafar hristi hún höfuðið.

–Ég átti ekki við það, Bray. Ég var ekki að tala um kossinn.

–Hvað þá?

–Veitingastaðinn. Þú vildir taka virkan þátt í öllu þangað til þú sást að ég var komin að því að tárast. Þá skelltirðu í lás.

Hann svitnaði ofurlítið. –Hver segir það?

–Þú stakktst upp á því að við pöntuðum matinn.

Eftir það hafði hann bara talað um fyrirtækið og viðskiptin. Hann skildi hvað hún var að fara. Hann hefði átt að koma öðruvísi fram.

En hvernig?

Orð sálfræðingsins, sem hafði gert lítið annað en fylla hann gremju og pirringi, komu upp í hugann. Hann hefði átt að „sitja hjá henni meðan hún táraðist“.

Eða eitthvað slíkt.

Hvað þýddi það eiginlega? Átti hann að rétta henni vasaklút? Sitja og horfa á hana gráta tímunum saman? Hver gerði slíkt og þvílíkt?

Hann hafði reynt að hugga hana þegar þau voru gift. Margoft. Til dæmis þegar hann hafði fundið hana þar sem hún sat um miðja nótt í barnaherberginu, hélt á mörgæsinni hans Tuckers og grét beisklega. Barnaherbergið leitaði á huga hennar öllum stundum. Það minnti hana á það sem hún hafði misst. Hann hafði þurft að koma henni þaðan út og reyna að fá hana til að sjá að lífið gæti enn orðið gott. Að það snerist ekki bara um það sem hún hefði glatað.

Þegar hann sagði þetta við hana hafði hún orðið trítílóð.

Braden stóð upp, stakk höndunum í vasana og arkaði að glugganum. Hann horfði út í myrkið og fann að í huga hans var stormur í aðsigi.

Hann dró andann djúpt nokkrum sinnum og beið þess að ró færðist yfir hugann. Honum hafði lærst fyrir löngu að það borgaði sig ekki að láta í minni pokann fyrir dramatík. Þá þyrfi maður annaðhvort að biðjast afsökunar síðar eða skammast sín.

Einu sinni hafði hann til að mynda misst þolinmæðina við móður sína. Sú gamla hafði verið að tala illa um Mallory og sakaði hana um að tala niður til sín. Ekki mundi hann nákvæmlega hvað hann hafði sagt, en hann mundi vel hverju mamma hans hafði svarað.

–Braden, við erum fjölskyldan þín og fjölskyldan gengur alltaf fyrir.

–Ekki lengur, hafði hann þá sagt.

Honum hafði ekki verið alvara. En móður hans hafði sárnað

ógurlega og enn þann dag í dag óttaðist hún ábyggilega að hann myndi skera á öll tengsl við þær mæðgur ef þær gerðu eitthvað sem hann hefði vanþóknun á.

Þegar hann var orðinn rólegur sneri hann sér við.

–Við erum að eignast tvíbura, Mal. Tvær dætur.

Hann ætti að vera til staðar og axla sinn hluta ábyrgðarinnar. Hún var síður en svo lítil. Fyrstu vikurnar yrðu til dæmis enginn hægðarleikur fyrir Mallory, sem þyrfti að fæða telpurnar, skipta á þeim og halda á þeim meðan hún væri enn að jafna sig eftir fæðinguna.

Þau urðu að sýna skynsemi. Annað kæmi með kalda vatninu.

–Það er ein ástæðan fyrir því að þetta gengur ekki upp.

Hann kom nær og skildi ekki hvað hún var að fara.

–Stelpur, Bray. Kynþroski. Dramatík. Hugsaðu um systur þína og margfaldaðu með tveimur. Svo er það ég í þokkabót. Hvernig heldurðu að þetta verði fyrir þig?

Hún var sallaróleg og setti mál sitt fram á mjög rökfastan hátt.

Allt í einu rann upp fyrir honum ljós.

–Treystirðu mér ekki fyrir börnunum þínum?

–Jú, auðvitað geri ég það. Ég treysti þér fullkomlega. Ég veit að þú verður alltaf til staðar fyrir stelpurnar. Í hvert sinn sem þær hringja kemurðu askvaðandi, sama hversu ómerkilegt erindið er.

Þar hittirðu naglann á höfuðið, kona góð.

–En ég get ekki haft þig í kringum mig alla daga og nætur, Bray. Ekki að nauðsynjalausu. Dramatíkin myndi ganga af þér dauðum. Og ef þú værir hjá okkur og færir svo yrði það gríðarlega sársaukafullt fyrir þær.

Hann sneri sér aftur að glugganum og dró andann djúpt á ný.

–Bray?

Hann snerist á hæli. –Hvað? Hvað viltu frá mér? hrópaði hann. Svo áttaði hann sig á því að trúlega hefðu nágrannarnir heyrt hann byrsta sig. –Fyrirgefðu. Þetta var óþarfi.

Þá sá hann svipinn á henni.

Með uppgleennt augun góndi hún á hann.

–Ekki horfa svona á mig. Ég ætlaði ekki að meiða þig. Það myndi ég aldrei gera.

–Ég er ekki hrædd, Bray. Ég er forviða. Ég held að þú hafir aldrei byrst þig við mig fyrr.

–Það er satt og ég biðst forláts. En sérðu ekki hvað þetta er gremjulegt? Við eigum samleið. Það er eina vitið. Ég veit að þú elskar mig, Mal. Ég veit það. Ég fann það þegar þú kysstir mig í dag. Og ég hef oft fundið það áður. Samt siturðu þarna og segir mér að við getum ekki verið saman af ástæðum sem eru gjörsamlega út í hött.

–Það er vegna þess að þú skynjar ekki afleiðingarnar.

Kannski var það sannleikur. En hitt vissi hann að það eina rétta í stöðunni var að kvænast Mallory í annað sinn.

Hann settist. –Segðu mér þá hvernig þér líður.

–Þú ert ófær um að skilja tilfinningar mínar. Stundum líður mér eins og ég sé eitthvert furðudýr. Ástandið var orðið svo slæmt að um það leyti sem þú fluttist burt leið mér eins og ég yrði að fara inn á bað til að gráta og kveikja á víftunni, jafnvel þótt enginn væri heima nema ég.

Hann starði á hana. Um hvað var hún að tala?

–Ég skammaðist mín, Bray. Í hvert sinn sem sársaukinn blossaði upp bældi ég hann niður. Ég þoldi hann ekki. Mér fannst ég vera veiklynd. Og þegar ég var kát eða spennt þóttistu vera það líka.

Þannig mundi hann þetta ekki.

–Þú samgladdist mér aldrei og varst aldrei spenntur fyrir neinu með mér, hélt hún áfram. –Í dag sagði ég þér til dæmis að börnin væru heilbrigð og þú stóðst bara eins og þvara. Ég hefði getað klifrað upp á þak og hlegið þar og dansað. En það hefði ég orðið að gera ein. Og þegar ég sagði þér að við ættum von á

stelpum stóðstu bara kyrr. Ég fékk ekkert, Bray. Og það er í lagi mín vegna núna. Vináttan nægir mér. En hvað heldurðu að það myndi gera litlu telpunum okkar ef þú byggir hjá okkur? Þær myndu læra að hemja og fela spenning, gleði og sorgir. Það er nefnilega í eðli ungra stúlkna að þóknast föður sínum. Þú ætlar þér áreiðanlega ekki að kenna þeim slíkt, en þær finna það á sér. Alveg eins og ég gerði.

Ja, hérna. Braden vissi ekki hvað til bragðs skyldi taka.

Á endanum stóð hann upp. –Þannig að þú ert að segja mér að vegna þess að ég verð ekki hamslaus af gleði eða fæ grátköst sé ég ekki rétti maðurinn fyrir þessa fjölskyldu.

Það hafði hún ekki sagt. En næstum því. Það fannst honum að minnsta kosti.

–Ég er að segja þér að við séum of ólík, Bray, og að við getum ekkert að því gert.

Taldi hún að hann ætti þá aldrei að eignast börn? Vegna þess að hann myndi „ræna þau gleðinni“?

Þetta var annar frasi frá sálfræðingnum illþolandi sem hafði ekki verið til neins gagns.

–Ég verð spenntur, sagði hann og minnti hana á það þegar hann veiddi tuttugu punda vartara í útilegu á fyrstu mánuðum hjónabands þeirra.

–Auðvitað. En þegar eitthvað virkilega mikilvægt á sér stað ertu ekki við.

–Hvar er ég þá?

–Ég veit það ekki, sagði hún. –Ég hef svo sannarlega reynt að komast að því. Þú ferð bara í andlegt frí, Bray, og það er ekkert slæmt eða rangt við það. Það eru bara viðbrögð sem henta þér. En þau henta mér ekki.

Braden rifjaði upp fleiri heilræði frá sálfræðingnum.

Mallory hafði á réttu að standa.

En hann var bara ekki þannig maður.

Því kvaddi hann eina lífið sem honum fannst vera eitthvert vit í og hvarf hljóðlega á braut.

18. kafli

Mallory leið ömurlega. Þetta hefði átt að vera einn besti dagur ævinnar. Samt var hún ekkert nema eymdin.

Eina huggunin harmi gegn var sú að Braden fyndi ekki fyrir jafn miklum sársauka eftir þetta samtal þeirra og hún.

Henni þótti hræðilegt að særa hann.

Að neita honum um fulla þátttöku.

Til að bæta gráu ofan á svart þráði hún hann afar heitt.

Hún fór að gráta um leið og hann lokaði dyrunum á eftir sér. Hún reyndi ekki einu sinni að hemja tárin. Hún leyfði þeim bara að streyma.

Fimm daga áhyggjur, ótti og einmanaleiki runnu niður kinnarnar á henni.

Það var kaldhæðni örlaganna að stóra ástin hennar skyldi vera maður sem hentaði henni alls ekki. Og hún hentaði honum ekki heldur.

Þetta var enn verra en að hefja líf sitt með móður sem vann fyrir sér með því að selja sig. Miklu verra. Mamma hennar hafði elskað hana nógu mikið til að forða henni frá þeirri tilveru.

Þó að hún hefði ekki átt fjölskyldu á yngri árum hafði hún átt fósturmóður sem unni henni, hjálpaði henni og studdi hana.

Hún var heilsuhraust, rak gott fyrirtæki sem henni þótti vænt um og átti góða vini.

Nú átti hún von á heilbrigðum, eineggja tvíburastúlkom.

Samt grét hún.

Hún gat nefnilega ekki ímyndað sér tilveruna án Bradens.

Nokkru síðar stóð hún upp, fór í bað, kveikti á sjónvarpinu og lagðist í rúmið.

Hún myndi þrauka.

Það gerði hún alltaf.

Hún hafði fyrir börnum að sjá. Þau þyrftu að fá allt sem hún gat gefið þeim. Þau verðskulduðu ekki sundurtætta fjölskyldu og taugatrekka móður. En það fengju þau einmitt ef þau Braden giftust og skildu á ný.

Hún gat ekki gert þeim það.

Ekki sjálfri sér heldur. Og ekki Braden.

Hún hafði loksins fullorðnast, þó að erfitt væri að kyngja því.

Um kvöldið fór Braden frá San Díégó.

Hann komst ekki alla leið til Los Angeles. Hann fann hótél skammt fyrir utan borgina, settist við barinn, horfði á endursýningu á hafnaboltaleik og drakk öl.

Morguninn eftir var hann kominn á kontórinn klukkan sex og sendi textaboð til að breyta morgunfundartímunum í San Díégó eða gera þá að fjarfundum ef unnt var.

Hann vann af kappi alla vikuna og fram í þá næstu. Það kunní hann.

Þegar honum fannst hæfilegur tími hafa liðið að því er hann sjálfan snerti hringdi hann í Mallory.

Þau höfðu ekki sést í tæpan hálfan mánuð.

–Ég kem í bæinn á morgun, sagði hann. Hann ætlaði að halda fund með starfsfólkinu á miðvikudagsmorgninum og síðan rak hver fundurinn annan fram eftir degi. –Hvað segirðu um að fá þér bita með mér í hádeginu?

Hann ætlaði að segja henni frá því að William yrði skrifstofustjóri í San Díégó, athuga hvornig hún hefði það og aka svo til Los Angeles um kvöldið.

Kannski myndi hann segja henni að þau Anna væru hætt að hittast. Kannski ekki.

Hann hafði slitið tengslunum við konuna þegar hann kom til

baka frá San Díegó. Hann hafði ekki séð neinn tilgang með sambandinu. Ljóst var að áhugi hans á henni var takmarkaður fyrst hann hafði beðið fyrrverandi konu sinnar meðan þau Anna voru enn saman.

–Ég held að það sé ekki góð hugmynd, Bray.

Svar Mallory kom svo flatt upp á hann að litlu munaði að hann félli við.

Hann hlammaði sér á stólinn. –Ha? Af hverju ekki?

Þau borðuðu alltaf saman ef annað þeirra fór fram á það. Þannig var tilveran hjá þeim.

–Vegna þess að við viljum alltaf fá meira.

–En það er allt í lagi hjá okkur, Mal. Við kunnum að láta þetta ganga upp. Gleymdu bónorðinu. Það er allt í finasta lagi.

–Ég get ekki gleymt því. Ég hugsa ekki um annað. Og kossinn. Og allt hitt. Þetta er bara of sárt.

Halló. Augnablik.

–Nú skil ég ekki. Samband okkar er gott. Við erum með ýmislegt í bígerð. Og er það allt í einu ónýtt og ómögulegt af því að ég stakk upp á því að við giftum okkur? Er allt í rúst?

Það var óhugsandi. Þau voru vinir.

Hún gekk með dætur hans.

Hann var að verða pabbi. Hálfgerður fjarskapabbi, að vísu, en samt pabbi.

–Í bili er það þannig, Bray. Mér þykir það afskaplega leitt.

Hann heyrði að hún snökkti.

–Ég hringi í þig á morgun þegar ég er kominn í bæinn. Þá tölum við betur saman, sagði hann, kvaddi og lagði á.

Hann þurfti tíma til að hugsa. Finna rökvísina í þessu. Hann vissi að þegar það tækist yrði málið í höfn.

Tíu mínútum síðar sendi hann Mallory textaboð.

Þú ætlar ekki að selja Boltann, er það? Eða flytja hann?

Hún svaraði næstum samstundis.

Nei.

Gott. Þau höfðu enn tíma. Málinu var ekki lokið. Það var bara í pásu.

Viltu enn fá plássið hérna?

Hann vissi að þetta var ýtni.

Já. Við skulum bara borða saman á morgun. Ég sé að við þurfum að ræða málin.

Satt var það. Þau voru félagar. Vinir. Milli þeirra voru mjög sterk og náin tengsl. Og fyrir árslok myndu þau eignast tvær dætur saman.

Það var útilokað að hætta þessu.

Hún þurfi bara að þrauka fram yfir hádegi. Borða með Braden einu sinni enn sem vinkona hans og síðan yrði þeim þætti lífs hennar lokið.

Það yrði ekki auðvelt. Það hafði hún vitað frá byrjun. Og þetta færi ekki vel. Það vissi hún líka. En þau áttu sameiginlega sögu og höfðu verið vinir lengi. Hún var leigjandi hans og yrði það áfram. Samskipti þeirra yrðu áfram að vera á vinsamlegum nótum.

Hún gekk með dætur hans.

Það var erfiðast.

En þau höfðu klúðrað þessu saman og það var þeirra að finna leið úr ógöngunum.

Þegar hann sendi skilaboð og lagði til að þau fengju sendan mat upp á skrifstofuna hans var hún að því komin að hafna því. Síðasti fundur þeirra þar hafði endað með kossi.

En því meira sem hún hugsaði málið, þeim mun ánægðari varð hún með val hans. Þau þurftu að fá næði til að ræða saman. Hún þurfti að segja honum svo margt. Líklega færi hún að gráta og hún vildi síður gera það á almannafæri.

Eftir þennan fund myndu samskipti þeirra snúast um viðskipti og ekkert annað.

Mikilvægur hluti ævi hennar var á enda runninn. Hún myndi aldrei elska neinn eins og hún elskaði Braden, en hún gæti ekki tekið þátt í sambandi sem var óheilbriggt, jafnt andlega sem tilfinningalega.

Hann myndi heldur ekki þola það. Ekki til lengdar.

Það var gömul saga og ný.

Hún hefði getað rekið Braden að heiman eftir síðasta stóra rifrildið sem reið hjónabandinu að fullu. En hann hafði orðið fyrri til. Hann hafði pakkað ofan í tösku og farið. Aldrei framar hafði hann gist í húsinu sem þau höfðu átt saman.

Hann hafði komið til að hjálpa henni að búa það undir söluferli. Pakka niður, ganga frá barnaherberginu og gefa líknarsamtökum húsgögnin og leikföngin. Mallory hafði þó haldið eftir fáeinum munum til minningar um son þeirra.

En Braden hafði aldrei komið heim aftur.

Hún hafði ekki fyrir því að skipta um föt áður en hún hélt til fundar við Braden. Hún var í nýju vinnufötunum sínum, óléttubuxum og hólkvíðum stuttermabol. Klukkan nákvæmlega tólf á hádegi brosti hún til Williams og kjagaði inn ganginn til að knýja dyra hjá Braden.

Varla hafði hún komið við hurðina er henni var hrundið upp.

Á borðinu við gluggann stóðu tvö ílát úr frauðplasti ásamt tveimur teglösum. Braden bauð henni sæti og settist síðan gegnt henni.

–Þú lítur aldeilis vel út, sagði hann og virti hana fyrir sér frá hvirfli til ilja. –Og stór ertu orðin, manneskja.

Hún hefði ef til vill móðgast ef hún vissi ekki hvað hann meinti. –Ég veit, sagði hún og brosti. Henni leið eins og hún væri mörg tonn að þyngd.

Hún naut þess. Þó að meðganga hefði marga galla í för með sér naut hún hennar til fulls.

Hann hafði pantað handa henni salat með grilluðum kjúklingi og franskbrauði. Hún neytti á meðan á nefinu stóð. Lystin hvarf stundum þegar minnst varði.

Braden hafði fengið sér spagettí. –Ertu búin að láta þér til hugar koma einhvern nöfn? spurði hann.

–Að sjálfsögðu, svaraði hún, fegin að hann skyldi hefja spjall-ið á léttum og þægilegum nótum. Eins og í gamla daga. Hann var að gefa tóninn fyrir það sem koma skyldi. –Ég var farin að gæla við nöfn löngu áður en ég vissi að ég gengi með tvær stelp-ur.

Það sama hafði verið uppi á teningnum með Tucker. Hún hafði valið fáein nöfn og síðan skorið þau niður í tvö áður en hún spurði Braden álits.

Hann hafði verið sáttur við bæði nöfnin og leyft henni að ráða hvort þeirra yrði fyrir valinu.

–Segðu mér, sagði hann.

Hún leit á hann. Hann leit vel út og var vel á sig kominn. Ein-um of kynþokkafullur til að hægt væri að horfa lengi á hann. Þess vegna beindi hún sjónum sínum strax aftur að kjúklinga-salatinu.

–Kaylee og Kylie voru fyrstu nöfnin sem komu upp í hugann. En svo varð ég hrifnari af nöfnunum Eva og Mari.

Hann kinkaði kolli.

–Svo komu Kelly og Cassandra.

Aftur kinkaði hann kolli. Hún hélt áfram að telja upp nöfnin meðan þau snæddu. Hann kinkaði kolli annað veifið.

–Hvað finnst þér? spurði hún þegar nöfnin voru upptalin.

–Ég er hrifinn af Madison og Morgan.

Þau nöfn höfðu ekki verið á listanum hennar.

–Madison og Morgan? Já. Ég er hrifin af þeim líka, sagði hún og þá brostu þau bæði.

Þegar Mallory brosti var hún heimsins fegursta kona.

–Ó, sagði hún allt í einu og rak upp stór augu. Svo varð hún skelkuð á svipinn.

–Hvað?

Hún lagði höndina á kviðinn á sér.

–Hvað er að, Mal? spurði hann skelfdur.

–Ég held að önnur stelpan hafi verið að hreyfa sig, sagði hún blíðlega.

Hún rétti úr sér og beið átekta.

–Þarna. Nú kom það aftur.

–Er þetta í fyrsta sinn?

Hann hafði ekki verið viðstaddur þegar Tucker hreyfði sig í fyrsta skipti. Hann var þessum málum því ekki sérlega kunnugur.

–Já. Þetta er miklu kröftugra en mig minnti, sagði hún brosandí.

–Ertu viss um að það sé ekkert að?

–Það var það fyrsta sem mér datt í hug, en þetta eru greinilega fósturhreyfingar. Þetta er alls ekki sárt, bara dálítið skondið. Og allt öðruvísi en hjá Tucker.

–Kannski er það vegna þrengslanna þarna inni. Þær eru náttúrulega tvær.

Hann stóð upp og kraup fyrir framan hana. Svo lagði hann höndina á kviðinn á henni. Það hafði verið magnaðasta upplifun meðgöngutímans fyrir hann að finna hreyfingar Tuckers.

Hann hafði orðið djúpt snortinn og fyllst lotningu.

Nú fann hann enga hreyfingu. –Ég finn ekkert. Er hún enn á iði?

–Já. Hreyfingarnar eru ekki öflugar lengur.

Honum hafði risið hold við að koma við kviðinn á henni. Mallory tók eftir því og starði á bunguna milli fótanna á honum.

Hann leit á hana, tilbúinn að biðjast afsökunar, og sá þá að augun voru full af tárur.

Þau horfðust í augu uns hún leit undan og horfði út um gluggann.

Hann tók af borðinu og fleygði ruslinu. Hún fór með glösin að barnum, þar sem hreingerningapjónustan myndi taka þau.

–Ég kom til að segja þér að við getum ekki verið vinir lengur, Bray.

Hann sneri sér að henni og brosti. Loksins hafði hún áttað sig á því að eina leiðin fyrir þau til að öðlast hamingju var að ganga í hjónaband og ala telpurnar upp saman.

Hún stóð við vaskinn og sneri í hann baki. Hann óskaði þess að hafa verið viðbúinn þannig að hann gæti gefið henni hring.

Hún hélt áfram. –Ef þú hreyfir ekki andmælum vil ég gjarnan að við höldum áfram að vinna saman varðandi Boltann og Braden-fasteignafélagið. Og ég skal standa við orð mín og færa nafn þitt á fæðingarvottorð Madison og Morgan.

Undarlegur raddblær hennar kom í veg fyrir að hann snerti hana. Hann hélt sig á lengdar og velti því fyrir sér hvort þetta væri tilraun hennar til að beita skynsemi og rökum, en ekki tilfinningum og dramatík.

–Ég vil enn fá óskoraða forsjá yfir stelpunum og að afsalir þér réttindum þínum skriflega áður en þær fæðast. Ég ákveð seinna hvort ég segi þeim frá þér. Þannig er málið vaxið, Bray. Meira en þetta get ég ekki.

Ha? Hvað var hún að fara?

Hann stóð stjarfur og gat með engu móti melt þessi tíðindi.

–Gefðu þér tíma til að íhuga málið, sagði hann loks.

Með tímanum kæmi skynsemin og óttinn hyrfi.

Hún sneri sér við og horfði framan í hann. –Ég þarf ekki meiri tíma. Ég er hrædd, Braden. Við getum ekki haldið okkur á mottunni þegar við erum saman. Ég þarfnast þess að þú haldir þig í

hæfilegri fjarlægð vegna þess að ég get með engu móti staðist þig. Þegar við erum saman í herbergi ertu eins og segulstál. Ég dregst ósjálfrátt að þér.

Hann gekk nær henni og horfði fast á hana. Af hverju streittist hún á móti því sem var óumflýjanlegt?

–Nei, Braden, sagði hún ákveðin og færði sig nær dyrunum. –Ekki meira svona. Ég er ég og þú ert þú. Sambúð okkar mun aldrei blessast. Ég get ekki látið tilfinningar mínar í ljós í návist þinni. Og þú þarft heimili sem er laust við dramatík. Þú átt það skilið. Ef við giftumst og skiljum aftur missi ég þig í annað sinn. Það get ég ekki hugsað mér.

Þetta var rödd skynseminnar. Engin dramatík. Alveg eins og hann vildi hafa það.

Hann kinkaði kolli, gekk að skrifborðinu sínu og starði á tölvuskjáinn.

Hann heyrði að dyrnar voru opnaðar.

Svo var þeim lokað.

Hann leit ekki upp.

19. kafli

Mallory heyrði ekkert frá Braden í hálfan mánuð. Hún vann af kappi, fór í steypiboðið sitt og snæddi tvisvar hádegisverð með Tamöru.

Tamara var þunguð. Hún hafði aldrei átt í vandræðum með að verða barnshafandi, en fjórum sinnum misst fóstur. Hún var komin fjórar vikur á leið og átti í mesta basli með að halda tilfinningum sínum í skefjum. Vinkonurnar voru svo sannarlega engir gleðigjafar þessa dagana.

Samt þraukuðu þær, lifðu, vonuðu og elskuðu. Diamond Rose, sem getin hafði verið í fangelsi og var enn ekki orðin árs-göm, sýndi og sannaði að þótt lífið væri ekki alltaf fyrirsjáan-

legt gat það verið skemmtilegt og ljúft. Hún var sannkallað kraftaverk.

Mallory ætlaði að sjá til þess að dætur hennar nytu sams konar hamingju. Staðfesta hennar í þeim efnum varð til þess að hún komst í gegnum þennan tíma án Bradens.

Í vinnunni fylgdist hún með bílaplaninu á hverjum degi í von um að sjá jeppann hans. Hún sá hann einu sinni eða tvisvar í viku. Þeir dagar voru skástu dagar vikunnar og um leið þeir erf-
iðustu.

Þegar þrjár vikur voru liðnar frá því að hún sleit vináttusam-
bandi þeirra hringdi hann í hana. Hún lét talhólfið taka við sím-
talínu.

–Mallory, ég er með lagaskjölin sem þú baðst um. Má ég koma þeim til þín?

Hún svaraði með textaboðum.

Ég kem og sæki þau.

Hún vildi ekki fá hann inn í sitt rými.

Hann hegðaði sér eins og aumingi. Hann hefði getað skilið skjölin eftir hjá William eða látið lögfræðinginn senda henni þau.

Hún fengi það sem hún vildi. Hún átti það inni hjá honum. En hann vildi ýmislegt líka. Til dæmis langaði hann til að sjá hana og fullvissa sig um að henni vegnaði vel án hans.

Hann vildi líka segja henni að hann væri frjáls.

Hún kom á skrifstofuna tíu mínútum eftir að hann hringdi. Hann var ekki hissa á því. Hún tók sér jafnan hádegishlé um þetta leyti dags.

Bumban var orðin gríðarstór. Samt voru tveir mánuðir eftir af meðgöngunni. Hvar endaði þetta eiginlega?

–Þú lítur vel út, sagði hann eins kæruleysislega og honum var unnt.

–Þú líka.

–Lestu þetta yfir. Ef þú samþykkir allt saman skaltu undirrita það að viðstöddum lögbókanda og koma því aftur til mín.

Hún tók við umslaginu. –Þakka þér fyrir.

Hann leyfði henni að komast að dyrunum áður en hann kallaði á hana. –Mallory?

Hún snerist á hæli.

–Það er ýmislegt sem ég vil fá á hreint á milli okkar þó að það muni ekki standa í samningnum.

–Allt í lagi.

–Þriggja ára gamalt vináttusamband okkar er að enda. Um leið lýkur öllum stuðningi. Ég þarf að fá vissu mína fyrir því að þú munir ekki hringja til að spyrja ráða eða bara til að heyra í mér hljóðið. Við munum ekki biðja hvort annað um greiða framar.

Hún náfölnaði. Hann hafði aldrei séð manneskju verða svona hvíta í framan. Hann fékk hnút í magann en hélt sínu striki.

–Ef þessu þarf að ljúka til að við höldum bæði sönsum, eins og þú sagðir, verð ég að losna undan hvers konar skyldum varðandi þig. Þegar ég tek saman við konu skulda ég þér ekki neitt. Öll mín tryggð verður við hana.

–Auðvitað, sagði hún og röddin brast.

–Ég bið verktakann um að hringja í þig þegar hann vill heyra í þér varðandi Boltann 2.

–Þakka þér fyrir.

Hann kinkaði kolla. –Það var ekki fleira. Þú mátt fara.

Hún fór og kom sér aftur að verki.

Hún var frjáls. Frjáls eins og fuglinn. Hún fengi aldrei framar sektarkennd og þyrfti ekki að látast vera önnur en hún var.

Hún þurfti ekki framar að hafa áhyggjur af Braden.

Hann fyndi sé nýja konu sem gerði hann hamingjusaman.

Hún las skjölin yfir. Þau voru nákvæmlega eins og hún hafði farið fram á. Daginn eftir fór hún með þau til lögfræðings síns og

Þegar hann hafði gefið grænt ljós skrifaði hún undir þau hjá lög-
bókanda. Því næst setti hún þau í póst.

Þegar heim kom settist hún í ruggustólinn með bangsann og
hugsaði um fortíðina og framtíðina.

Framtíðin var björt fyrir hana og telpurnar hennar. Og fyrir
Braden líka. Þau urðu bara að komast í gegnum dimmu stundirnar.

Um kvöldið grét hún sig í svefn.

En hún vissi að hún myndi þrúka og spjara sig. Lífeynsla
hennar veitti henni styrk. Hún myndi finna hamingjuna á ný.

Af hverju þurfti að vera svona erfitt að lifa?

Braden gisti í San Díegó um nóttina. Það var föstudagur og dag-
inn eftir ákvað hann að keyra strandvegina til Los Angeles í stað
hraðbrautanna.

Hann kom við á litlu kaffihúsi við sjávarsíðuna og fékk sér
kaffi og múffu. Honum flaug í hug að hringja í móður sína og
segja henni að þau Mallory væru ekki lengur vinir, en þess gerð-
ist svo sem ekki þörf. Hún vissi ekki af tvíburunum og fyrst
hlutirnir höfðu æxlast svona fengi hún ekki fréttir af þeim.

Eftir kaffisopann hélt hann főr sinni áfram og hafði ekki farið
langt þegar hundur hljóp í veg fyrir bílinn. Braden varð of seinn
að hemla. Bíllinn skall á seppa.

Braden hljóp út til að gæta að hundinum, sem var rænulaus en
lifandi.

Hann tók hann í fangið, lagði hann í farþegasætið og ók af
stað.

Braden hafði átt hund þegar hann var lítill. Hann bað þess
heitt að hvutti héldi lífi.

Nokkru seinna áttaði hann sig allt í einu á því að tár runnu
niður kinnarnar á honum.

20. kafli

Næsta mánudag, viku eftir að Mallory skrifaði undir plögginn frá Braden, rakst hún á lykilinn hans í veskinu sínu.

Hún hafði verið búin að gleyma honum. Nú yrði hún að koma honum til eigandans.

Líklega var einfaldast og þægilegast að fara með hann til Williams og biðja hann um að koma honum til skila.

En hvað myndi William halda?

Best var að fara með lykilinn heim til Bradens, skilja hann eftir á borðinu og skella í lás á eftir sér. Hún mundi kóðann á öryggis-kerfinu.

Þetta var besta lausnin, hugsaði hún með sér, stakk lyklinum aftur í veskið og hélt áfram að vinna.

Hundurinn hjarði enn.

Braden leit inn hjá dýralækninum, Lauru Winslow, á hverjum degi. Hún leyfði honum að hafa sína hentisemi varðandi heim-sóknartíma.

Seppi hafði fótbrotnað. Hann hafði líka orðið fyrir lifrar-skemmdum, en það var öllu alvarlegra mál. Laura þurfti að skera hann upp tvisvar. Nú var ekkert hægt að gera annað en bíða.

Braden hafði allar klær úti til að finna eigandann, en ekkert gekk. Hundurinn var aðeins ársgamall, ómerktur og óvanaður. Dýralækninn grunaði að hann hefði verið skilinn eftir einhvers staðar.

Þau kölluðu hann Héppa.

Laura hringdi í hann síðdegis á mánudegi, rúmri viku eftir að hann kom með Héppa á stofuna til hennar og spurði hvort eigandinn væri fundinn.

–Ekki enn, svaraði Braden sem var á leið á fund á jarðhæðinni á hótelinu. –Það liggur svo sem ekkert á að finna hann fyrir en hundinum er batnað.

–Honum er batnað. Hann er hress og étur vel. Ég tel að hann sé sloppinn fyrir horn.

Hundurinn myndi lifa hremmingarnar af.

Braden gat ekki annað en brosað við þessi góðu tíðindi.

Mallory fór heim um leið og síðasta barnið hafði verið sótt. Enginn bíll hafði staðið á stæði Bradens í rúma viku. Á endanum gerði hún sér upp erindi, hringdi í William og kvaðst hafa verið að reyna að ná sambandi við Braden en án árangurs.

–Hann er á fundum í allan dag, sagði William, elskulegur að venju. –Hann er að ræða við tilvonandi leigjendur.

Hann var sem sagt í Los Angeles.

Hún þakkaði William fyrir og ók sem leið lá að íbúðinni hans Bradens. Henni leið eins og hún væri innbrotsþjófur. En hún varð að losna við lykilinn.

Systurnar völdu þennan tíma til að sparka og kýla sem mest þær máttu.

Lykillinn var ekki eina tenging Mallory við Braden Harris. En þegar hún hafði skilað honum fækkaði tengingunum um eina.

Um leið og hún opnaði dyrnar að íbúðinni hans varð henni ljóst að hún hafði gert axarskaft. Ilmurinn af honum tók á móti henni og hún rifjaði upp þegar hún hafði setið þarna hjá honum og borðað lasanja af diskinum hans.

Það var áður en hún vissi hvað allt ætti eftir að verða flókið og ómögulegt.

Hún litaðist um. Svo fór hún að skjálfa og loks að gráta.

Hún lagði lykilinn í flýti á eldhúsbekkin og hraðaði sér út.

Héppi þurfti svefnstað og gæslu í að minnsta kosti viku. Braden gat ekki orðið honum að liði í þeim efnum. Hann gat hins vegar sótt hann á dýraspítalann og vakað yfir honum eina nótt.

Á mánudagskvöldið ók hann því til San Díégó með sofandi hund í búi sem fest var við farþegasætið.

Ekki gat hann farið með Héppa á hótelið svo að íbúðin varð fyrir valinu.

Braden hafði ekki hugsað sér að eiga hundinn, en var til í að hýsa hann eina nótt. Næsti dagur færi í að leita að framtíðarhúsnæði fyrir ferfætlinginn.

Þegar hann opnaði dyrnar að íbúðinni sinni varð hann þess áskynja að ekki voru allar læsingarnar virkar. Hurðinni hafði verið læst utan frá.

Hafði verið brotist inn hjá honum? Það gat ekki verið. Viðvör- unarkerfið var í gangi eins og venjulega.

Þegar hann kom inn varð honum ljóst hvernig í öllu lá. Hann fann nefnilega ilminn af Mallory. Og þegar hann gekk inn í eld- húsið blasti sönnunargagnið við honum. Þar á bekknum lá lykillinn hans.

Mallory var að búa sig til vinnu á þriðjudagsmorgninum þegar barið var að dyrum.

Hver gat þetta verið klukkan sex að morgni?

Samtímis hringdi síminn hennar. Það var Braden.

—Bray?

—Ég er hérna fyrir utan. Ég hefði átt að hringja á undan mér. Fyrirgefðu.

Hún hraðaði sér til dyra. Fyrir utan stóð Braden og hélt á búi. Í því lá hreyfingarlaus hundur. Braden var rauðeygður og illa til hafður. Hafði hann vakað alla nóttina? Og hvers vegna hafði hann hund í fórum sínum? Braden var alls ekki hrifinn af hundum.

–Ég keyrði á hann í síðustu viku, sagði Braden eins og hann læsi hugsanir hennar.

Þrátt fyrir samkomulag þeirra gat hún ekki vísað honum á bug.

Hann settist á sófann og lagði búið við fætur sér.

–Þú lítur hræðilega út, Bray. Ertu veikur? Á ég að hringja í lækni?

–Nei. Ég vakti í alla nótt.

Henni brá í brún er hún sá að varir hans skulfu og það glampaði á tár í augum hans.

–Bray?

–Ég get alveg sætt mig við tilfinningar þínar, Mal. Það eru mínar eigin tilfinningar sem ég hef verið að bæla. Ég lokaði ekki á þig, heldur sjálfan mig. Þegar þú varst í uppnámi komst ég í uppnám líka svo að ég bældi tilfinningar mínar niður.

Hún lagði lófann á handarbakið á honum. Augu hennar hvörfluðu að búrinu. Var hundurinn dauður? Hafði Bray haft hjá sér dauðan hund dögum saman?

–Ég ýtti þér frá mér, hélt hann áfram. –Ég afbar ekki sársaukann sem nísti mig þegar við misstum Tucker. Ekki samviskubitið heldur. Ég lokaði allt inni og svo lokaði ég á þig líka. Ég er veiklyndur aulabárður, Mallory mín. Fyrirgefðu mér.

–Þú ert sko ekki veiklyndur og langt frá því að vera aulabárður, Bray. Þetta verður allt í lagi. Ég hefði aldrei átt að fara fram á að við slitum vináttusambandinu okkar. Það var einstaklega heimskulegt af mér. Auðvitað erum við vinir. Hvernig getum við komist hjá því? spurði hún og snökti lágt.

Hann hristi höfuðið.

–Hvar varstu í nótt?

–Heima. Í íbúðinni. Ég varð að finna samastað handa Héppa. Hann losnaði af dýraspítalanum í gær og þarf umönnun allan sólarhringinn fyrstu dagana.

Í sama bili opnaði Héppi augun og ýlfraði lágt.

Braden opnaði búrðyrnar og klappaði honum áður en hann tók hann í fangið.

Á annarri afturlöppinni gat að líta gifs og hundurinn var sömu-leiðis með sáraumbúðir á kviðnum.

—Mér kom ekki dúr á auga í nótt, sagði Braden. —Ég var svo hræddur um að hann tæki upp á því að drepast. Ekki gat ég skilið hann eftir og ekki tekið hann með mér í vinnuna. Ég gat ekki hringt í neinn. Þá skildi ég allt í einu hvernig þér leið þegar við misstum Tucker.

Mallory grét.

—Maður verður svo hjálparvana, sagði hann. —Og getur ekki gert nokkurn skapaðan hlut. Loksins skil ég hvað árans sálfræðingurinn átti við þegar hann sagði að maður ætti að sitja hjá því þangað til það líður hjá. Mér þykir fyrir þessu öllu saman, Mal, sagði hann og horfði stöðugt á hana meðan hann strauk Héppa. —Ég brást þér á örlagastundu.

—Ég brást þér líka, sagði hún. —En síðan þetta gerðist höfum við reynt að gera okkar besta. Saman. Það skiptir mestu máli.

—Þú bjargaðir mér þegar þú settir lykilinn minn á bekkinn, Mal. Ég get ekki lofað því að ég muni aldrei frammar bregðast þér á einhvern hátt, en hitt veit ég að ég mun alltaf koma aftur til þín. Því get ég lofað. Ég mun sitja hjá þér og dætrum okkar, sama hvernig ykkur líður. Gerðu það, Mal, gifstu mér. Gerðu það.

Aftur komu tár í augun á honum. Hann virtist ekki reyna að hemja þau, sem var vægast sagt óvenjulegt.

—Ó, Bray, sagði hún og brosti gegnum tårin. —Auðvitað skal ég giftast þér, bætti hún svo við og kyssti hann.

Að loknum mörgum djúpum og innilegum kossum spurði Braden hvort hún væri samþykk því að þau tækju Héppa að sér.

—Auðvitað, svaraði hún. —Annað kemur ekki til greina.

–Ég var að spá í að biðja William um að stjórna skrifstofunni í Los Angeles frekar en San Dégó.

Þá brosti hún. Alltaf var Braden sami rökhyggju- og skynsemismaðurinn, sama á hverju gekk. Mikið lifandis skelfingar ósköp elskaði hún þennan mann.

–Eigum við þá ekki að skjótast til Las Vegas snöggvast og gifta okkur þar? spurði hann. –Hvort viltu fara akandi eða fljúgandi? Við getum náttúrulega ekki tekið Héppa með okkur í flugvél.

–Þá förum við akandi, sagði hún. –En settu nú hundinn aftur í bíur og komdu með mér í rúmið.

Hann stirðnaði og virti hana fyrir sér.

–Ég gæti ekki afborið að missa þig í annað sinn, sagði hann svo.

–Það gerist ekki ef ég fæ einhverju ráðið, en þú munt alltaf spjara þig, Bray. Ástin gefur manni nefnilega styrk til að þrauka og þreyja hvað sem vera skal.

Svarið virtist vera honum að skapi því að hann lagði hundinn gætilega frá sér á teppi á gólfinu, tók síðan Mallory í fangið og lagði hana á sófann.

Ástin gat gert kraftaverk.

Stundum þurfti fólk bara að sýna svolitla þolinmæði.

Rauða  serían

Hægt er að kaupa hljóðbækur og rafbækur

á raudaserian.is – þegar ykkur hentar

Ástarsögur – Ást & afbrot – Örlagasögur
Sjúkrahússögur – Ást & óvissa – Ást & undirferli


Ásútgáfan

Sveighús 2 · Sími 660 6717

Næsta bók:

Ástarsögur

Hefðardaman

Nancy Robards Thompson

Lafði Chelsea Ashford Aiden er fallin í ónáð eftir að fyrrverandi unnusti hennar niðurlægði hana opinberlega. Breska slúðurpressan nærast á einkalífi hennar. Á flóttanum undan ljósmyndurunum er aðeins einn staður þar sem villuráfandi aðalskona getur fengið frið uns hneykslið gleymist; bústaður bestu vinkonu hennar í Celebration í Texas.

Í stað þess að standa innbrotspjóf að verki gerir stórbóndinn Ethan Campbell gullfallegr ljóska í baðkari meira en lítið hverft við. Chelsea leynir því hver hún er í raun. Hún leynir því hins vegar ekki að hún heillast af þessum hávaxna, dökkhærða og fjallmyndarlega kúreka. Ethan hefur elskað og orðið fyrir ástarsorg. Þar til hann hitti Chelsea hélt hann að hann myndi aldrei elska konu framar. Honum er hins vegar ókunnugt um leyndarmál hennar og ef hún skýrir frá því er viðbúið að hann leggi á flótta en ekki hún.